# FRÉTTABLAÐIÐ

167. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 20. JÚLÍ 2019




# Tíminn læknar ekki öll sár

Maður heldur áfram af því að maður verður að gera það.

Flosi Eiríksson segist hafa stokkið af háa brettinu í djúpu laugina er hann tók við starfi framkvæmdastjóra Starfsgreinasambandsins í miðjum kjaraviðræðum í vetur. Hann ræðir um líf og störf, sáran missi og hlutskipti sitt sem ekkill.

18

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Marglytturnar synda yfir Ermarsund

Skilja áhyggjurnar eftir í sjónum. 22



## Doktor á traktor

Það er enginn pirraður á Kurt sem fer hringveginn á traktor. 16



## Bikaróði Brassinn

Dani Alves bjó við kröpp kjör í æsku. 26










## Veður




Norðaustan 5-13 m/s. Súld eða rigning með köflum norðan- og austanlands, en skýjað með köflum og þurrt að mestu sunnan- og vestanlands. Heldur hægari vindur. SJÁ SÍÐU 32




Stena Impero á siglingu.

# Íranar hertóku breskt olíuskip

**ÍRAN** Breska olíuflutningaskipið Stena Impero var í gær tekið yfir af íranska hernum á Persaflóa. CNN segir að olíuflutningaskipið Mezdar frá Líberíu hafi einnig verið tekið.

Segir í frétt BBC að Íranar beri því við að áhöfnin haf brotið þrjár reglur við siglingu í landhelgi Írans.

Breska þjóðaröryggisráðið hefur verið kallað saman og er atvikið talið grafalvarlegt. **– oæg**

## Götubitar á Miðbakka



Fyrsta götubitahátíðin á Íslandi – Street Food Festival – er haldin um helgina á Miðbakkanum í Reykjavík. Þar fer fram keppnin „Iceland Street Food Award“. Sigurvegarinn keppir síðan ytra fyrir Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá Miðbakka er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Dómstóll túlki ákvæði um málefni starfsfólks

**STJÓRNSÝSLA** Seðlabankinn telur mikilvægt að fá úrlausn dómstóla um aðgang að upplýsingum um málefni starfsmanna ríkisins og túlkun á ákvæði upplýsingalaga þar að lútandi, meðal annars með vísan til reikulla úrskurða úrskurðarnefndar um upplýsingamál um ákvæðið.

Þetta kemur fram í athugasemd frá Seðlabankanum til Fréttablaðsins vegna umfjöllunar um námsstyrki bankans til starfsmanns og til frekari skýringar á kröfu bankans um frestun á réttaráhrifum úrskurðar um afhendingu samnings við fyrrverandi starfsmann.

Í erindi bankans er vísað til þeirrar meginreglu í upplýsingalögum að réttur til aðgangs að upplýsingum taki almennt ekki til umsókna um störf, framgang í starfi eða starfssambandið að öðru leyti. Frá þeirri reglu séu undanþágur sem lúti að upplýsingum um umsækjendur starfa hjá hinu opinbera, nöfn opinberra starfsmanna og starfssvið, föst launakjör annarra starfsmanna en æðstu stjórnenda, launakjör æðstu stjórnenda og áherslu og kröfur um árangur í starfi æðstu stjórnenda sem fram koma í ráðningarsamningi eða öðrum gögnum, og upplýsingar um menntun þeirra.

Að mati bankans taka framangreindar undanþágur ekki til málefna fyrrverandi framkvæmdastjóra gjaldeyriseftirlitsins. Vegna hagsmuna bankans, annarra opinberra aðila og starfsmanna sem kunni að verða skertir sé aðgangur veittur að upplýsingum sem varða starfsamband þeirra, sé mikilvægt að fá úrskurð dómstóla um túlkun ákvæðisins. Athugasemd bankans í heild er á frettabladid.is.

**– aá /** **sjá síðu 4**




# Forstjóri segir einfalt að réttlæta ákvarðanir

Ákveðin kaflaskil hafa orðið með því að vél ALC er farin úr landi að sögn forstjóra Isavia. Staðan til að innheimta skuld WOW hafi versnað. Hægt sé að draga lærdóm af málinu en ekki sé hægt að kalla einstaklinga til sérstakrar ábyrgðar.

**VIÐSKIPTI** „Þetta eru ákveðin kaflaskil þegar vélin fer frá Íslandi. Það breytir náttúrulega stöðunni talsvert,“ segir Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia, en Airbus-þota bandaríska félagsins ALC hélt af landi brott í gær.

Vélin hafði þá verið kyrrsett á Keflavíkurflugvelli frá því í lok mars sem trygging fyrir ógreiddum skuldum WOW við Isavia upp á um tvo milljarða króna. Sveinbjörn segir stöðu Isavia til að innheimta skuldina eiga eftir að skýrast en hún hafi veikst.

„Þá stöndum við bara frammi fyrir því að þurfa að afskrifa þessa fjármuni. Það mun ekki hafa einhver afgerandi áhrif á rekstur Isavia til framtíðar. Við stöndum fjárhagslega mjög vel og þolum það vel að afskrifa þessa fjármuni,“ segir Sveinbjörn.

Vissulega sé um risastóra upphæð að ræða en það skipti miklu máli að þarna sé ekki um fjármuni að ræða sem Isavia þurfi að reiða fram heldur einfaldlega tekjur sem ekki náist að innheimta.

Ekki megi heldur gleyma því að á síðustu níu mánuðunum í lífi WOW sem oft séu kallaðir hinir krítísku mánuðir hafi Isavia haft óflugtengdar tekjur af farþegum WOW. „Við erum búin að reikna það út að það eru líka tveir milljarðar. Það skilar sér inn á bankareikninginn.“

Aðspurður segir Sveinbjörn að hægt sé að draga lærdóma af málinu. „Ég efast um það að við munum nokkurn tímann aftur fara með vanskil upp í þessa tölu. Ég held líka að við munum ekki aftur láta líða svona langan tíma þangað til við grípum inn í.“

Sveinbjörn segir að miðað við þær upplýsingar sem legið hafi fyrir á hverjum tíma myndi hann taka sömu ákvörðun aftur. „Það þarf að setja allt þetta mál í stærra samhengi. Þetta er ofboðslega langur tími sem líður frá því að WOW air byrjar sitt fjármögnunarverkefni þangað til félagið fer endanlega á hliðina.“

Allar ákvarðanir hafi verið teknar með upplýstum hætti og verið viðskiptalegs eðlis. „Við sjáum bara áhrifin hérna þegar WOW air fellur. Það er mjög einfalt fyrir okkur að réttlæta það að þessar ákvarðanir voru viðskiptalega réttar.“ Það hafi verið margir kröfuhafar í kringum WOW sem hafi einhvern veginn verið samstiga um það að verða ekki þúfan sem velti hlassinu.

Sveinbjörn tók við starfi forstjóra Isavia fyrir rúmum mánuði. Þá hafði hann gegnt starfinu tímabundið ásamt Elínu Árnadóttur aðstoðarforstjóra frá því að Björn Óli Hauksson lét af störfum um miðjan apríl. Áður var Sveinbjörn framkvæmdastjóri fjármálasviðs Isavia.

„Ég ætla alls ekkert að skafa utan af því að ég var upp fyrir haus í öllum þessum ákvörðunum frá a til ö. Ég held alls ekki að það sé hægt að kalla einhvern einn eða einhverja hópa til einhverrar sérstakrar ábyrgðar. Ég tel enn þá að við höfum verið réttu megin við strikið.“

**sighvatur@frettabladid.is**



**Airbus-þota ALC yfirgefur Keflavíkurflugvöll í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Þá stöndum við bara frammi fyrir því að þurfa að afskrifa þessa fjármuni.**
>
> Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia






FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bragðsprengja á Miðbakkanum

Á Miðbakkanum í Reykjavíkurhöfn er nú mikið um dýrðir því þar fram um helgina svokölluð götubitahátíð eða Street Food Festival eins og viðburðurinn kallast á ensku. Auk götubita af margvíslegu tagi eru þar básar fyrir pop-up verslanir, bar og sölu- og matarmarkaður. Keppnin „Iceland Street Food Awards“ fer fram og þar er keppt um titilinn „Besti götubitinn 2019“. Sigurvegarinn tekur síðan þátt fyrir Íslands hönd í alþjóðlegri keppni í Malmö í Svíþjóð í haust. Frítt er inn á hátíðina.















HÚSASMIÐJAN
blómaval
Skoðaðu útsölublaðið á husa.is
Sumar
ÚTSALA
Húsasmiðjunnar og Blómavals
Allt að 50% afsláttur
Sláttuvélar 25-35%
Viðarvörn og pallaolía 20%
Broil King grill og fylgihlutir 25-30%
Hekkklippur og orf 25-40%
Sumarblóm og trjáplöntur 30-50%
Pottar og pönnur 30%
Blöndunartæki 25%
Elkop tröppur og stigar 30%
Glös og matarstell 30%
Garðhúsgögn 25-40%
Lady málning 25%
Útipottar 30%
Reiðhjól -30-40% • Pallaolía -20% • Orf og keðjusagir -25-30% • Mosatætarar -30-40%
Fatnaður -25% • Strauborð og herðatré -25% • Garðúðarar, byssur og slönguhjól -25-50%
Garðstyttur -30% • Garðáhöld og verkfæri -25-40% • Valdar flísar og parket -40%
Skjólgirðingar -20-25% • Pallastiklur -20% • Útiljós -20%
... auk hundruð annarra útsölutilboða
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**TÖLUR VIKUNNAR** 14.07.2019 TIL 20.07.2019

**450**
jarðir eru í eigu ríkisins. Flestar þeirra eru í ábúð og leigðar út en sumar eru eyðijarðir.



**25%**
af ferskvatni heimsins fara í ræktun matvæla sem aldrei eru borðuð.



**420**
milljarðar króna er samanlagt eigið fé Landsbankans og Íslandsbanka.



**10**
ár eru liðin frá því að Ísland sótti um aðild að Evrópusambandinu. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra skrifuðu undir umsóknina.



**67.000**
árekstrar gætu orðið á hverju ári ef rusl heldur áfram að safnast saman í geimnum.



## Þrjú í fréttum
## Tilnefning, takkaskór og tollar

**Hildur Guðnadóttir**
*tónskáld*



hlaut tilnefningu til hinna virtu Emmy-verðlauna fyrir tónlist sína í þáttunum Chernobyl. Tilnefningin kom Hildi, sem slysaðist inn í heim kvikmyndatónlistar, verulega á óvart og segir hún hana mikinn heiður.

**Willum Þór Þórsson**
*þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjármálanefndar Alþingis*



stökk til og dæmdi nokkra leiki á Símamótinu í fótbolta um helgina og hafði lítið fyrir því enda reyndur leikmaður og þjálfari.

**Kristján Þór Júlíusson**
*landbúnaðarráðherra*



boðaði til breytinga á innflutningskerfi sem gilt hefur um landbúnaðarvörur. Ráðherrann vill styðjast við „hollenskt útboð“ við úthlutun tollkvóta , sem þykir sanngjarnara en hið íslenska.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning**
Það kostar ekkert.

# Gáfu 132 milljónir í námsstyrki

**Seðlabankinn hefur veitt 906 námsstyrki frá árinu 2009 fyrir alls 132 milljónir króna. Fræðslustefna bankans miðar að því að auka færni í starfi en ekki að veita styrki til að nota sem starfslokasamning.**



**Már Guðmundsson seðlabankastjóri samdi við undirmann um styrk til náms í Bandaríkjunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**STJÓRNSÝSLA** Seðlabankinn greiddi 132 milljónir króna í námsstyrki frá því í ágúst 2009 til maí á þessu ári. Alls veitti Seðlabankinn 906 námsstyrki á tímabilinu. Er meðalupphæð námsstyrkjanna rúmar 145 þúsund krónur.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær fékk Ingibjörg Guðbjartsdóttir, þáverandi framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlitsins, háan styrk og laun án kröfu um vinnuframlag árið 2016 til að stunda nám við Harvardháskóla í Bandaríkjunum. Hún sagði upp störfum við bankann að náminu loknu.

Fram kemur í greinargerð sem Arnar Þór Stefánsson lögmaður vann fyrir Seðlabankann að upphaflega hafi staðið til að greiða Ingibjörgu 12 mánaða laun, en því var síðan breytt eftir tillögu Seðlabankans í námsstyrk og hlutfall af launum.

Í fræðslustefnu Seðlabankans segir að bankinn leggi áherslu á að starfsfólk eigi kost á fræðslu og þjálfun sem auki hæfni þess í starfi. Segir að til að ná þeim markmiðum að efla og viðhalda þekkingu starfsmanna skuli Seðlabankinn verja 1,5 prósentum af greiddum launum starfsfólks árlega til fræðslumála. Þar af eiga framkvæmdastjórar hvers sviðs að ráðstafa 1,2 prósentum.

Fræðslustefnan miðar öll að því að nám starfsfólks sé með þeim hætti að það nýtist bankanum. Ekki er þó sérstaklega tekið fram að starfsmaðurinn sé skuldbundinn að starfa fyrir bankann í tiltekinn tíma að náminu loknu.



**Ingibjörg Guðbjartsdóttir.**

Samkvæmt greinargerðinni var Ingibjörg, sem hóf störf við bankann sumarið 2009, óánægð í starfi og ræddi möguleg starfslok við bankann í lok árs 2011.

Snemma árs 2012 gerði Ingibjörg munnlegan samning við Má Guðmundsson seðlabankastjóra um að starfa í bankanum í minnst tvö ár í viðbót. Sagði hún upp störfum hjá Seðlabankanum í árslok 2017 að náminu loknu, hafði hún þó í millitíðinni unnið greinargerð fyrir bankann. Var námsleyfið eiginlegur starfslokasamningur en ekki leyfi til þess ætlað að auka hæfni í starfi líkt og kemur fram í fræðslustefnu bankans.

Fréttablaðið hefur óskað eftir að fá afrit af samningi Seðlabankans við Ingibjörgu, úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur sagt að Seðlabankanum sé skylt að afhenda skjalið en bankinn hefur óskað eftir frestun réttaráhrifa. Mun úrskurðarnefndin á næstunni skera úr um hvort málið fari fyrir dómstóla eða ekki.

**arib@frettabladid.is**
**adalheidur@frettabladid.is**

### 906 námsstyrkir frá 2009

| Tímabil | Fjöldi styrkja | Heildarupphæð |
|---|---|---|
| 20. ágúst 2009 til ársloka 2013 | 384 | 53.087.031 |
| 2014 til 1. maí 2019 | 522 | 78.961.764 |
| 20. ágúst 2009 til 1. maí 2019 | 906 | 132.048.795 |



ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep® THERE'S ONLY ONE




**Einfalt reikningsdæmi: 3+4 = 7 ára ábyrgð**

Toyota á Íslandi býður sjö ára ábyrgð með öllum nýjum bílum. Frá stofnun hefur Toyota vandað sig við að rækta sambandið við viðskiptavini með öflugri þjónustu. Með sjö ára ábyrgð Toyota leggjum við grunninn að enn betra langtímasambandi.

**Kynntu þér 7 ára ábyrgð Toyota nánar á toyota.is**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**MEST LESIÐ**

1 Sólrún Diego sendir lögmenn á DV

2 Engin ákæra gefin út vegna andláts ungu konunnar

3 E. coli-smit í Efstadal 2 eftir að gripið var til aðgerða

4 Ásta um Birgittuárin: „Er enn að vinna mig úr þessu tímabili.“

5 Hafði hótað að skera kærustu hins stungna á háls

## Siðareglur eftir deilur og ósætti

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Pírata tala hver við annan en ekki hver um annan samkvæmt siðareglum þingflokksins sem settar voru á síðasta kjörtímabili.

„Þetta er upprunnið úr deilum sem komu upp innan flokksins á þar seinasta kjörtímabili,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata. Mikilvægt sé að þingmennirnir hafi þessi viðmið um samskipti. Sér í lagi á Alþingi þar sem fólk komi saman til að vera ósammála. „Þá getur hin almenna skynsemi auðveldlega dottið út.“

Undanfarna daga hafa Píratar rætt opinskátt um framkomu Birgittu Jónsdóttur, fyrrverandi formanns flokksins. Myndband af ræðu Helga Hrafns um samskiptavanda vakti athygli. Þá hafa bæði Ásta Guðrún Helgadóttir, fyrrverandi þingmaður, og Sara Elíza Þórðardóttir varaþingmaður greint frá erfiðum samskiptum við Birgittu.



**Helgi Hrafn Gunnarsson þingmaður Pírata.**

„Ein reglan er sú að við tölum ekki um fólk heldur við það,“ segir Helgi. „Það kemur alveg fyrir að eitthvert okkar segi eitthvað á borð við: „Þessi er nú svolítið svona eða hinsegin.“ Þegar það kemur upp hjá okkur þá þarf ekki nema einn í hópnum að segja bara „nei við tölum við hann eða hana en ekki um hann eða hana“. Þannig eru áhrifin sem svona baktal getur haft bara kæfð í fæðingu,“ segir Helgi.

Helgi segir reglurnar settar fram sem jákvæðar staðhæfingar í stað skipana. „Við segjum til dæmis „Við berum sjálf ábyrgð á eigin tilfinningum“ en ekki „Berðu ábyrgð á eigin tilfinningum“.“ Sjá má siðareglur Pírata á frettabladid.is. **– bdj**



**Skipið Zuiderdam sem er hér í Sundahöfn fær góða einkunn hjá umhverfissamtökunum Friends of the Earth sem birtist í júní.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Telja skemmtiferðaskipin á réttri leið í mengunarmálum

Hafnarstjórar Faxaflóahafna og Akureyrarhafnar eru sammála því að langt sé í að stærstu skemmtiferðaskipin geti tengst rafmagni í höfnum landsins sem myndi draga úr loftmengun. Fyrst þurfi að byggja upp innviði sem dugi minni skipunum. Komum skemmtiferðaskipa hefur fjölgað mikið á undanförnum árum.

**UMHVERFISMÁL** „Þessu fylgir auðvitað mengun eins og öllum ferðamáta en það eru eiginlega allir á fleygiferð við að bæta ástandið. Mér finnst við varla hafa séð reyk úr þessum skipum í sumar. Maður sér miklar breytingar milli ára,“ segir Pétur Ólafsson, hafnarstjóri á Akureyri, um mengun af völdum skemmtiferðaskipa.

Í ár er gert ráð fyrir að komur skemmtiferðaskipa til Akureyrar verði 208 en þær voru 179 á síðasta ári. Á meðan skipin liggja í höfn nota þau dísilolíu eða skipagasolíu til að framleiða rafmagn.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, segir ástandið almennt séð ágætt. „Eigendur þessara skipa sem eru að koma eru allir af vilja gerðir. Þeir vita það auðvitað að ef þeir eru ekki að reyna að draga úr umhverfisáhrifum þá lenda þeir bara í vandræðum sjálfir.“




**Umhverfiseinkunn Friends of the Earth 2019**

| Nokkur skip sem hafa viðkomu í júlí | Farþegar og áhöfn | Loftslags-einkunn | Heildar-einkunn |
|---|---|---|---|
| Queen Victoria | 3.200 | F | C- |
| MSC Orchestra | 4.187 | F | F |
| Zuiderdam | 3.200 | B- | A- |
| Queen Mary 2 | 3.948 | B- | A- |
| Disney Magic | 3.754 | F | C- |

Samkvæmt árlegu útstreymisbókhaldi losuðu skip 47.500 tonn af koltvísýringi innan hafnarsvæða Faxaflóahafna á síðasta ári. Tæpur þriðjungur losunarinnar var vegna skemmtiferðaskipa eða rúmlega 14 þúsund tonn.

„Við höfum talað gegn svartolíunni býsna lengi og nú taka gildi um næstu áramót reglur þar sem verður dregið verulega úr brennisteinsinnihaldinu. En að vísu er alltaf þessi koltvísýringslosun sem fylgir skipunum. Ég held að menn séu á réttri leið en þetta tekur tíma,“ segir Gísli. Það sé gott skref og skipin muni þá keyra á eins hreinni olíu og kostur sé og þar með dragi verulega úr útblæstri óheilnæmra efna.

Pétur hefur í sumar tekið saman gögn úr skipunum sem komið hafa til Akureyrar þótt ekki hafi allir skilað. Samkvæmt þeim eru langflest skipin að nota olíu með brennisteinsinnihaldi undir þeim mörkum sem tekin verða upp um næstu áramót.

„Það verður eflaust ekki mikil breyting á losuninni fyrr en við náum að tengja eitthvað af þessum smærri skemmtiferðaskipum við rafmagn í höfnum. Við erum að skoða það og bíðum skýrslu sem er væntanleg með haustinu,“ segir Gísli.

Hann segir að það þurfi líka að horfa á flutningaskipin sem séu álíka stór hluti losunarinnar. „Flutningaskipin taka minni orku þannig að það er viðráðanlegt að setja tengingar fyrir þau. Það er það sem við erum að setja á áætlun hjá okkur.“

Þegar komi hins vegar að raftengingu stærri skipanna við hafnir sé það spurning hvenær slíkt verði valkostur. Hver tenging kosti að minnsta kosti einn milljarð króna. „Í stærstu tengingunum þyrftu stjórnvöld að koma að. En það væri ekki nóg að tengja bara í Reykjavík, því það koma líka mjög mörg skip til Ísafjarðar og Akureyrar. Það er framtíðarsýnin en við eigum auðvitað að byrja á því sem við ráðum við og það er planið.“

Pétur Ólafsson tekur undir með Gísla og segir langt í að hægt verði að tengja stærri skipin á Akureyri. „Við erum núna að undirbúa lengingu einnar bryggju hjá okkur og ætlum að gera klárt til að hægt sé að draga í háspennukapla fyrir minni skemmtiferðaskip. En þetta er gríðarlegur kostnaður og það hefur enginn komið að þessu með okkur enn þá.“

Hann segist áætla að kostnaður við það að koma fyrir lögnum og gera innviði klára fyrir eina bryggju sé um 500 milljónir króna. Sótt hafi verið um styrk í tengslum við samgönguáætlun en ekkert svar borist enn þá. **sighvatur@frettabladid.is**

# Hefðu þótt tíðindi að stærsti flokkurinn mældist með 19 prósent

**STJÓRNMÁL** Miðflokkurinn mælist með 14,4 prósenta fylgi á sama tíma og fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur aldrei mælst minna, eða 19 prósent. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar könnunar MMR á fylgi flokka á Alþingi.

„Það er alltaf óvarlegt að taka of mikið mark á einni könnun. Við þurfum að sjá fleiri kannanir til að sjá hvort þetta sé varanleg breyting,“ segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. „Það er mjög athyglisvert að sjá Sjálfstæðisflokkinn fara niður, ekki mjög mikið að vísu, og Miðflokkurinn er að bæta verulega í. Miðað við hvað hinir hreyfast lítið þá er ekki ólíklegt að eitthvert fylgi fari frá Sjálfstæðisflokknum yfir á Miðflokkinn án þess að hægt sé að fullyrða það.“

Píratar mælast næststærsti flokkurinn með 14,9 prósenta fylgi. Samfylkingin er fjórði stærsti flokkurinn með 13,5 prósenta fylgi. Viðreisn og Vinstri græn mælast með rúmlega tíu prósenta fylgi. Framsókn mælist svo með 8,4 prósent fylgi. Flokkur fólksins og Sósíalistaflokkurinn mælast með fylgi undir fimm prósentum.

„Það er athyglisvert að sjá að fylgi stjórnarflokkanna samanlagt er það minnsta sem hefur mælst frá kosningum, rúm 40 prósent. Það kemur ekki á óvart því það hefur verið tilhneigingin hér á landi frá hruni að stjórnarflokkar hafa tapað fylgi, það gerist tiltölulega hratt,“ segir Ólafur. „Það er athyglisverðast til lengri tíma litið hvað dreifing fylgisins er mikil. Það hefðu einhvern tímann þótt tíðindi að stærsti flokkurinn mældist með 19 prósenta fylgi.“ **– ab**






# TAXFREE* AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM DAGANA 18.-22. JÚLÍ

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga

## Jörð skalf í Aþenuborg

**GRIKKLAND** Jarðskjálfti, 5,3 stig, skall á grísku höfuðborginni Aþenu í gær.

Samkvæmt gríska miðlinum Kathimerini bárust engar tilkynningar um alvarleg meiðsli eða alvarlegt tjón á eignum en upptök skjálftans voru um 23 kílómetra norðvestur af borginni.

Rafmagn fór af og fjarskiptanet urðu óvirk í ýmsum hverfum borgarinnar eftir að skjálftinn reið yfir. Að sögn breska ríkisútvarpsins, BBC, voru áhrifin mest í miðborginni. Þurfti því að kalla út slökkvilið til þess að bjarga fólki – milli tíu og tuttugu manns – sem hafði lokast inni í lyftum vegna rafmagnsleysisins.

„Það er engin ástæða til þess að hafa áhyggjur. Byggingar höfuðborgarinnar eru hannaðar til þess að standa af sér mun öflugri skjálfta en þennan,“ sagði Efthymios Lekkas, yfirmaður jarðskjálftavarnastofnunar Grikklands.

Biðlaði hann jafnframt til íbúa Aþenu og nærliggjandi bæja að örvænta ekki.

Þetta var fyrsti jarðskjálftinn sem Aþenubúar finna fyrir frá því í september 1999. Samkvæmt þeim sérfræðingum sem BBC vitnaði til átti skjálftinn nú upptök á nærri sama stað og skjálftinn þá, það er að segja við Parnitha-fjall.

Skjálftinn sem reið yfir fyrir tuttugu árum var hins vegar mun skaðlegri. 143 fórust og tugir þúsunda bygginga skemmdust. **– þea**

## Fjöldamorð í Japan



**Lögreglan í japönsku borginni Kyoto rannsakaði í gær framleiðsluhús teiknimyndaframleiðslufyrirtækisins Kyoto Animations sem brann á fimmtudag. Lögreglu grunar að 41 árs gamall karlmaður sem sakaði fyrirtækið um ritstuld hafi kveikt í byggingunni og drepið 33 starfsmenn.** NORDICPHOTOS/AFP

## Afstöðuleysi Bretlands í Huawei-máli skaðlegt

**BRETLAND** Næsti forsætisráðherra Breta, hvort sem það verður Boris Johnson eða Jeremy Hunt, þarf að drífa í því að taka ákvörðun um þátt kínverska tæknirisans Huawei í 5G-væðingu fjarskiptanets landsins. Þessi afstaða var afrakstur fundar upplýsinga- og öryggismálanefndar breska þingsins í gær.

Huawei hefur sætt harðri gagnrýni og þungum ásökunum í Bandaríkjunum. Þar hefur fyrirtækið verið sett á svartan lista, í viðskiptabann, og verið sakað um að stunda njósnir fyrir kínversk stjórnvöld. Bandaríkjamenn hafa biðlað til bandamanna sinna um að stunda ekki viðskipti við kínverska risann.

Breska þjóðaröryggisráðið, sem fráfarandi forsætisráðherra, Theresa May, hefur stýrt, ákvað í apríl að Huawei fengi ekki að koma að mikilvægustu þáttum fjarskiptauppbyggingarinnar en endanleg ákvörðun í málinu liggur hins vegar ekki enn fyrir. Leiðtogaskiptin hafa tafið ferlið, að því er Reuters greinir frá.

„Svo mikilvæg ákvörðun þarfnast vandlegrar umhugsunar. En þessi mikla töf er nú að valda verulegum skaða. Hún skaðar tengsl okkar við umheiminn og því er áríðandi að taka ákvörðun,“ sagði í yfirlýsingu frá nefndinni.

Þá sagðist nefndin enn fremur telja heppilegast að fleiri aðilar kæmu að 5G-væðingunni til að fyrirbyggja árásir. **– þea**

# Kastast í kekki á milli Japans og Suður-Kóreu

**Mikið ósætti er á milli Japans og Suður-Kóreu vegna úrskurðar um bætur fyrir nauðungarvinnu síðustu aldar. Utanríkisráðherra Japans skammaði suðurkóreska sendiherrann. Karlmaður stytti sér aldur í mótmælaskyni.**

**JAPAN** Taro Kono, utanríkisráðherra Japans, kallaði sendiherra Suður-Kóreu á fund til sín í gær. Þar húðskammaði Japaninn sendiherrann Nam Gwan-pyo fyrir að Suður-Kórea hafi ekki samþykkt kröfu Japana um að þriðji aðili dæmdi í áratugagamalli deilu ríkjanna.

Málið snýst um bætur fyrir þá Kóreumenn sem voru látnir vinna nauðungarvinnu þegar Japan hélt Kóreuskaganum frá 1910 til 1945. Suðurkóreskur dómstóll úrskurðaði svo á síðasta ári að tvö japönsk fyrirtæki þyrftu að greiða bætur en Japansstjórn lítur svo á að málið hafi verið til lykta leitt með undirritun sáttmála árið 1965

Að sögn Kono höfðu Japanar gefið Suður-Kóreumönnum frest til fimmtudagsins til þess að samþykkja kröfuna. Reuters greindi frá því á fimmtudaginn að Japan íhugaði að leita til Alþjóðadómstólsins og ekki lítur út fyrir að ríkin muni útkljá málið án aðstoðar.

Sagði Kono að Suður-Kórea ætti að leiðrétta úrskurð dómstólsins hið fyrsta. „Það sem suðurkóresk stjórnvöld gera nú er í raun að grafa undan stoðum alþjóðasamfélagsins eins og það hefur verið frá lokum síðari heimsstyrjaldar.“

Nam svaraði fyrir ríki sitt og sagði Suður-Kóreu vinna nótt sem nýtan dag að því að skapa umhverfi þar sem hægt væri að útkljá mál sem þessi á þann hátt sem báðum ríkjum þætti þóknanlegur og myndi ekki skaða tengsl ríkjanna. Suður-Kórea hefði nú þegar lagt fram tillögur um hvernig hægt væri að ná sáttum.

„Heyrðu mig nú,“ sagði Kono þá. „Við höfum nú þegar sagt Suður-Kóreumönnum að tillaga þeirra sé algjörlega óásættanleg. Hún myndi ekki laga ástandið þar sem brotið er gegn alþjóðalögum. Það er gríðarlega ósvífið að leggja fram slíka tillögu á ný og þykjast ekki vita það,“ sagði ráðherrann en hvorugur mannanna greindi frá því hvað fólst í tillögunni.



**Utanríkisráðherrann og sendiherrann funduðu í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

**» Deilan snýst um bótagreiðslur til þeirra Kóreumanna sem látnir voru vinna nauðungarvinnu á síðustu öld.**

Á sama tíma og þessi deila stendur sem hæst hefur Japan þrengt reglur um útflutning á vörum til Suður-Kóreu. Stjórnvöld í Japan segja málin ótengd en þau hafa reitt marga Suður-Kóreumenn til reiði.

Þannig greindi Reuters frá því í gær að verslunareigendur hefðu fjarlægt allar japanskar vörur úr hillum sínum og slökkviliðið í höfuðborginni Seúl sagði frá því að 78 ára gamall karlmaður hefði lagt bíl sínum fyrir utan japanska sendiráðið í gær og kveikt í bílnum meðan hann sat í honum. Karlmaðurinn lést af sárum sínum en greint hefur verið frá því að faðir hans var einn þeirra sem var látinn vinna nauðungarvinnu í síðari heimsstyrjöld.

**thorgnyr@frettabladid.is**

FLOREALIS



Vnr 12 74 03
Lyngonia
60 filmuhúðaðar töflur
sortulyngslaufsútdráttur

JURTALYF SEM HEFÐ ER FYRIR til meðferðar á einkennum vægrar, endurtekinnar sýkingar í neðri hluta þvagfæra, svo sem brunatilfinningu við þvaglát og/eða auknum þvaglátum hjá konum, **eftir að alvarleg veikindi hafa verið útilokuð af lækni.** Þetta lyf er jurtalyf sem hefð er fyrir og tilgreinda ábendingin fyrir notkun þess er eingöngu byggð á langri sögu um notkun lyfsins.

Lyngonia við vægum þvagfærasýkingum

Einstök lausn án sýklalyfja

Notkun fyrir konur, 18 ára og eldri: 2 töflur 2–4 sinnum á dag. Ekki nota Lyngonia ef þú ert með einhverja truflun á nýrnastarfsemi. Notið ekki lengur en viku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í öllum apótekum www.florealis.is




## Fullkominn frá öllum sjónarhornum.

Nýr Volkswagen T-Cross er eyðslugrannur, afar sprækur og sérstaklega skemmtilegur. Hann er hægt að fá í þrenns konar útfærslum, beinskiptan og sjálfskiptan. Meðal staðalbúnaðar má nefna sjálfvirka neyðarhemlun, akreinavara, fjarlægðaskynjara, margmiðlunartæki með 6,5" snertiskjá, aðgerðastýri, LED dagljós og LED afturljós. Í Life-útfærslunni, sem er millitýpan af T-Cross, bætast við alls konar þægindi eins og bakkmyndavél, margmiðlunartæki með 8" snertiskjá, App Connect snjallsímatenging, þráðlaus farsímahleðsla, regnskynjari, 16" álfelgur og margt fleira.

**Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!**
**www.hekla.is/vwerslun**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Raðklúður



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ekki er ofmælt að Fréttablaðið hafi í leiðurum lengst af talað fyrir daufum eyrum í umfjöllun um skelfilega bresti í réttarkerfinu sem birtust eftir hrun, ekki síst með stofnun embættis sérstaks saksóknara.

Grunsemdir um að ákveðið hafi verið að klína glæpum á fólk, sem lá vel við höggi og einstaka stjórnmálamenn og háværar raddir í samélaginu völdu til að hengja í hæsta gálga hafa nú fengið byr undir báða vængi svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Úrskurðir Mannréttindadómstóls Evrópu endurspegla raðklúður, sem styður tilfinninguna um að dómararnir í landinu hafi flotið með, fundið til nýrrar ábyrgðarkenndar og reynt að „standa í stykkinu“ við að gera upp hrunið.

Mannréttindadómstóllinn staðfestir að góðar reglur hafi verið látnar víkja æ ofan í æ.

Þó að Mannréttindadómstóllinn taki ekki endilega á efnisatriðum mála og skeri ekki úr um sekt eða sýknu, gefa umvandanir hans tilefni til að draga sorglegar niðurstöður margra mála í efa. Ábyrgðin er mikil því hverjum einasta dómi fylgir harmleikur, sem snertir miklu fleiri en þá dæmdu.

„Það eru blendnar tilfinningar sem vakna á stundu sem þessari, bæði gleði en á sama tíma reiði. Gleði yfir réttlætinu en reiði yfir því að einhverjir dómarar séu svo ákafir að dæma einhvern að þeir séu tilbúnir að fórna almennum mannréttindum fólks um réttláta málsmeðferð og einnig fara á svig við sjálfsagt réttarfar,“ skrifaði Styrmir Þór Bragason, sem Hæstiréttur dæmdi í fangelsi í máli sem kennt hefur verið við Exeter, þegar niðurstaða Mannréttindadómstólsins lá fyrir í vikunni.

Þann daginn bættust enn tvær fréttir í safnið frá Mannréttindadómstólnum um raðklúðrið í íslenska dómskerfinu: „Mig langar að tileinka þennan sigur börnunum mínum sem þurftu að upplifa ótrúlega hegðun af hálfu ýmissa aðila á meðan á þessu máli stóð,“ bætti Styrmir við.

Annar maður, sem var í svipaðri stöðu eftir annan úrskurð Mannréttindadómstólsins, skrifaði blaðinu í tölvupósti: „Ég hef lært mikið um mig og lífið sjálft síðustu ár. Ég vil að börnin mín séu stolt af því að vera Íslendingar. Það er erfitt að innræta þeim það. Okkar samfélag ætlar seint að draga lærdóm af því sem gerðist með upplýstri umræðu. Mannréttindadómstóllinn staðfestir hvert klúðrið á fætur öðru og enginn sætir ábyrgð.“

Fréttablaðið – og miðlar sem því tengdust til skamms tíma – getur verið stolt af því að hafa maldað í móinn, litið á mál frá fleiri en einni hlið og varað við hugsanlegu offorsi meðan mest gekk á í réttarsölunum. Það var ekki alltaf létt verk.

Flestir fjölmiðlar landsins stóðu þéttan vörð um kerfið, saksóknarann og dómstólana. Einmitt kerfið sem þeim ber að vakta. Þeir féllu í þá gryfju að finna handhafa sannleikans, sem yfirleitt fyrirfinnst ekki – ekki einu sinni hjá þeim sem fara með opinbert vald og hafa reikult almenningsálitið með sér.

**Fréttablaðið – og miðlar sem því tengdust til skamms tíma – getur verið stolt af því að hafa maldað í móinn, litið á mál frá fleiri en einni hlið og varað við hugsanlegu offorsi meðan mest gekk á í réttarsölunum.**

1989 30 ÁRA 2019
KOMDU Í KOLAPORTIÐ
OPIÐ ALLAR HELGAR
FRÁ KL. 11.00-17.00
KOLAPORTIÐ
DÁSAMLEG DEILD SAMFÉLAGSINS

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Bjarni og eistun

Í ekki-fréttum er þetta helst: Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, var kjörinn varaformaður bankaráðs Asíska innviðafjárfestingarbankans um síðustu helgi. Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, velti vöngum yfir því hvort slíkt samrýmdist siðareglum ráðherra. Bjarni brást ókvæða við: „Það er með miklum ólíkindum að sjá vangaveltur um brot á siðareglum ráðherra af þessu tilefni. Það vantar bara að menn segist hafa um það rökstuddan grun.“

### Ekki alltaf klúryrði

Laugardaginn 5. nóvember árið 1977 kom lögreglukona auga á plötu hljómsveitarinnar Sex Pistols í glugga Virgin hljómplötuverslunar í Nottingham á Englandi. Lögreglukonan gekk inn í búðina og gerði verslunarstjóranum að fjarlægja plötuna „Never mind the bollocks“ úr glugganum. Hún hélt því fram að orðið „bollocks“ í titlinum, sem útleggst sem eistu á íslensku, bryti í bága við lög um ósiðlegar auglýsingar frá árinu 1899. Verslunarstjórinn hlýddi en stillti plötunni út á ný þegar lögreglukonan var farin. Lögreglukonan sneri aftur með liðsauka og verslunarstjórinn var handtekinn.

Málið var tekið fyrir í sakadómi Nottingham þremur vikum síðar. Stjörnulögmaðurinn John Mortimer var verjandi verslunarstjórans og fylgdust fjölmiðlar með málinu af ákafa. Í vörn sinni færði Mortimer rök fyrir því að það væru alls ekki dónar sem hefðu einkarétt á notkun orðsins „bollocks“. Orðið ætti sér langa sögu, bæri mismunandi merkingu eftir samhengi og væri ekki alltaf klúryrði. Deildarstjóri enskudeildar Háskólans í Nottingham bar vitni fyrir dómnum. Sagði hann að um árið 1000 hefði „bollocks“ verið notað um litla hringlaga hluti. Í fornensku hefði orðið verið notað yfir presta sem töluðu tóma vitleysu. Það væri í merkingunni „vitleysa“ sem orðið væri notað á plötuumslagi Sex Pistols en rík hefð væri fyrir slíkri notkun í almennu máli.

„Í hvers konar landi búum við ef stjórnmálamaður heimsækir Nottingham, talar yfir hópi fólks í miðbænum og einhver hrópar „bollocks“?“ spurði John Mortimer í dómssal. „Viljum við að viðkomandi sé handtekinn eða viljum við búa í landi þar sem við megum vera stolt af engilsaxneskri tungu okkar? Viljum við að tungumálið sé vasklegt og þróttmikið eða útþynnt og aumt?“

### Rökstuddur grunur

Eins og frægt er orðið komst siðanefnd Alþingis að þeirri niðurstöðu að Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, hefði brotið siðareglur þingsins þegar hún notaði orðalagið „rökstuddur grunur“ í tengslum við ásakanir um að Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefði dregið sér fé í formi aksturskostnaðar.

Jón Ólafsson, heimspekingur og prófessor við Háskóla Íslands sem fór fyrir starfshópi ríkisstjórnarinnar um eflingu trausts á stjórnmálum, gagnrýndi siðanefnd Alþingis fyrir að hafa túlkað orðalag Þórhildar Sunnu með einstrengingslegum hætti. „Siðanefnd Alþingis kýs að skilja orðin „rökstuddur grunur“ svo, að þau hljóti að hafa þá tilteknu lögfræðilegu merkingu.“ Jón bætti við: „En lögfræðileg merking þessa orðasambands trompar alls ekki hversdagslega merkingu orðanna rök og grunur í pólitískum umræðum.“

Árið 1977 hafnaði sakadómur Nottingham einstrengingslegri túlkun lögfræðinga á orðinu „bollocks“. Verslunarstjóri hljómplötuverslunarinnar var sýknaður af öllum ákæruliðum.

Tungumál eru lifandi. Þau taka stöðugum breytingum. Með ummælum sínum í vikunni innsiglaði Bjarni Benediktsson – með skætingi – tangarhald lögfræðinga á orðasambandinu „rökstuddur grunur“.

Það er firra að ætla að lögfræðingar eigi einir orðasamband sem hefur skýra merkingu í almennu tali. „Rökstuddur grunur“ þýðir einfaldlega að einhver telji sig hafa vísbendingar fyrir einhverju. Ég fullyrði því hér með að „rökstuddur grunur“ sé um að röklaus veruleikinn inni á hinu háa Alþingi Íslendinga sé ríkisstyrktur farsi, innblásinn af leikhúsi fáránleikans.

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# SUMARTILBOÐ!
# BRIMBORGAR

## EINNIG:
## SUMARTILBOÐ Á NOTUÐUM BÍLUM

**OPIÐ Í DAG KL. 12-16**




### VOLVO V40 CROSS COUNTRY
**D2 Momentum Edition**
**120 hestafla dísil vél, 5 dyra og sjálfskiptur**

Búnaður innifalinn í D2 Momentum Edition umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmlitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós, Led lýsing í innréttingu, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

Verð: 5.238.000 kr.
**Sumartilboð: 4.390.000 kr.**

**-848.000 kr.**

**TAKMARKAÐ MAGN!**



**GEGGJUÐ TILBOÐ!**

### MAZDA 6 OPTIMUM
**2.0 bensín, 165 hö, sjálfskiptur**

Frábærir aksturseiginleikar og ríkulegur staðalbúnaður einkenna Mazda 6 Optimum. Leðuráklæði, rafstýrð framsæti, GPS vegaleiðsögn, Bose hljómkerfi með 11 hátölurum, lyklalaust aðgengi, 19" álfelgur, Bakkmyndavél og aðlögunarhæfur hraðastillir svo fátt eitt sé upptalið.

Verðlistaverð með aukabúnaði: 5.230.000 kr.
**Sumartilboð: 4.730.000 kr.**
Innifalinn aukabúnaður: Málmlitur.

**-500.000 kr.**



### FORD KUGA TITANIUM S AWD
**2.0 TDCi, dísil, 150 hö, 5 dyra og sjálfskiptur**

Leðuráklæði á sætum, upphitanlegt stýri, lyklalaust aðgengi og starthnappur, rafdrifinn afturhleri með skynjara, Apple CarPlay og Android Auto, SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi, leiðsögukerfi með Íslandskorti, 8" snerti/litaskjár í miðjustokk, Easy Fuel án skrúfaðs bensínloks, dökklitaðar rúður í farþegarými, LED dagljós, bakkmyndavél, bílastæðaaðstoð, nálægðarskynjari að framan og aftan, brekkuaðstoð, upphitanleg framrúða. Öryggispakki sem innifelur m.a.: Árekstrarvörn, veglínuskynjara, ökumannsvaka og umferðarskiltalesara. Aukabúnaður: Málmlitur, 10 Sony hátalarar og bassakeila í farangursrými.

Verð með málmlit: 6.400.000 kr.
**Sumartilboð: 5.790.000 kr.**

**-610.000 kr.**



### CITROËN C4 SPACETOURER FEEL
**1.2 Bensín 130 hö, sjálfskiptur 8 þrepa**

Há sætisstaða og gott útsýni einkennir C4 SpaceTourer. Staðalbúnaður er ríkulegur og má þar nefna, 7" snertiskjá, Bluetooth snjallsímatengingu, 16" álfelgur, tölvustýrða miðstöð, armpúða á framsætum og þrjú jafnstór sæti afturí svo auðvelt er að koma jafnvel þrem barnabílstólum fyrir.

Verðlistaverð með aukabúnaði 4.300.000 kr.
**Sumartilboð: 3.850.000 kr.**
Innifalinn aukabúnaður: Bakkmyndavél, raffellanlegir speglar og málmlitur.

**-450.000 kr.**



### PEUGEOT 2008 ALLURE
**1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur**

Peugeot 2008 Allure er glæsilegur og staðalbúnaður ríkulegur. Sætisstaðan er há og þú sest beint inn sem eykur þægindin. Vel fer um alla farþega. i-Cockpit ökumannsrýmið er einstakt og farangursrýmið er stærra en hjá mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.650.000 kr.
**Sumartilboð: 3.250.000 kr.**

**-400.000 kr.**



***Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér nýjan bíl á geggjuðu Sumartilboði!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**brimborg.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

## Selfoss reynir í þriðja skipti við bikarmeistaratitilinn




Selfoss lagði Fylki að velli með einu marki gegn engu þegar liðin mættust í undanúrslitum Mjólkurbikars kvenna í knattspyrnu á Würth-vellinum í Árbænum í gærkvöldi. Það var enski miðjumaðurinn Grace Rapp sem skoraði sigurmark Selfyssinga. Selfoss mun annaðhvort mæta KR eða Þór/KA í úrslitum en liðin etja kappi á Meistaravöllum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Bandaríski kylfingurinn JB Holmes er annar þeirra sem leiða eftir tvo hringi á opna breska. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tiger ekki í gegnum niðurskurðinn

**GOLF** Bandaríski kylfingurinn Tiger Woods féll í gær úr leik á opna breska meistaramótinu í golfi, The Open, sem er fjórða risamót ársins. Tiger náði sér ekki á flug á fyrstu tveimur hringjum mótsins sem fram fer á Royal Portrush-vellinum á Norður-Írlandi að þessu sinni.

Hann spilaði fyrsta hringinn á sjö höggum yfir pari vallarins en annar hringurinn var hins vegar betri en þar lék hann á einu höggi undir pari. Niðurskurðarlínan er miðuð við að leika hringina tvo á einu höggi yfir pari vallarins.

Tiger vann sinn fimmtánda risatitil þegar hann vann Masters-mótið í apríl fyrr á þessu ári. Þetta er í fyrsta skipti á þessari öld sem sigurvegari Masters-mótsins fer í kjölfarið ekki í gegnum niður-

**» Tiger Woods varð fyrsti kylfingurinn á þessari öld til að vinna Masters en fara svo ekki í gegnum niðurskurð á PGA og The Open.**

skurðinn á næstu tveimur risamótum, það er PGA-meistaramótið og opna breska.

Norður-ÍrinnRory McIlroy sem ætlaði sér stóra hluti á heimavelli sínum komst ekki í gegnum niðurskurðinn en hann kom í hús eftir annan hringinn á tveimur höggum yfir pari vallarins eftir sveiflukennda frammistöðu sína.

Bandaríkjamaðurinn JB Holmes og Írinn Shane Lowry eru efstir eftir fyrstu tvo hringina en þeir hafa báðir leikið þá á átta höggum undir pari vallarins.

Englendingarnir Tommy Fleetwood og Lee Westwood koma þar á eftir á sjö höggum undir pari vallarins. Cameron Smith, Justin Harding og Justin Rose eru svo í seilingarfjarlægð frá toppnum á sex höggum undir pari.

Brooks Koepka, sem ásamt Tiger þótti sigurstranglegur fyrir mótið, er ásamt Jordan Spieth, Andrew Putnam og Dylan Frittelli á fimm höggum undir pari fyrir lokahringina tvo sem leiknir verða í dag og á morgun.

Ítalinn Francesco Molinari sem á titil að verja á mótinu komst naumlega í gegnum niðurskurðinn en hann hefur leikið fyrri hringina tvo á einu höggi yfir pari vallarins. – hó

# Cloé farin til Benfica

**FÓTBOLTI** Knattspyrnukonan Cloé Lacasse sem leikið hefur með ÍBV frá árinu 2015 hefur gert samning við portúgalska liðið Benfica.

Cloé lék 89 leiki með ÍBV og skoraði í þeim leikjum 60 mörk en hún varð bikarmeistari með liðinu sumarið 2017. Benfica verður nýliði í portúgölsku efstu deildinni á komandi keppnistímabili.

Það er vonandi að Cloé, sem er fædd í Kanada en fékk nýlega íslenskan ríkisborgararétt og er orðin gjaldgeng með íslenska landsliðinu, gangi jafn vel að finna netmöskva andstæðinga sinna í Portúgal og hér heima.

Þetta er hins vegar gríðarleg blóðtaka fyrir ÍBV sem missir sinn mesta markaskorara fyrir lokasprett deildarinnar.




Cloé Lacasse leikur með Benfica.

ÍBV situr í áttunda sæti Pepsi Max-deildarinnar með níu stig og tveimur stigum frá fallsæti.

Eyjaliðið hefur hins vegar samið við bandaríska sóknarmanninn Brennu Loveru og fær hún það verðuga verkefni að fylla skarðið sem Cloé skilur eftir sig. – hó

# Guðbjörg var nálægt meti

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Spretthlauparinn Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir tryggði sér í gær farseðilinn í undanúrslit í 200 metra hlaupi á á Evrópumótinu í frjálsum íþróttum hjá frjálsíþróttafólki 20 ára og yngri sem fram fer í Borås í Svíþjóð um helgina.

Guðbjörg Jóna hljóp á tímanum 24,06 sekúndur í undanrásum í gær og skilaði það henni í annað sæti í hennar riðli. Sá tími er um það bil hálfri sekúndu frá Íslandsmeti hennar.

Tími Guðbjargar var sá tíundi besti í undanrásunum, en 16 hlauparar taka þátt í undanúrslitunum í dag og átta keppendur komast í úrslitahlaupið. Íslandsmet Guðbjargar, 23,45 sekúndur, er fjórði besti tími allra á mótinu og á hún því fína möguleika á verðlaunum.

Undanúrslitin byrja klukkan 8.40 í dag og úrslitahlaupið fer fram klukkan 16.25 síðdegis.

Valdimar Hjalti Erlendsson er kominn í úrslit í kringlukasti en hann kastaði 56,04 metra í undanúrslitum og átti fimmta lengsta kastið. Til þess að komast í úrslit þurfti að kasta 59 metra eða enda á meðal tólf efstu í báðum keppnishópum. Í seinni keppnishóp köstuðu aðeins fjórir lengra en Valdimar og því varð hann níundi inn í úrslitin sem fara fram á morgun.

Erna Sóley Gunnarsdóttir keppir í kúluvarpi í undanúrslitum klukkan 09.30 í dag. Erna á best 16,13 metra en til þess að komast í úrslit þarf hún að kasta 15,40 metra. Þórdís Eva Steinsdóttir komst ekki áfram í úrslit í 400 metra hlaupi. – hó

# LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS-HLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

ORKAN



## OSWALD
3ja sæta sófi og stóll

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

Grátt áklæði. Sófi stærð: 169 x 89 x 87 cm.

**Sófi fullt verð: 89.900 kr.** **Stóll fullt verð: 59.900**

Útsöluverð **53.940 kr.** Útsöluverð **35.940 kr.**

Sófi + stóll á aðeins **89.880 kr.**



Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði

## ZERO
hornsófi með tungu

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

Grábrúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 288 x 205 x 88 cm.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **113.940 kr.**



ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR

## AVIGNON
hægindastóll með inn-byggðum skemli

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Dökkgrátt, rautt eða svart PVC-leður.

**Fullt verð: 129.900 kr.**

Aðeins **97.425 kr.**

## KOLDING
hægindastóll með skemli

ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR



Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða dökkgrátt áklæði.

**Fullt verð: 89.900 kr.**

Aðeins **67.425 kr.**

## PURE COMFORT teygjulak

Mjúkt og gott teygjulak fyrir allar dýnustærðir. Langir bómullarþræðir tryggja góða endingu. 95% bómull, 5% lycra. Má þvo á 60°c og setja í þurrkara.



ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

| Stærð í cm | Fullt verð | Útsöluverð |
|---|---|---|
| 90/100 x 200/220 x 35 | 3.490 kr. | **1.745 kr.** |
| 120/140 x 200/220 x 35 | 3.990 kr | **1.995 kr.** |
| 160 x 200/220 x 35 | 4.990 kr. | **2.495 kr.** |
| 180 x 200/220 x 35 | 5.490 kr. | **2.745 kr.** |

Frá aðeins **1.745 kr.**





ÚTSALA 60% AFSLÁTTUR

## LINN
hægindastóll

Ljósgrátt, bleikt, dökkblátt, turkis eða ryðrautt mjúkt sléttflauel.

**Fullt verð: 49.900 kr.**

Aðeins **19.996 kr.**

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR



## SB - DÚNSÆNG

Sæng 135 x 200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

**Fullt verð: 12.900 kr**

**SB sængur fáanlegar í stærðunum:**
135 x 200 cm
135 x 220 cm
200 x 220 cm

Sæng **9.030 kr.**




ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

## NATURE'S SUPREME
heilsurúm m/Classic botni

| Stærð í cm | Fullt verð | Útsöluverð |
|---|---|---|
| 80x200 | 82.900 kr. | **66.320 kr.** |
| 90x200 | 89.900 kr. | **71.920 kr.** |
| 100x200 | 96.900 kr. | **77.520 kr.** |
| 120x200 | 109.900 kr. | **87.920 kr.** |
| 140x200 | 119.900 kr. | **95.920 kr.** |
| 160x200 | 134.900 kr. | **107.920 kr.** |
| 180x200 | 149.900 kr. | **119.920 kr.** |

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Nature's Bedding

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Sterkur botn
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar á m²
- Góðar kantstyrkingar

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánud. til föstud. kl. 11–18.30
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í bækl-ingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Verð gildir til 11. ágúst 2019 eða á meðan birgðir endast.*

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Freistandi tilboð í fjórum búðum

Smáratorgi | Holtagö | Akureyr | safirði




HEILSURÚM & -DÝNUR | STILLANLEG RÚM | SÆNGUR & KODDAR | RÚMFÖT | GAFLAR | HÆGINDASTÓLAR | SÓFAR | HANDKLÆÐI | O.FL.

# Sumar útsala

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN



Viðfangsefnið er eldri maður frá Danmörku sem er að keyra um Ísland á traktor.

# Enginn pirraður á Kurt



**Hjólhýsi Kurts er þakið litríkum auglýsingum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Á þjóðvegum landsins hafa margir tekið eftir manni á traktor með áfast hjólhýsi. Þetta er hinn danski Kurt L. Frederiksen sem er að aka hringinn í kringum Ísland og upp um fjöll og firnindi. Fréttablaðið ræddi við Kurt um þetta uppátæki, bakgrunn hans og viðbrögð fólks á vegum úti.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is

Kurt er 67 ára gamall og nýlega kominn á eftirlaun. Hann er doktor í norrænum bókmenntum, starfaði sem kennari og átti lítinn bóndabæ við bæinn Reersö á vesturhluta Sjálands.

Kurt og eiginkona hans seldu nýlega býlið en héldu eftir traktornum, sem er finnskur af gerðinni Valmet. En hann hafa þau átt í þrjátíu ár. En af hverju er Kurt að keyra um Ísland?

„Ég veit ekkert af hverju mér datt þetta í hug,“ segir Kurt. „Ég fór í sams konar ferð fyrir tveimur árum. Þá keyrði ég norður eftir Svíþjóð og Noregi, allt til Norðurhafsins, og síðan suður eftir Finnlandi og með ferju yfir Eystrasaltið.“

Í þeirri ferð var Kurt boðið að heimsækja verksmiðjuna þar sem traktorinn hans var framleiddur.

„Þegar ég var að keyra um Skandinavíu hugsaði ég með mér: Hvert næst? Af hverju ekki til Íslands?“

Kurt er ekki ókunnugur hér á landi. Fyrir um 25 árum kom Kurt ásamt eiginkonu sinni og dóttur og keyrði hringveginn, en á bíl. Þá kom hann hingað stuttlega fyrir átta árum þegar hann var á leiðinni til Grænlands í tengslum við bókarskrif. Kurt hefur skrifað alls átta bækur, þar af þrjár skáldsögur og nokkrar ævisögur.

Kurt segir að eiginkonan hafi ekki getað komið með. Aðeins einn komist fyrir í traktornum sjálfum og ekki sé heimilt að sitja í hjólhýsinu á meðan það er á ferð. „Ef hún hefði komið með mér og þurft að sitja hér í hjólhýsinu alla ferðina þá held ég að hjónabandið myndi ekki eiga langt eftir,“ segir Kurt og brosir. „Þetta er ferð fyrir einn mann.“ Hann segir jafn framt að hún sé fyllilega sátt við ferðalög Kurts. Dóttir hans er nú uppkomin, með mann og barn.

Á hjólhýsinu eru fjölmargar auglýsingar af ýmsum toga og Kurt segir það gert til að fjármagna ferðina. Þarna má finna auglýsingar frá traktorafyrirtækjum og litlum fyrirtækjum frá hans heimabæ. Þá heldur hann einnig úti eigin heimasíðu og heldur fyrirlestra. Þegar hann er ekki að keyra situr hann gjarnan við tölvuna í hjólhýsinu og skrifar um ferðina.

Þegar við hittum Kurt við Norræna húsið var ferðalagið hálfnað. Hann áætlaði að það tæki fimm vikur. Hann kom til landsins á Seyðisfirði með Norrænu og var búinn að keyra um allt Norðurland, Vestfirði og Snæfellsnes. Auk þess keyrði hann Kjalveg þvert yfir landið.

Vélarafl traktorsins er 61 hestafl og Kurt hefur komið honum upp í 31 kílómetra hraða á klukkustund. Yfirleitt keyrir hann þó ekki á nema 25. Venjulegir bílar með hjólhýsi geta angrað aðra ökumenn, hvað þá hægfara traktor.

> VEGIRNIR HÉRNA ERU GÓÐIR. MUN BETRI EN HEIMA Í DANMÖRKU ÞAR SEM STJÓRNVÖLD ERU ÓVILJUG TIL AÐ LEGGJA MIKLA PENINGA Í VIÐHALD. TRAKTORINN MINN HEFUR HINS VEGAR ENGA FJÖÐRUN.

*Verða ökumenn ekki pirraðir á þér?*

„Nei, ég hef ekki lent í neinum vandræðum,“ segir Kurt. „Ökumenn sýna mér stundum puttann, en aldrei löngutöngina heldur aðeins þumalinn upp. Fólki finnst þetta skemmtilegt og öðruvísi. Það kemur til mín og vill fá að taka mynd eða bjóða mér heim til sín í kaffi. Allir hafa verið mjög vinsamlegir, bæði heimamenn og aðrir erlendir ferðamenn. Mér hefur til dæmis verið boðið að gista í garðinum við heimahús á Akureyri og fékk að skoða laxeldisbú.“

Á ferð sinni um Skandinavíu lenti Kurt tvisvar í vandræðum með traktorinn en segir að það hafi verið hans eigin sök. Hér á Íslandi hefur ekkert komið upp á. Stærsta áfallið var þegar poki af sykri rifnaði og sturtaðist yfir allt eldhúsið í hjólhýsinu.

„Vegirnir hérna eru góðir. Mun betri en heima í Danmörku þar sem stjórnvöld eru óviljug til að leggja mikla peninga í viðhald. Traktorinn minn hefur hins vegar enga fjöðrun eins og bílar hafa. Á malarvegum þarf ég því að fara hægt og eftir að ég keyrði Kjalveginn varð ég mjög þreyttur. Sá vegur er mjög erfiður og mér er sagt að fólk keyri hann ekki á venjulegum fólksbílum. En á honum er margt að sjá fyrir ferðamenn.“

Kurt hikar lengi þegar hann er spurður út í fegursta staðinn sem hann hafi séð.

„Ég get ekki svarað þessari spurningu. Allir staðir eru fallegir á Íslandi. En ég er hrifnari af sveitinni en þéttbýlinu,“ segir hann. „Sjáðu til, ég er svolítið hræddur við margmenni.“

*Verður þú ekki einmana?*

„Nei, alls ekki. Ég hitti marga og hringi reglulega í konuna. En ég get vel skilið að þessi ferðamáti sé ekki fyrir alla. Ef einmanaleiki myndi hrjá mig þá væri ég ekki að þessu.“

*Hvert ætlar þú næst?*

„Það er ekki alveg ákveðið. Ég hef hugsað um að keyra allan hringinn í kringum Eystrasaltið. Einnig um að flytja traktorinn yfir Atlantshaf til Kanada, keyra þaðan vestur til Kyrrahafs, suður eftir strönd Bandaríkjanna og síðan í gegnum Suðurríkin til baka. Þetta er allt saman í skoðun,“ segir Kurt sem er greinilega hvergi nærri hættur.

Eftir viðkomu í Reykjavík mun Kurt halda ótrauður áfram austur eftir Suðurlandi og austur til Seyðisfjarðar. Þar mun hann taka Norrænu aftur heim til Danmerkur.

Honey Nut Cheerios®
fullt af fjöri

# Lífið getur verið hunangssætt





Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, býr í Kópavogi með þremur af börnum sínum og vill hvergi annars staðar vera. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Af háa brettinu í djúpu laugina

„Tíminn læknar ekki öll sár,“ segir **Flosi Eiríksson**, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, sem ræðir um líf sitt, störf og sáran missi. Flosi missti eiginkonu sína, Nínu, úr bráðahvítblæði fyrir nærri því sex árum.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, hættir sér úr veðursældinni í vesturbæ Kópavogs í kaffibolla í vindasamri miðborginni. Það má nánast kalla Flosa innfæddan í Kópavogi, hann hefur aldrei flutt lengra en í Hamraborgina og það þótti honum meira að segja fulldjarft.

„Það var nú öll ævintýraþráin, en í Hamraborginni var ég með útsýni til vesturs og það hjálpaði,“ segir hann íbygginn. Bæjarlífið hefur breyst frá því foreldrar Flosa, Eiríkur Jónas Gíslason, brúarsmiður og húsasmíðameistari hjá Vegagerðinni, og Þorgerður Þorleifsdóttir dagmóðir byggðu bernskuheimilið í vesturbæ Kópavogs. „Þegar ég var í menntaskóla þótti það jaðra við að búa úti á landi að búa í Kópavogi og þó að bærinn verði alltaf meira og meira miðsvæðis er þar enn svona þorpsstemning og mér þykir gott að búa þar með börnunum. Hér er allt til alls, sundlaug, fiskbúð, bókasafn og skóli, og Kópavogur er skemmtilegri en mörg nýrri úthverfi höfuðborgarsvæðisins, hér er blandaðri byggð,“ segir Flosi og segist hvergi ætla að flytja. Hann verði áfram í Kópavogi um aldur og ævi.

„Foreldrar mínir voru aðkomufólk, engra manna og ekki í Sjálfstæðisflokknum og fengu því ekki lóð í Reykjavík. Þeim var bent á að fara og tala við Finnboga Rút. Pabbi gerði það og þeir sátu og drukku kaffi saman heima á Marbakka eins og við gerum núna, ósköp notalegt bara og þegar þeir höfðu talað saman í meira en klukkustund þá rúllaði Finnbogi Rútur uppdrætti út á stofuborðið og sagði: Þú færð lóð og þú færð þessa lóð hér! Svo byggðu foreldrar mínir sér hús og bjuggu þar alla ævi.“

## Áttu eins leikföng

Flosi er einn sex systkina. Hann og tvíburasystir hans, Elín, eru yngst. „Elstur er Gísli sem starfar sem verkfræðingur hjá Vegagerðinni, þá er það Björg sem starfar sem kennari, Þorleifur sem er líffræðingur og rekur ráðgjafarfyrirtæki, Ívar sem er forritari hjá Reiknistofunni og svo ég og Elín sem starfar sem bókasafns- og upplýsingafræðingur hjá Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Ég fæddist fjórum klukkustundum á undan henni svo ég segi að ég sé eldri en hún,“ segir Flosi. Þau Elín eru eðlilega frekar náin.

„Þótt við séum ekkert skyldari en önnur systkini líffræðilega. Við erum alls ekkert lík en við vorum oft mikið saman og stundum klædd í eins föt. Þegar við Elín fæddumst þá var Björg í kennaranámi og mjög upptekin af alls kyns uppeldiskenningum. Við Elín áttum framan af eins leikföng, jafn margar dúkkur og bíla og svona. Ég á enn þá dúkkuna mína sem pabbi keypti á iðnaðarsýningu í Hannover. Þegar hún var lögð aftur þá lokuðust á henni augun, svakalega flott,“ segir Flosi.

## Sat kyrr um fermingu

Flosi segist halda að hann hafi ekki verið sérlega auðveldur viðureignar sem barn og unglingur. „Það var sagt um mig að ég hefði lært að sitja kyrr um fermingu. Ég fékk mikið hrós fyrir að sitja kyrr í athöfninni. Ég var hávær, fyrirferðarmikill og ég held ég hafi ekki verið sérlega skemmtilegur!“

Hann segist hafa róast aðeins með árunum. Blaðamaður getur að minnsta kosti vitnað um að hann situr tiltölulega kyrr yfir kaffibollanum.

Eftir menntaskólann fór Flosi á samning í húsasmíði hjá föður sínum og fékk sveinsbréfið 1993. „Ég var í brúarvinnu með pabba sjö sumur í röð og vann svo í byggingarvinnu í Kópavogi og Reykjavík. Ég fór svo tíu árum seinna í Háskólann í Reykjavík og útskrifaðist sem viðskiptafræðingur árið 2006.“

*Hvers vegna ákvaðstu að læra viðskiptafræði?*

„Ástæðan var janúar, febrúar og mars. Það var í einum af þessum mánuðum þar sem ég var efst í Þingunum í Kópavogi að slá upp svalahandriði í myrkri og hríð að ég hugsaði: Nei, djöfullinn, nú þarf ég að prófa að gera eitthvað annað!“

## Fordómar í garð iðnnáms

Hann varð var við fordóma í garð iðnnáms þá og enn í dag en Flosi er formaður skólanefndar Menntaskólans í Kópavogi þar sem fjölmargar iðngreinar eru kenndar.

„Þegar ég kláraði stúdentsprófið spurðu einhverjir kennarar hvað ég ætlað að gera og þegar ég sagði þeim að ég ætlaði í iðnnám sögðu þeir, já, það er gott að hafa það með stúdentsprófinu. En ég svaraði, nei, það er á hinn veginn, það er gott að hafa stúdentsprófið með iðninni. Og sem formaður skólanefndar í MK sé ég þetta enn þann dag í dag. Á vorin eru haldnir kynningarfundir og þá koma krakkar, mjög oft í fylgd mæðra sinna og þegar þeir sýna einhverri iðngrein áhuga, til dæmis kjötiðn eða kokkinum eða þjóninum, þá heyrist: Þetta er fínt en viltu ekki taka stúdentspróf fyrst?

MAÐUR LES EKKI LEIÐARA RITSTJÓRA UM AÐ NÚ ÞURFI STJÓRNENDUR AÐ HAFA SIG HÆGA, SÝNA FESTU OG TAKA Á SIG SKERÐINGU ÞVÍ NÚ SÉ STAÐAN ÞANNIG.

En hvað gerist svo, þeir flosna upp úr námi vegna áhugaleysis. Fara á vinnumarkaðinn í nokkur ár og trúa því um sjálfa sig að þeir séu vitlausir. Svo koma þeir seinna og blómstra og verða flottir fagmenn í þessum greinum. Ég held að við leggjum ofuráherslu á formlega menntun og okkur finnst það merkilegra í einhverjum skilningi að verða stúdent og fá BS-gráðu en að verða iðnaðarmaður eða finna sér sérhæfingu eftir áhugamáli,“ segir Flosi og segir mörgum félagsmönnum sínum í Starfsgreinasambandinu svíða þessi ofuráhersla á stúdentspróf.

„Fyrir utan setuna í skólanefndinni er „eina“ félagsstarfið sem ég sinni að vera ritari í stjórn knattspyrnudeildar Breiðabliks, ég dróst inn í það af því að krakkarnir mínir æfðu þar. Það finnst nú sumum sem mig þekkja fyndið að ég sé í stjórn íþróttafélags, en það hefur verið ferlega skemmtilegt starf og gefandi verkefni að taka þátt í að reka uppeldis- og íþróttastarf fyrir fast að 1.500 stráka og stelpur, fyrir utan okkar frábæru meistaraflokka. Núna um síðustu helgi var einmitt Símamótið sem er langstærsta knattspyrnumót á Íslandi fyrir stelpur og stolt okkar Blika. En í þessu starfi skiptir líka öllu að tryggja jafnan aðgang og möguleika fyrir alla óháð efnahag, stelpur og stráka.“

## Slæm mannauðsstjórnun

„Í Starfsgreinasambandinu eru 67 þúsund félagsmenn sem flestir eru ófaglærðir en engu að síður búa margir þeirra yfir mikilli reynslu og menntun. Hún er bara ekki formleg og henni fylgir ekki prófskírteini. Þetta fólk hefur lagt mikið á sig, farið á ótal námskeið og stundað nám í sínu fagi en svo flettir það atvinnuauglýsingunum og þar stendur enn allt of oft: Stúdentspróf skilyrði. Þá er atvinnurekandinn búinn að segja við fullt af efnilegu og reynslumiklu fólki að það komi ekki til greina,“


KRÓNAN
ALVÖRU RIBEYE BORGARI
– ekki missa af þessum!
Krónan mælir með!
Ribeye steikarborgarar, 2x150 g
1399 kr. pk.
Norðlenska beikon borgarar, 2x120g
599 kr. pk.
Fabrikku sósur, verð frá:
449 kr. stk.
Ódýrt
Deliciou krydd, 80 g
699 kr. stk.
Hamborgarar 4 stk með brauði
998 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

segir Flosi og segir alla tapa á fyrirkomulaginu. Bæði fyrirtæki sem missi af reynslumiklu fólki með breiða þekkingu og starfsfólk sem finnst það lítils metið á vinnumarkaði. „Í raun og veru er þetta bara slæm mannauðsstjórnun. Ég er alls ekki að gera lítið úr menntun en við erum ekki nógu dugleg að meta fjölbreytt nám til framþróunar og hærri launa,“ segir Flosi.

**Stökk af háa brettinu**

Flosi hóf störf sem framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins þann 6. desember. Strax degi seinna fór hann á fyrsta fundinn með Samtökum atvinnulífsins. „Ég stökk af háa brettinu beint í djúpu laugina.“

Hann segir yfirlæti og hroka sem einkenndi umræðu um kjaramál hafa komið sér á óvart. „Þessi gífuryrði og tungutak sem fjölmiðlar, álitsgjafar og hluti atvinnurekenda leyfa sér gagnvart einstökum forystumönnum í verkalýðshreyfingunni eru með ólíkindum. Ég er að vinna með 19 formönnum félaga Starfsgreinasambandsins á landinu og allt í einu er talað um þá sem glæpa- og hryðjuverkamenn sem ætli sér að leggja landið í rúst. Mér finnst þessi talsmáti sérstaklega áberandi gagnvart kraftmiklum konum í okkar hreyfingu og nefni þar til dæmis forvera minn í stólnum hjá SGS, Drífu Snædal, forseta ASÍ, og það sem yfir hana gengur af sóðaskap. Þá kemur alltaf upp í hverjum einustu kjaraviðræðum að ástandið í íslensku efnahagslífi hafi sjaldan verið verra og horfurnar óvissar. Og alltaf er herjað á lægst launaða hópinn að sýna festu því annars fari verðbólgan af stað. En maður les ekki leiðara ritstjóra um að nú þurfi stjórnendur að hafa sig hæga, sýna festu og taka á sig skerðingu því nú sé staðan þannig,“ segir Flosi og segist telja að umræðan endurtaki sig vegna þess að verkalýðsforystan hafi áður að einhverju leyti gengist við þessum rökum. „Við höfðum að sumu leyti orðið undir í umræðunni og stundum gengist við þessum rökum, en það gerum við ekki lengur og mér fannst aðdáunarverð samstaða allra félaga í þessum kjaraviðræðum. Við létum ekki etja okkur hverju á móti öðru og það er mjög merkilegt að öll félög Starfsgreinasambandsins hafi skrifað undir einn kjarasamning, það held ég að hafi ekki verið gert áður.

Mér hefur verið tekið afar vel af formönnunum í SGS og öðrum í verkalýðshreyfingunni, studdur af stað og leiðbeint en um leið sýnt mikið traust og notið trúnaðar, svo er bara að standa sig og sinna þeim störfum vel sem mér eru falin.“

**Mansal og launaþjófnaður**

Starfsemi verkalýðsfélaga verður sífellt flóknari. Sífellt stærri hópur starfsfólks er af erlendu bergi brotinn og krefjandi mál enda á borði félaganna.

„Innan félaganna er hópur sem er að vissu leyti flókið að virkja og erfiðara að ná til. Á kynningarfundi félagsins í Skagafirði á dögunum um nýjan kjarasamning vorum við með búlgarskan túlk, því þar starfa margir frá Búlgaríu. Verkalýðsfélögin eru í raun að gera miklu meira í þessum efnum en þeim ber skylda til en það er nauðsynlegt. Þessi hópur er útsettur fyrir því að það sé svindlað á þeim ásamt námsmönnum og ungu fólki. Þetta er fólk sem þekkir ekki réttindi sín eða skortir kjark til að sækja þau. Alþýðusambandið hefur gengið hart fram í að það verði að vera hörð viðurlög við þessum brotum. En það hefur gengið mjög illa að ná því fram því hér á landi virðist alltaf verið svo flókið að setja lög um kennitöluflakk, refsa atvinnurekendum fyrir launaþjófnað og vinnumansal,“ segir Flosi.

„Verkalýðsfélög landsins eru að keyra í gegn alvarleg mál sem eru alls ekki öll í fjölmiðlum og þetta er viðvarandi í ferðaþjónustunni.“

**Ekki með puttann á púlsinum**

Verkalýðsfélögin eru að snerta á mikilvægum málefnum sem skipta



**„Ég get náttúrlega ekki komið í staðinn fyrir móður þeirra en ég þurfti að gera meira,“ segir Flosi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

félagsmenn okkar máli. Húsnæðismál og vaxtamál skipta þar miklu máli og velferðarmál í stóru samhengi og nú viljum við líka skoða aðgengi að heilbrigðisþjónustu því við sjáum að félagsmenn sem búa vítt og breitt um landið bera þungan kostnað vegna tiltölulegra einfaldra læknisrannsókna, við ætlum að skoða þetta vel í haust á þingi SGS.“

Flosi sat í bæjarstjórn Kópavogs fyrir Samfylkinguna frá 1998 til 2010 og er enn skráður í Samfylkinguna en segist hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með áherslur vinstri flokkanna eftir að hann blandaði sér í verkalýðsbaráttuna.

„Það er óhætt að segja að ég hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum, bæði með Vinstri græn og Samfylkinguna sem bæði eiga sögulegar rætur í samtökum verkafólks, hversu þau skynja lítið þarfir og áhyggjur félaga í verkalýðsfélögum landsins. Eru bara alls ekki með puttann á púlsinum, þau tala ekki þetta tungumál og mér finnst komin einhvers konar gjá á milli verkalýðsfélaganna og stjórnmálaflokkanna. Ég skynja þetta mögulega sterkar því ég var í stjórnmálastarfi á þessum væng,“ segir Flosi. „En þetta má svo sem segja um um alla stjórnmálaflokka á Alþingi.“

**Óvænt og bráð veikindi**

Flosi missti eiginkonu sína, Nínu Björk Sigurðardóttur, úr bráðahvítblæði fyrir nærri sex árum. Saman áttu þau þrjú börn en fyrir átti Flosi son.

„Þetta voru mjög óvænt og skyndileg veikindi. Hún var látin aðeins ári eftir að hún veiktist, í framhaldi af mergskiptaaðgerð í Svíþjóð. Þá

**ÉG ER KANNSKI ÞANNIG PABBI AÐ ÉG SEGI BÖRNUNUM MÍNUM SÖGUR AF FINNSKUM RÁÐHERRUM TIL AÐ TJÁ TILFINNINGAR MÍNAR.**

voru börnin okkar þrjú 6, 8 og 10 ára gömul. Ég hef ekki mikið rætt um veikindin og fráfall Nínu opinberlega vegna barnanna. Mér hefur fundist ég þurfa að hlífa þeim en nú eru þau orðin eldri og þá gæti það orðið til gagns fyrir aðra,“ segir Flosi og bætir við að frá því að hún hafi verið greind með hvítblæði hafi þau verið samstiga í gegnum það verkefni að takast á við sjúkdóminn og ná bata.

„Hún var sterk og nálgaðist þetta þannig að hún ætlaði að vinna þetta stríð. Þetta var verkefni sem við ætluðum að leysa saman, við ákváðum strax að velta okkur ekki mikið upp úr líkum á bata. Læknir sem við hittum minnti okkur líka á að þetta væri rétta hugarfarið, það breytti engu að vita allt um samsettar líkur, það eina sem skipti máli væri framgangur einnar manneskju. Við vorum heppin að eiga stóra og styðjandi fjölskyldu, tengdaforeldrar mínir búa nálægt og voru okkur afar hjálpleg. Stuðningur þeirra við krakkana og mig hefur síðan verið mjög mikill og ómetanlegur. Og allt okkar fólk, systkini mín og hennar og margir fleiri fór út fyrir allt, þá og síðar, það er verðmætt. En samfélagið, það er ekkert sérstakt. Hvernig við tökum á móti veiku fólki og syrgjandi. Fyrir utan skólann, Kársnesskóla, sem studdi mjög vel við okkur og börnin. Þegar barn missir foreldri þá er það mikið inngrip í skólastarfið, það þarf að útskýra fyrir börnunum að annað foreldranna sé dáið og þá geta kviknað sterk viðbrögð. En skólinn gerði þetta frábærlega og við fengum fallegar kveðjur og kort,“ segir Flosi.

**Fjárhagsáhyggjur þung byrði**

Flosi nýtti sér aðstoð Ljóssins styrktarfélags og Ljónshjarta sem er stuðningsfélag fyrir fólk sem hefur misst maka og börn þess. Stuðningurinn er mikilvægur enda stendur makinn eftir einn með börn og óviss um hvað tekur við. Hann segir fjárhagsáhyggjur þunga byrði mörgum ekkjum og ekklum í þessum sporum.

„Þegar foreldri fellur frá getur það verið fjárhagslega erfitt fyrir marga en þetta mjakast þó í rétta átt. Það var gerð lagabreyting á síðasta ári sem gerir fólki kleift að sækja um viðbótarmeðlag þegar það þarf að standa undir meiriháttar kostnaði, til dæmis tannréttingum, fermingum og slíku,“ nefnir Flosi.

Hann segir missinn hafa gert bæði sig og börnin næmari fyrir ýmsum hlutum.

„Mér detta í hug öll skiptin sem krakkarnir heyrðu eitthvað í þessa áttina: Bjóðið nú mömmu og pabba að koma á sýninguna, eða segið nú mömmu og pabba frá þessu. Þetta er erfitt en ekki bara fyrir börn sem hafa misst foreldri heldur líka þau sem eiga öðruvísi fjölskyldur og þau eru fjölmörg. Ég hef örugglega sagt eitthvað í þessa áttina en nú þegar ég stend í þessum sporum veit ég betur og get sagt að þetta stingur alltaf svolítið.

Og einstaka sinnum fann ég fyrir því að fólki fannst skrýtið að ég væri með börnunum. Ef ég fór með þau á vissa staði, segjum til dæmis til læknis, þá lá stundum spurningin í loftinu: Hvar er mamma þeirra? En ekki alls staðar og eitt sem mér þykir verulega vænt um er traust foreldra vina barna minna til mín. Vinkonur dóttur minnar fengu áfram að gista og eins með vini sona minna. Mér var treyst og ég segi bara, takk!“

**I love you three!**

Flosi þurfti að tileinka sér ýmislegt sem hann segir að hafi ekki endilega verið sér eðlislægt.

„Ég get náttúrlega ekki komið í staðinn fyrir móður þeirra en ég þurfti að gera meira. Ég er ekki frábær í heimilisstörfum en þarf að standa mig. Ég þurfti að breytast og læra hluti, ég var til dæmis svolítið lokaður og það var mér ekki eðlislægt að vera oft með yfirlýsingar um ást mína og væntumþykju. En nú þurfti ég bara að gera það. Af hverju gerði ég þetta ekki alltaf, hugsaði ég mjög fljótlega, það er svo ofsalega gott að breiða yfir börnin mín og segja þeim að ég elski þau. Ég þurfti að æfa mig í þessu og finna minn takt,“ segir Flosi og segist hafa fundið sína aðferð og hún sé jafngóð og hver önnur.

„Já, ég er kannski þannig pabbi að ég segi börnunum mínum sögur af finnskum ráðherrum til að tjá tilfinningar mínar,“ segir hann brosandi og rifjar sögu sem reynist góður ísbrjótur.

„Einhvern tímann vorum við að ferðast í bíl og ég að segja börnunum brandara af finnskum ráðherra sem skildi lítið sem ekkert í ensku. Hann var í kvöldverði á þingi Sameinuðu þjóðanna og svona til að halda uppi samræðum við konuna við hliðina á sér segir hann: I love you, hún bregst snarlega við og segir bara til baka, I love you too. Og þá svarar hann, I love you three. Við segjum þetta stundum hvert við annað.

Börnin mín eru næmari, þau skynja betur líðan annars fólks. Það verður til þroski og þau búa yfir samhygð,“ segir Flosi. „Það er svo margt sem gerist en eitt er mikilvægt, það er að sorg er persónubundin. Það er afar misjafnt hvernig menn skynja og takast á við bæði áföll og sorg. Við berum öll með okkur áföll og sorgir. En eitt er víst og það er að tíminn læknar ekki öll sár. Þetta er einn af verstu íslensku málsháttunum því hann geymir engan sannleik og er algjör della. Maður heldur áfram af því að maður verður að gera það. Ef við hefðum ekki átt þessi börn þá hefði ég ekki komist fram úr. Fólk í þessum sporum og börn þess þurfa mikinn stuðning og nærgætni og það er afar mikilvægt að hafa aðgang að sérfræðingum. Við nýttum okkur þjónustu Ljóssins og ýmissa sérfræðinga eins og sálfræðinga og það skipti miklu máli,“ segir Flosi.

„Það er til dæmis lokuð Facebook síða, Ljónshjarta, þar sem er hægt að tala við aðra í sömu sporum og þar er hægt að tala mjög opinskátt við þá sem eru á svipuðum stað. Það er nefnilega ekki hægt að setja sig í þessi spor. Mér fannst þetta mjög gagnlegt, að eftir að börnin voru sofnuð að geta talað við aðra og finnast maður ekki einn í heiminum.“

Flosi hefur einnig sína aðferð við að takast á við missinn og minningarnar, hann minnist þess góða.

„Við Nína áttum fimmtán frábær ár, það er það sem ég ætla að muna. En ekki erfiðleikana og veikindin. Og við eignuðust þrjú frábær börn sem minna mig á þennan frábæra tíma og ég sé mjög mikið af henni í börnunum mínum. Svona held ég áfram,“ segir Flosi.

# ZERO SYKUR
# EKKERT KOFFÍN
# LÉTT KOLSÝRT VATN




VITAMIN WELL ZERO



Þær stunda stífar æfingar þessa dagana og stefna á tveggja klukkutíma sund á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skilja áhyggjurnar eftir í sjónum

Sex afrekskonur ætla að synda boðsund yfir Ermarsund í september. Markmiðið með sundinu er að vekja athygli á áhrifum plastmengunar á lífríki sjávar en ástand þess í Ermarsundi er slæmt.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Marglytturnar eru mættar í Nauthólsvík til að æfa. Þær eru sex talsins og æfa stíft þessa dagana fyrir boðsundið yfir Ermarsund í september og á næstunni ætla þær allar að taka tveggja tíma langa sundæfingu í sjónum. Ermarsundið, sem stundum er kallað „Mount Everest sjósundfólks“, er 34 km leið á milli borganna Dover í Englandi og Cap Gris í Frakklandi.

Sundhópurinn samanstendur af miklum afrekskonum sem allar stunda fjölbreytta útivist og íþróttir í náttúrunni.

Marglytturnar eru Birna Bragadóttir, ráðgjafi hjá Capacent og Íslandsmeistari í 1.000 m sjósundi, Sigrún Þ. Geirsdóttir sem er eina íslenska konan sem hefur synt ein yfir Ermarsundið og reyndar líka fyrsti Íslendingurinn sem gerði það í fyrstu tilraun, Brynhildur Ólafsdóttir fjallaleiðsögumaður, Sigurlaug María Jónsdóttir sundkona, Þórey Vilhjálmsdóttir, útivistarkona og ráðgjafi hjá Capacent, og Halldóra Gyða Matthíasdóttir þríþrautarkona. Fimm kvennanna eru landvættir, þær Þórey, Sigurlaug María, Brynhildur, Halldóra og Birna. Landvættirnar er fjölþrautafélag en til að geta orðið vættur þarf að ganga 50 km skíðagöngu á Ísafirði, hlaupa 32,7 km frá Dettifossi í Ásbyrgi, synda 2,5 km í Urriðavatni og hjóla 60 km frá Hafnarfirði, svokallaðan Bláalónshring.

*Birna, þú varðst Íslandsmeistari í sjósundi í fyrra, hefurðu æft lengi?*

**Birna:** Ég byrjaði að æfa fyrir þremur árum og varð nú eiginlega alveg óvart Íslandsmeistari í sjósundi. Fyrir tveimur árum varð ég í öðru sæti og kom sjálfri mér rækilega á óvart. Mér finnst ég frekar vera Íslandsmeistari í þrautseigju því ég neita að gefast upp.

*Það er ótrúlega skammur tími síðan. Hvað með ykkur hinar?*

**Þórey:** Ég byrjaði líka að æfa sjósund fyrir þremur árum, ég held það eigi við um okkur flestar nema Sigrúnu og Sillu sem eru meistararnir í hópnum. Sigrún er auðvitað almeistari því hún hefur synt Ermarsundið ein.

**Silla:** Ég byrjaði fyrir fjórum mánuðum að æfa sjósund en er mikil sundkona, ég byrjaði sex ára að æfa sund og hef synt mikið í vötnum. Ég er fædd og uppalin í Lúxemborg og æfði þar.

**Halldóra:** Ég hef heldur ekkert æft sund að ráði og hef einbeitt mér að öðrum íþróttagreinum hingað til, en sund er partur af þríþrautinni og ég hef að sjálfsögðu æft fyrir hana.

**Sigrún:** Ég lærði skriðsund fyrst árið 2012, það er nú ekki lengra síðan. Ég fór svo fyrsta boðsundið í sjósundi yfir Ermarsund árið 2013 og svo aftur ári síðar. 2015 synti ég ein yfir Ermarsund.

*Hvað er það eiginlega við sjósundið sem heillar ykkur?*

**Sigrún:** Það er hreinlega bara eitthvað yfirnáttúrulegt.

**Þórey:** Sjórinn er svo heilandi. Að fara í nokkrar mínútur í sjósund er eins og að fara á þriggja tíma æfingu. Maður fær sömu líðanina á eftir og skilur allar áhyggjur eftir í sjónum. Ef maður er eitthvað leiður eða þreyttur þá er langbest að fara í sjóinn.

*Og var fyrsta skiptið ekkert erfitt? Að yfirstíga kuldann?*

**Birna:** Jú, það var erfitt og mér finnst alltaf erfitt að fara í sjóinn. En það er hluti af þessu og er áskorun. Þegar maður kemst yfir það og er búinn að synda þá líður manni alltaf eins og sigurvegara. Maður hefur náð að sigrast á sjálfum sér.

**Brynhildur:** Þetta ræsir líkamann, maður fyllist orku á fáeinum mínútum. Þetta er bara dásamlegt. En fyrsta skiptið hjá mér, áhrifin voru svo rosaleg. Ég kom upp úr, ég hafði bara rétt dýft mér ofan í og fannst eins og húðin hefði skroppið saman um eitt númer. Ég fann fyrir auknum krafti í öllum líkamanum og fannst ég þess vegna geta hlaupið maraþon þegar ég kom upp úr, maður sækir í þessi áhrif, aftur og aftur.

**Birna:** Sumir spyrja hvort þetta sé ekki eins og að fara í köldu pottana í sundlaugunum. En það er alls ekki hægt að líkja því saman. Í sjósundi er maður með náttúrunni, í flæði. Það er ekkert sem truflar og maður hugsar aðeins um líðandi stund.

*Hvernig varð þetta verkefni að veruleika?*

**Þórey:** Við vorum fjórar saman í Landvættunum og þessi hugmynd kviknaði fyrir tveimur árum. Við vildum finna mestu naglana með okkur og það var draumur að fá Halldóru og Sigrúnu með. Við hugsuðum með okkur, hvaða konur munu alls ekki klikka, ekki hætta við og eru bara eiturharðar og það eru þær!

**Sigrún:** Ég þekkti Halldóru aðeins en hinar lítið sem ekkert. Ég er því að fara svolítið út fyrir þægindarammann. Ég byrjaði árið 2008 að synda sjósund og þá var ég í slæmu ásigkomulagi. Ég var við það að verða offitusjúklingur og þurfti að gera eitthvað róttækt í mínum málum. Lífið tók stakkaskiptum, það er svo margt sem lagast andlega og líkamlega við það að synda sjósund. Þetta er svo heilsueflandi sport, nokkrar mínútur í sjónum eru eins og að öðlast nýtt líf. Þetta gerir mikið fyrir mann og ég hvet alla til þess að prófa. Ég bý í Mosfellsbæ og sumir spyrja: hvernig nennir þú að keyra alla leiðina úr Mosó til þess að synda nokkrar mínútur í sjónum? Þetta er svarið.

Markmið Marglyttanna er fyrst og fremst að komast yfir Ermarsund og safna áheitum fyrir Bláa herinn og þær vilja sporna gegn plastmengun í sjónum. En líka að hvetja aðrar konur til þess að lifa ævintýralegu lífi og gefa sér tíma til að njóta útivistar og náttúrunnar.

**Þórey:** Við erum allar konur sem höfum ákveðið að fara óhefðbundnar leiðir. Við erum allar að gera alls konar skemmtilegt, hlaupa, synda, hjóla og fara á skíði. Við leyfum okkur að gera þetta og viljum hvetja aðrar konur til þess að leyfa sér líka að lifa ævintýralegu lífi því það má! Við erum líka að vekja athygli á umhverfismálum og ætlum að styrkja Bláa herinn, safna áheitum og vinna gegn plastmengun í sjónum.

*Og hvers vegna heitið þið Marglytturnar?*

**Birna:** Við heitum eftir þeim dýrum sem við hræðumst mest.

**Þórey:** Það er eiginlega okkar helsti ótti að synda inn í torfu af marglyttum.

**Sigrún:** Við eigum alveg örugglega eftir að synda í gegnum heilu ættarmótin.

**Birna:** Þær eru líka hér á Íslandi, ég fékk bruna í gær.

**Sigrún:** En besta lækningin er bara að vera í sjónum.

**Þórey:** Og vera bara einar af þeim!

**Sigrún:** Í svona sundi þá þarf maður að horfast í augu við óttann. Það eru ekki bara marglytturnar, það eru alls kyns önnur sjávardýr, skipaumferð og myrkrið. Þetta er leikur við hausinn. Það getur verið mjög stressandi að taka sundsprett í niðamyrkri en maður hefur gott af því.

**Brynhildur:** Sjósundið gefur svo marga möguleika, við viljum líta á strandlengjuna við Ísland sem leiksvæði.

**Þórey:** Og við viljum hafa strandlengjuna hreina til að geta synt þar.

## Marglytturnar

**Birna Bragadóttir**
er tvöfaldur landvættur, landvættaþjálfari og silfurhafi á Íslandsmeistaramótinu í 3.000 m sjósundi 2017 og Íslandsmeistari í 1.000 m sjósundi 2018 og stundar einnig hjólreiðar, allar skíðategundir, náttúruhlaup og fjallgöngur.



**Sigrún Þ. Geirsdóttir**
er fyrsta og eina íslenska konan sem synt hefur yfir Ermarsund ein og fyrsti Íslendingurinn sem það gerði í fyrstu tilraun. Að auki hefur hún tvisvar synt boðsund yfir Ermarsund og mörg sjósund við Ísland.



**Brynhildur Ólafsdóttir**
er landvættaþjálfari, fjallaleiðsögumaður og annar þáttastjórnenda sjónvarpsþáttanna Úti á RÚV og útvarpsþáttarins Útivarpsins á Rás 2. Hún er á fjórða landvættaári sem snýst um keppni í skíðagöngu, fjallahjólreiðum, vatnasundi og fjallahlaupi.



**Sigurlaug María Jónsdóttir**
er landvættur, tvöfaldur Laugavegshlaupari og vann Urriðavatnssundið 2017. Fyrir utan það að synda mikið þá stundar hún náttúruhlaup, fjallgöngur og svig- og gönguskíði.



**Halldóra Gyða Matthíasdóttir**
hefur hlaupið 170 km utanvegahlaup, farið sjö utanvegahlaup lengri en 100 km, er eina íslenska konan sem hefur klárað Mt. Esja Ultra Iceland, sem eru 11 ferðir upp að Steini, auk þess hefur hún klárað fimm Ironman-keppnir og nokkur maraþon.



**Þórey Vilhjálmsdóttir**
er tvöfaldur landvættur og hefur tekið þátt í fjölda íþrótta- og útivistarkeppna. Hún stundar sjósund, fjallahlaup, fjalla- og götuhjólreiðar, allar skíðategundir og fjallgöngur.



Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 20. JÚLÍ 2019

# Með dellu fyrir gömlum græjum

Tómas Jónsson hljómborðsleikari hefur vakið mikla athygli að undanförnu, bæði með Jónasi Sig, djasssveitinni ADHD og Júníusi Meyvant. Tómasi hefur verið líkt við bestu hljómborðs- og orgelleikara landsins, þá Eyþór Gunnarsson og Karl heitinn Sighvatsson.

→2



Tómas leikur hér á harmóníku sem var í eigu afa hans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mömmumatur og meira til!



Fjölskyldubröns um helgar
Kynningarverð 1.990 kr.

Íspinni fyrir krakkana í eftirmat
6-12 ára hálft verð, frítt fyrir þau yngstu

Opið 11-15 um helgar

Matarbarinn
Heimilismatur – Mom's food
Laugavegi 178 – matarbarinn.is



Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



**Framhald af forsíðu ➪**

Tómas hafði ekki heyrt af þessari samlíkingu en var stoltur af. „Báðir hafa verið í miklu uppáhaldi hjá mér og þeir hafa verið mínar fyrirmyndir,“ segir hann. Tómas er aðeins 26 ára en hann hefur leikið á píanó frá sjö ára aldri. „Ég er yngstur þriggja systkina og þau eldri lærðu á píanó. Mér fannst það eiginlega skylda mín að gera það líka en þó ekki kvöð. Það stóð píanó í stofunni heima og úr því ég var orðinn sjö ára var eðlilegt í mínum huga að læra á það eins og fólk gerir,“ segir hann. „Pabbi spilaði á munnhörpu fyrir okkur og var í kirkjukór en annars var ekkert sérstaklega mikil tónlist í minni fjölskyldu. Reyndar voru báðir afar mínir harmóníkuleikarar og mjög músikalskir. Alnafni minn, Tómas Jónsson, bjó á Þingeyri og var þar allt í öllu. Kennari, skólastjóri, sparisjóðsstjóri og stjórnandi kirkjukórsins. Hann spilaði einnig á melódiku en ég hélt alltaf að hann væri saxófónleikari, það var leikfangasaxófónn á heimilinu. Hinn afi minn, Ólafur Helgi Friðjónsson, var athafnamaður í Hafnarfirði. Hann var áhugaleikari, járnsmiður og radíóamatör. Í garðinum var stórt útvarpsmastur sem sást um allan bæ,“ útskýrir Tómas. „Ég eignaðist harmóníkurnar þeirra.“

## Ætlaði að verða rokkari

Tómas segir að mestu tónlistaráhrifin hafi hann fengið frá vini sínum Rögnvaldi Borgþórssyni.

„Við stofnuðum hljómsveit tíu ára og spilum enn saman. Röggi er gítarleikari en pabbi hans hafði mikil áhrif á okkur. Hann var músíkant og með eigið stúdíó. Við strákarnir vorum í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði, fengum að troða þar upp og mikla hvatningu. Ég hef sömuleiðis alltaf verið þakklátur tónmenntakennaranum mínum sem heitir Stefán E. Petersen en hann er sjálfur hljómborðsleikari. Hann sýndi okkar myndbönd með Elvis Presley og Led Zeppelin í bland við klassísk tónskáld. Ég hafði ekki mikinn áhuga á klassík á þeim tíma en það hefur breyst í seinni tíð þótt ég hafi aldrei haft áhuga á því að vera klassískur píanóleikari. Ég kaupi oft Best of plötur með gömlum tónskáldum til að fá yfirsýn yfir stíl hvers og eins. Rakhmaninov og Wagner finnst mér mjög áhugaverðir. Annars er ég algjör nýgræðingur í þeirra heimi,“ segir Tómas og bætir við að djassmúsík og sú tónlist sem hefur þróast út frá henni heilli hann mest auk rokks og popps. „Tónlist sem er lifandi og spunnin höfðar mjög til mín. Ég ætlaði alltaf að vera rokkari.“

## Deep Purple hafði áhrif

Tómas uppgötvaði þegar hann var ellefu ára að þessi píanómúsík sem hann hafði verið að læra í nokkur ár væri ekki í neinum takti við rokkið sem hann dreymdi um. „Á tímabili velti ég því fyrir mér að skipta um hljóðfæri en uppgötvaði þá Deep Purple. Í þeirri sveit var orgelleikari sem hét Jon Lord og lék á Hammond-orgel. Hann hafði gríðarleg áhrif á mig og ég ákvað að verða rokkorgelleikari. Ég spila mikið á Hammond-orgel og það er orðið eitt af mínum aðalhljóðfærum.

Tónlist Karls Sighvatssonar hefur einnig haft áhrif á mig og ég hef mikið stúderað hana. Það er merkilegt hvað hann gerði með Hammond-orgelið fyrir íslenska tónlist. Ég er ákaflega stoltur af því að eiga eitt af hans orgelum eða að minnsta kosti er ég með það í eilífðarfóstri,“ segir Tómas.



**Tómas á mikið safn gamalla hljóðfæra og þau eru í raun áhugamál hans. Hér situr hann við Hammond L-122.** FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Í góðu sumarveðri er upplagt að fara utanhúss með nikkuna og taka nokkur lög** FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Saga um orgel Kalla Sighvats

Þegar hann er spurður hvernig það hafi komi til að hann sé með orgelið heima hjá sér, svarar hann með sögu. „Ég bý í Þorlákshöfn og Kalli var hér mikið á síðustu árum sínum. Hann var organisti í kirkjunni og var með aðstöðu í Hveragerði til að geyma öll orgelin sem hann átti. Þegar hann flutti sig um set borgaði hann flutningabílstjóranum með þessu orgeli. Ekki veit ég framhald sögunnar nema að maður hér í Þorlákshöfn var með það í bílskúrnum. Hann sá mig spila á tónleikum á svipað orgel, Farfisa, sem er „sixties“ og bauð mér sitt. Mér finnst stórkostlegt að vera með orgel sem var í höndum Kalla þótt það sé reyndar bilað. Ég hef einhvers konar áráttu fyrir gömlum græjum og hef sankað þeim að mér. Fjölskyldu minni til ama þá eru allar geymslur fullar af gömlum græjum,“ segir Tómas en upplýsir að mjög margt sé þó í stöðugri notkun.

## Plata á leiðinni

Tómas hefur gefið út eina plötu undir eigin nafni og er með tvær á leiðinni. Hann vonast til að koma annarri þeirra út fyrir jólin. Kona hans heitir Ása Berglind Hjálmarsdóttir og þau eiga eitt barn saman en hún átti áður tvö.

Fjölskyldan er á leið í Borgarfjörð eystra með tjaldvagn en Tómas verður með Jónasi Sig og ritvélum framtíðarinnar á maraþontónleikum. Þar mun Jónas taka fyrir allar sínar plötur. Þá munu þeir einnig koma fram á Bræðslunni.

Tómas er sömuleiðis í hljómsveitinni ADHD sem hefur verið að leika víða um heim og verður með tónleika í Norræna húsinu 14. ágúst. Í þeirri hljómsveit eru bræðurnir, Ómar og Óskar Guðjónssynir, Magnús Trygvason Eliassen auk Tómasar. Að auki hefur Tómas ferðast um með Júníusi Meyvant á tónleikum og er á leið til Bandaríkjanna með honum síðar í sumar. Þá spilar Tómas einnig með hinum og þessum tónlistarmönnum í stúdíóvinnu svo hann kemur víða við.

## Dellukarl

Tómas spilar mikið á hljóðgervla, aðallega frá áttunda og níunda áratugunum. „Í græjum leita ég til fortíðar og nota mikið að þessum hljóðgervlum á plötunum mínum. Nýjar græjur eiga til að vera karakterlausar. Á sjötta, sjöunda, áttunda og níunda áratugunum kom á markað ótrúlega mikið af rafmagnshljóðfærum sem höfðu einstakan karakter. Meira að segja miklu fyrr því Hammond-orgel voru fyrst framleidd árið 1935. Ég hef orðið mér úti um gömlu græjurnar hér á landi, á netinu og á ferðalögum.

Í Japan er til fullt af spennandi svona dóti, sér í lagi synthesizerum, því mikið af þeim var framleitt þar á sínum tíma. Japönsk menning byggir á virðingu fyrir hlutum og þeim er haldið vel við. Það má kannski segja að ég sé dellukarl. Þetta er mitt helsta áhugamál sem samvefst auðvitað tónlistinni. Stundum hlusta ég á tónlist sem mér finnst leiðinleg en hef áhuga fyrir tækjunum sem eru notuð,“ útskýrir hann.

„Mér finnst ótrúlega skemmtilegt að vinna við tónlist og hlakka til komandi viku. Vinnan getur líka stundum verið þægileg þegar maður er með lítið barn ef maður er laus við á daginn, eins og núna þegar allir eru í sumarfríi,“ segir Tómas sem var á göngu með barnavagninn þegar við ræddum við hann. Gangan var til þess að svæfa barnið og það tókst.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Aleria er bólukrem ársins

**Íslenska bólukremið Aleria frá Florealis hefur verið var valið bólukrem ársins í Svíþjóð. Kremið hefur einnig hlotið góðar viðtökur á Íslandi en það er fáanlegt í flestum apótekum hérlendis.**

Aleria er árangursrík meðferð við bólum og húðóhreinindum á borð við fílapensla. Kremið minnkar fljótt roða, bólgur og kláða ásamt því að veita húðinni góðan raka. Aleria er án ilm- og aukaefna og hentar grænkerum. „Það er auðvitað frábært að vara frá íslensku fyrirtæki skuli fá þessa viðurkenningu frá Aftonbladet í Svíþjóð núna í vor. Mesta viðurkenningin er samt auðvitað viðbrögðin sem við fáum frá notendum Aleria því bæði Íslendingar og Svíar hafa verið mjög ánægðir með virkni kremsins og finna skjótt mun eftir að þeir byrja að nota það,“ segir Sandra Mjöll, vöru- og markaðsstjóri Florealis á Íslandi.

## Gagnlegar upplýsingar

- Viðurkennd virkni með klínískum rannsóknum
- Við bólum og húðóhreinindum
- Borið á bólur tvisvar á dag
- Án ilmefna og parabena
- Fyrir bæði andlit og líkama

### Viðurkennd virkni

Aleria er bólukrem sem veitir húðinni mikinn raka en gerir hana hvorki feita né þurrkar hana. Kremið inniheldur meðal annars hýalúrónsýru og Aloe vera sem gera kremið mjög rakagefandi. Virka efnið í Aleria heitir TIAB og er sérhannað efnasamband sem er bæði bakteríuhemjandi og græðandi en virkni þess er viðurkennd af evrópsku lyfjastofnuninni. Kremið myndar þunna varnarhimnu yfir húðina og vinnur gegn vægum sýkingum sem eru þekktur orsakavaldur að bólum. Varnarhimnan varðveitir einnig raka húðarinnar og ver hana fyrir ertandi efnum úr umhverfinu. Þannig myndast kjöraðstæður fyrir húðina til að gróa og endurnýja sig. „Það skiptir miklu máli að Aleria er með viðurkennda virkni og skráð sem lækningavara. Það er búið að prófa kremið í klínískum tilraunum og sýna fram á raunverulegan árangur gegn bólum, roða og bólgu í húð. Í slæmum tilfellum má nota Aleria með öðrum bólumeðferðum, t.d. lyfjameðferðum við slæmum bólum því kremið þurrkar ekki húðina og þolist mjög vel,“ segir Sandra. Kremið má nota bæði á andlit og líkama og hentar það jafnt báðum kynjum. Best er að bera kremið á bólusvæðið tvisvar á dag þar til að bólurnar eru horfnar.




> **Íslendingar og Svíar hafa verið mjög ánægðir með virkni kremsins og finna skjótt mun eftir að þeir byrja að nota það.**
>
> **Sandra Mjöll, vöru- og markaðsstjóri**

Aleria fæst í flestum apótekum á Íslandi og í einnig í netverslun Lyfju.

FLOREALIS




Bólukrem ársins!

Aleria sigrast á bólum og stuðlar að heilbrigðri húð.
Einstök efnasamsetning sem virkar.

*Aftonbladet, Svíþjóð 2019

Fæst án lyfseðils í öllum apótekum www.florealis.is

# Eftirréttir sem þú verður að prófa

Eftirréttir þurfa ekki að vera fullir af sykri til að vera bragðgóðir. Hildur Sif Hauksdóttir deilir með lesendum einföldum uppskriftum að eftirréttum sem tilvalið er að prófa um helgina.

Ásta Eir
Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is



Hildur hefur alltaf verið mikill matgæðingur og henni finnst fátt skemmtilegra en að prófa sig áfram í eldhúsinu. Fyrir nokkrum árum fór hún að huga meira að hollari og hreinni fæðu og í dag reynir hún að borða einungis grænmetisfæði. Eftir að hún breytti um stefnu í mataræði sínu hefur hugmyndunum í eldhúsinu fjölgað til muna þar sem hún reynir að nýta hráefnin sem mest.

Hildur, sem starfar sem flugfeyja, samfélagsmiðlastjóri og bloggari, hefur mikinn áhuga á heilbrigðum lífsstíl og þá sérstaklega matargerð og hreyfingu. Þessa stundina er Hildur að æfa fyrir Reykjavíkurmaraþonið sem hún stefnir á í ágúst og þess á milli er hún að prófa sig áfram með hollar og næringaríkar uppskriftir.

Að þessu sinni ætlar Hildur að deila með lesendum þremur hollum uppskriftum að eftirréttum fyrir helgina.

## Sumarhráfæðiskaka

### Botn

**3 dl möndlur**
**3 dl mjúkar döðlur**
**1 tsk. salt**

### Kasjúfylling

**3 dl kasjúhnetur (lagðar í bleyti í 9 klst. eða yfir nótt)**
**1 dós af kókosmjólk**
**1 dl döðlusykur**
**1 msk. kókosolía**
**2 msk. sítrónusafi**
**1 tsk. vanilludropar**

Setjið allt hráefnið sem fer í botninn í matvinnsluvél og blandið vel saman. Pressið síðan deigið í kökuform og frystið. Setjið hráefnin fyrir fyllinguna í matvinnsluvél og blandið mjög vel saman. Því lengur því betra eða þangað til blandan er orðin „fluffy“ og silkimjúk. Smyrjið fyllingunni yfir botninn og setjið aftur í frysti. Takið kökuna út úr frystinum 1 klst. áður en hún er borin fram og skreytið með ferskum berjum og smá kókosmjöli. Æðisleg kaka sem klikkar ekki með kaffinu.



## Avókadómús

**2 avókadó**
**1 dós af kókosmjólk**
**2 dl af ósykruðu kakói**
**1 dl stevíasykur frá Good Good**
**1 tsk. salt**

Öllu hráefninu blandað vel saman í matvinnsluvél þangað til áferðin er orðin „fluffy“ og silkimjúk. Setjið músina í falleg glös og skreytið með hindberjum. Best er að kæla músina í 1-2 klukkustundir áður en hún er borin fram. „Frábær eftirréttur sem slær alltaf í gegn á mínu heimili.“

## Apple crumble

**6 epli**
**5 dl hafrar**
**2 dl möndluhveiti**
**2 dl stevíasykur frá Good Good**
**2 tsk. kanill**
**1 tsk. salt**
**1 dl vegan smjör**

1. Best er að skera eplin í litla bita og setja í form.
2. Síðan skal blanda öllum þurrefnunum vel saman og bæta að lokum við smjörinu. Eplunum síðan blandað við.
3. Baka skal bökuna í 35-45 mínútur á 180 gráðum eða þangað til eplin eru orðin mjúk.
4. Að lokum er tilvalið að þeyta vegan rjóma til að toppa bökuna.



Einstaklega falleg og ljúffeng hráfæðiskaka. MYND/HILDUR SIF



Hildur er dugleg að deila ýmsum uppskriftum á bloggsíðunni Trendnet.



Avókadósúkkulaðimús sem hefur slegið rækilega í gegn.



# Söfn á Íslandi

LAUGARDAGUR 20. JÚLÍ 2019

**Kynningar:** Náttúruminjasafn Íslands, Listasafn Íslands, Hafnarfjörður, Reykjavíkurborg, Hvalasafnið




**Guðmunda og sonur hennar, Benjamín, voru hugfangin af safninu. Benjamín fannst æðislegt að skoða steina og kristalla.** FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

## Mögnuð upplifun í Perlunni

Sýning Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni, Vatnið í náttúru Íslands, hefur vakið athygli. Sýningin er glæsileg og miðlar nýjustu tækni til áhorfenda sem geta notið undra íslenskrar náttúru.

Sýningin veitir á nýstárlegan og heildstæðan hátt innsýn í eina mikilvægustu auðlind landsins, vatnið, og höfðar jafnt til barna og fullorðinna. Tveir safnkennarar starfa við safnið og taka á móti skólahópum. Einnig er tilvalið fyrir fjölskyldur að koma og fræðast saman.

### Í fjórða skipti á sýninguna

Guðmunda Kristjánsdóttir og sonur hennar, Benjamín Kristjánsson 10 ára, fóru saman á sýninguna á þriðjudag. Þetta var í fjórða skiptið sem Benjamín fer á sýninguna en hann langaði að sýna móður sinni hvernig hún væri uppbyggð. Guðmunda og eiginmaður hennar, Kristján Benjamínsson, eru mikið útivistarfólk, fara gjarnan í útilegur og göngur. Guðmunda segir að Benjamín hafi einstakan áhuga á náttúrunni og hann sé steinasafnari.

„Við sáum viðburð auglýstan sem var tilraunastofa. Það vakti athygli okkar og við ákváðum að skella okkur sem var frábært. Að ganga inn í þetta rými var mögnuð upplifun. Lýsingin og hljóðið gerðu umhverfið áhugavert. Vatnshljóð og fuglasöngur í loftinu og mér fannst ég vera komin í útilegu. Strax og maður gekk inn var eitthvað um að vera sem vakti athygli, skjáir með ýmsum fróðleik, en einnig var hægt að klifra og leika sér. Þá var hægt að gefa fiskum að borða og alveg magnað að horfa á fiskana elta hreyfinguna,“ segir Guðmunda.

### Holufyllingar vöktu áhuga

Benjamín fór í fyrsta skipti með afa sínum á sýninguna og hafði mjög gaman af því. Næst fór hann með skólanum og var stoltur að fá vildarvinakort Perlunnar. Í þriðja skiptið fór hann með ömmu sinni og frændsystkinum og nú með móður sinni. „Honum fannst holufyllingarnar afar spennandi. Við ferðumst mikið um landið og á sýningunni gátum við tengt við staði þar sem við höfum dvalið og urðum margs vísari um þá. Þarna fræddumst við um grunnvatn, lindarvatn og jökulvatn. Fengum að vita allt mögulegt um vatnið sem er allt í kringum okkur hér á landi. Jöklar, fossar, rennandi vatn, rigningin og allt þetta sem við upplifum í daglegu lífi. Ástæða þess að Benjamín var svona hrifinn af holufyllingum tengist áhuga hans á steinum og kristöllum. Hann tínir upp steina allan daginn þegar við erum á ferðalögum. Þessi sýning er algjörlega bæði fyrir börn og fullorðna,“ segir Guðmunda og bætir við að það sé svo skemmtilegt að sýningin bjóði upp á samtal barna og fullorðinna um náttúru Íslands.

„Bæði eru þarna hlutir sem börnin geta skoðað sjálf af áhuga en einnig stöðvar þar sem efnið er sett upp á myndrænan hátt og gaman að spjalla um. Til dæmis er hægt að fræðast um vatnsmagn í ólíkum ám á Íslandi. Framsetningin er mismunandi stórar vatnskúlur. Það er eins og þær séu lifandi og vekja mikla athygli ungra gesta, mikill fróðleikur. Einnig er þarna stórt borð sem

**Framhald á síðu 2 ➪**



Það er gaman að gefa fiskunum að borða. MYND/VIGFÚS BIRGISSON




Vatnskötturinn, lirfa fjallaklukkunnar, er einkennisdýr sýningarinnar og tekur á móti börnum og leiðir þau um sýninguna. Krökkunum finnst gaman að setjast á bak. MYND/VIGFÚS BIRGISSON




Í gegnum hreyfanleg stækkunargler er hægt að fræðast um gerð og eðli ólíkra votlendis- og vatnavistgerða á Íslandi, gróður og dýralíf. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

kallast vistrýnir sem er lýst upp en þar fer maður um með hreyfanlegu stækkunargleri og þá birtast smáatriði til dæmis úr árbotni. Þetta er svakalega skemmtilegt og ég hefði getað verið þarna í klukkutíma," segir hún.

## Kveikja á áhugamáli barnsins

Þegar móðirin er spurð hvort Benjamín verði náttúrufræðingur í framtíðinni, hlær hún og segir að draumur hans sé að verða skíðakennari. „Hann hefur vissulega gaman af náttúrufræði og við foreldrarnir reynum að kveikja áhuga hans á okkar áhugamáli sem er útivist, göngur og veiði. Á sýningunni er kjörið tækifæri til að vekja athygli barna á náttúru Íslands auk þess sem það er svo skemmtilegt að tengja sýninguna við staði sem við þekkjum."

## Skemmtileg efnatilraun

Benjamín segir að sýningin á þriðjudaginn hafi verið svolítið öðruvísi heldur en í fyrri skiptin. „Það var í gangi efnatilraun sem var mjög skemmtileg. Ég á örugglega eftir að fara aftur því það er alltaf eitthvað nýtt í gangi," segir hann. „Mest gaman var að sjá holufyllingarnar. Mikið af kristöllum og steinum," segir hann. „Fossinn sem var með nöfnum allra fossa á Íslandi var líka rosalega skemmtilegur."

Benjamín segir að það hafi verið sérstaklega skemmtilegt að fara með mömmu sinni því hann gat sýnt henni alls konar, verið nokkurs konar leiðsögumaður. „Ég mæli með að allir krakkar fari með foreldrum sínum á sýninguna. Þarna er eitthvað fyrir alla aldurshópa. Margt mjög spennandi að sjá," segir Benjamín sem er í Háteigsskóla og er rétt að byrja í náttúrufræði.

## Fyrir alla aldurshópa

Anna Katrín Guðmundsdóttir, viðburða- og verkefnastjóri, segir að safnkennslan sé stór þáttur í starfsemi safnsins. „Safnkennarar Náttúruminjasafns Íslands taka á móti skólahópum á öllum skólastigum. Áherslan er þó á grunnskólann þar sem verkefni eru búin til með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskólanna. Kennslan er því hugsuð sem stuðningur við náttúrufræðikennslu. Næsta vetur býðst miðstigi og efsta stigi grunnskólanna að velja ákveðna flokka, til dæmis veður, votlendi, líf í ferskvatni, leysni vatns, landmótun eða flokka sem henta námsefninu á hverjum tíma. Þannig geta hóparnir komið oftar með ólíkar áherslur og alltaf fengið eitthvað nýtt út úr heimsókninni. Við gerð fræðsluefnis fyrir börn og unglinga er áhersla lögð á að viðfangsefnið tengist hæfniviðmiðum aðalnámskrár og grunnþáttum menntunar eins og sköpun, læsi og sjálfbærni," segir hún.

## Fyrsta sinnar tegundar

Anna Katrín bendir á að Vatnið í náttúru Íslands sé fyrsta sýning sinnar tegundar hér á landi þar sem fjallað er um málefni vatns á Íslandi á heildstæðan hátt. „Sýningin er í 350 fermetra rými á annarri hæð í Perlunni.

Fjallað er um efna- og eðlisþætti vatns, gerð og eðli vatnsauðlindarinnar, hlutverk vatns við mótun lands og uppbyggingu og einnig fjölbreytileika vatnalífríkis allt frá jurtum, örverum og dýrum til heilla vistkerfa," segir hún og bætir við: „Fróðleik og upplýsingum á sýningunni er miðlað á fjölbreyttan hátt í máli og myndum. Rík áhersla er lögð á sjónræna framsetningu og gagnvirka þátttöku sýningargesta með nýjustu margmiðlunartækni sem unnin er í samstarfi við leiðandi aðila í margmiðlun, íslenska fyrirtækið Gagarín og þýska fyrirtækið Art+Com Studios en yfirhönnuður sýningarinnar er Þórunn S. Þorgrímsdóttir."

## Fegurð og furður

„Sýning Náttúruminjasafnsins á að endurspegla fjölbreytileika, fegurð og furður í vatnanáttúru Íslands og efla með því móti umhverfisvitund og virðingu gagnvart náttúrunni," segir Anna Katrín og bendir á að biðin eftir viðunandi aðstöðu til sýningarhalds af þessu tagi teygi sig aftur á 19. öld, til stofnunar forvera Náttúruminjasafnsins, Hins íslenska náttúrufræðifélags, árið 1889. Félagið starfrækti sýningarhald á ýmsum stöðum í Reykjavík fram til 1947 og á árunum 1967-2007 rak Náttúrufræðistofnun Íslands, systurstofnun Náttúruminjasafnsins, sýningarsali á Hlemmi. Aðstæður voru hins vegar nær ávallt óviðunandi. Það er því fyrst núna sem safnið fær viðeigandi húsnæði undir sýningarhald," útskýrir hún.

„Að lokinni heimsókn eiga gestir að fara heim með tilfinningu aðdáunar og væntumþykju til náttúrunnar og upplýstari en áður um leyndardóma hennar og náttúrulega ferla sem eru undirstaða lífs og forsenda fyrir farsælli framtíð og búsetu í landinu," segir Anna Katrín.



**Anna Katrín Guðmundsdóttir, viðburða- og verkefnastjóri safnsins, segir mikinn áhuga hjá fólki á öllum aldri að skoða sýninguna Vatnið í náttúru Íslands í Perlunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Spennandi tilraun í gangi og fylgst með af athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sýningin er opin frá 9-22 alla daga á 2. hæð í Perlunni.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103, | Veffang: frettabladid.is

# Lífið í Listasafni Íslands er einstakt á sumrin

Gestunum fjölgar, Íslendingar í sumarleyfum mæta og njóta sýninga safnsins og erlendir ferðamenn streyma að og heillast af íslenskri list.


Það er mikið um að vera í Listasafni Íslands yfir sumartímann. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Að sögn Ragnheiðar Vignisdóttur, verkefnastjóra viðburða og fræðslu hjá Listasafni Íslands, er sumarið einstaklega skemmtilegur tími í Listasafni Íslands. Á hverjum fimmtudegi er jazztónleikaröðin Freyjujazz með tónleika í safninu við Fríkirkjuveg þar sem tónlistin ómar um húsið. Einnig eru sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í Laugarnesi á hverju þriðjudagskvöldi fram í ágúst.

„Við erum með skipulagðar leiðsagnir á ensku fyrir erlenda gesti einu sinni í viku og sérstakt fræðsluefni fyrir börn sem heimsækja safnið á eigin vegum eða með fjölskyldum sínum,“ segir Ragnheiður. Fræðsluefnið er í formi fjársjóðskorts sem leiðir fjölskyldur í gegnum sýninguna Fjársjóður þjóðar. „Það er svo gaman að sjá fjölskyldur koma saman á safnið og eiga samræður um verkin sem þau skoða með fjársjóðskortinu.“

## Áhugaverðar sýningar

„Gestir geta gengið að sýningu á verkum úr safneign Listasafns Íslands og það vekur mikla gleði. Sýningin sem um ræðir, Fjársjóður þjóðar, gefur innsýn í íslenska listasögu frá aldamótum 1900 til dagsins í dag. Það er ánægjulegt að miðla safnkostinum í bland við sýningar á verkum eftir starfandi listamenn eins og yfirlitssýningu Huldu Hákon – Hverra manna ertu? sem nú stendur yfir fram í september.

Hulda Hákon markaði sér fljótt sérstöðu í íslenskri listasögu bæði í efnisvali og myndmáli. Flest verka hennar eru lágmyndir og eru elstu verkin gerð úr spýtnabraki. Verkin á sýningunni spanna allan feril Huldu, frá 1983 til 2019. Auk þeirra sýnir Listasafn Íslands viðtalsmynd við listamanninn sem unnin var sérstaklega í tengslum við sýninguna.




„Þessi sýning er alveg mögnuð og hún á erindi við almenning. Við sjáum og heyrum hversu vel þessi sýning höfðar til gestanna okkar, bæði erlendra gesta og íslenskra. Verkin skírskota bæði til hversdagsleikans sem við öll þekkjum og til samfélagsins, oft með gagnrýnum hætti. Hulda sækir einnig í sagnaarf þjóðarinnar og miðlar honum á áhugaverðan hátt. Sýningin er uppfull af skilaboðum og verkum sem fá mann til þess að hugsa og tengja við sitt eigið líf og sitt eigið samfélag – það er það sem er svo gefandi, þetta er sýning sem skilur eitthvað eftir, og ég leyfi mér að segja sýning sem enginn má missa af,“ útskýrir Ragnheiður.



„Heimsókn í safnbúðina er upplifun út af fyrir sig,“ segir Ragnheiður.


Boðið er upp á skipulagðar leiðsagnir á ensku fyrir erlenda gesti einu sinni í viku. „Það er gaman að sjá hvað erlendir gestir eru heillaðir af safninu.“

## Margt í boði

Hægt er að kaupa aðgöngumiða á safnið en innifalin í honum er einnig heimsókn í Listasafn Sigurjóns Ólafssonar í Laugarnesinu, Safn Ásgríms Jónssonar við Bergstaðastræti 74 og Safnahúsið við Hverfisgötu. „Listasafnið hóf nýlega samstarf við Þjóðminjasafn Íslands þar sem gestum safnsins er sérstaklega boðið í Safnahúsið við Hverfisgötu sem hýsir mörg verk úr safneign Listasafns Íslands, en Safnahúsið er rekið af Þjóðminjasafninu. Samstarfið felst einnig í því að gestum Þjóðminjasafnsins er boðinn aðgangur að Safni Ásgríms Jónssonar, heimili listamannsins.“ segir Ragnheiður. „Í raun fá gestirnir okkar einn miða sem gildir á fjögur söfn sem

> „Það er svo gaman að sjá fjölskyldur koma saman á safnið og eiga samræður um verkin sem þau skoða með fjársjóðskortinu.“

upplagt er að nýta sumarið til að skoða og njóta.“

Safnið býður einnig upp á skemmtilega viðburða- og fræðsludagskrá. „Í Listasafninu er fjölbreytt viðburða- og fræðsludagskrá sem tengist sýningum safnsins. Krakkaklúbburinn Krummi er öflug viðbót við safnastarfið okkar og verður haustdagskrá klúbbsins kynnt á Menningarnótt með stórum viðburði. Sérsniðnar leiðsagnir fyrir eldri borgara sem kallast Gæðastundir eru einu sinni í mánuði á safninu þar sem boðið er upp á fræðslu og leiðsagnir ásamt kaffi og bakkelsi sem er alltaf vel þegið,“ segir Ragnheiður.

„Við erum einnig með leiðsagnir í tengslum við yfirstandandi sýningar og vinnum nú að haustdagskránni sem ég get lofað að verður viðburðarík og skemmtilegt.“

Vert er að minnast á safnbúð listasafnsins, en þar eru framleiddar vörur sem tengjast safninu og íslenskri myndlist. „Þar eru listaverkabækur til sölu og einstök gjafavara. Heimsókn í safnbúðina er upplifun út af fyrir sig.“

Til að fylgjast með tilkynningum um nýjar sýningar, fræðslu og viðburði er hægt að heimsækja heimasíðu Listasafns Íslands www.listasafn.is. Safnið er opið alla daga í sumar frá 10.00-17.00.

# Komdu og upplifðu Hafnarfjörð

Hafnarfjörður er einstakur bær. Þar eru ævintýri og djúp saga við hvert fótmál, miðbærinn er fullur af lífi og hafnarsvæðið heillandi.



Áhugaverð sýning um sýn átta samtímaljósmyndara á Hafnarfjörð stendur nú yfir í Hafnarborg.



Mannauður safna Hafnarfjarðar er mikill. Hér má sjá Rósu Karen Borgþórsdóttur, safnvörð á Byggðasafni, og Nínu Friðriksdóttur, afgreiðslufulltrúa í Hafnarborg.

Á síðustu árum hefur sprottið upp um allan bæ fjölbreytt verslun og þjónusta, veitingastaðir og kaffihús sem íbúar og vinir Hafnarfjarðar nýta sér óspart. Þannig geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hvort sem það er útivist í upplandi Hafnarfjarðar á Helgafelli, við Hvaleyrarvatn eða Ásfjallið, leikur og fjör á Víðistaðatúni og í Hellisgerði eða menningarleg upplifun í miðbæ Hafnarfjarðar þar sem finna má hvort tveggja Byggðasafn Hafnarfjarðar, sem er með sýningar í fimm húsum og á Strandstíg, og listasafnið Hafnarborg.

## Frítt á öll söfn

Menningarbærinn Hafnarfjörður tekur vel á móti listunnendum og áhugasömum um sögu Fjarðarins og fólksins sem hann byggði. Þannig hefur list og menning frá upphafi spilað mikilvægt hlutverk í hafnfirsku samfélagi. Frítt er inn á öll söfn Hafnarfjarðar. Því er tilvalið að njóta dagsins á rölti um miðbæinn, drekka í sig söguna og menninguna og upplifa á sama tíma allt það sem miðbær Hafnarfjarðar hefur upp á að bjóða.

Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, er opin frá kl. 12 til 17 alla daga vikunnar nema á þriðjudögum þegar safnið er lokað. Frá 1. júní til 31. ágúst er Byggðasafn Hafnarfjarðar opið alla daga frá kl. 11 til 17.

Hafnfirðingar og aðrir Íslendingar eru duglegir að heimsækja söfnin í Hafnarfirði en erlendir ferðamenn eru líka farnir að gera það í auknum mæli. Fólk er farið að sjá hve greitt aðgengið er að hafnfirskri menningu og sögu. Fjölbreytileiki sýninga, viðburða og hvers kyns skemmtana er gríðarlega mikill.

## Hið náttúrulega umhverfi

Þessa dagana stendur meðal annars yfir í Hafnarborg áhugaverð sýning átta samtímaljósmyndara sem endurspeglar sýn þeirra á Hafnarfjörð. Sýningarstjóri er Kirsten Simonsen og listamennirnir eru Daniel Reuter, Marino Thorlacius, Pamela Perez, Pétur Thomsen, Spessi, Staś Zawada, Stuart Richardson og Svala Ragnars.

Öll eiga þau það sameiginlegt að hafa unnið að ljósmyndaverkefnum í Hafnarfirði og umhverfis bæinn á árunum 2006 til 2019.

Verkin á sýningunni varpa ljósi á tímahvörf bæjarins. Þau gefa innsýn í hið nýja og oft á tíðum flókna bæjarfélag sem er að myndast, hið náttúrulega umhverfi í Hafnarfirði árið 2019. Áherslur og nálgun listamannanna er mjög ólík. Þeir hafa reikað um götur Hafnarfjarðar, meðal annars með barnavagn, séð heilu hverfin taka á sig mynd í útjaðri bæjarins, heimsótt iðnaðarhverfi sem þarfnast endurbóta og fundið merki um huldufólk.

Listamennirnir hafa upplifað óspillta fegurð og einstæð augnablik í umhverfinu og samfélaginu sem oft falla í skuggann. Myndir þeirra fanga á sama tíma ferskleika, hlýju og fábrotin sérkenni sem gera Hafnarfjörð einstakan og öðruvísi.

Sýningarskrá Hafnarborgar er fjölbreytt en að jafnaði eru í safninu haldnar 10–12 myndlistarsýningar á ári, þar sem finna má verk er spanna íslenska listasögu allt frá þjóðargersemum frumkvöðlanna til tilraunakenndra verka samtímalistamanna. Fyrirlestrar og málþing í tengslum við sýningar safnsins eru fastur liður í dagskránni.

Áhersla er lögð á að bjóða upp á samtal gesta við listamenn og sýningarstjóra og stuðla þannig að áhugaverðari upplifun af sýningum. Listasmiðjur og leiðsagnir fyrir börn eru einnig reglulegir viðburðir. Yfir veturinn eru hádegistónleikar haldnir mánaðarlega og er þar lögð áhersla á klassíska tónlist, auk þess sem samtímatónleikaröðin Hljóðön skipar veglegan sess í dagskránni.


KÍNASAFN UNNAR

KÍNASAFN UNNAR, Njálsgötu 33b, Reykjavík, er opið almenningi laugardaga og sunnudaga frá kl. 14.00 til 16.00.

Gestir safnsins eru líka velkomnir að skoða stofur íbúðar Unnar, á Njálsgötu 33, en þær eru fullbúnar kínverskum húsgögnum og munum.

Hægt að panta sérsýningar utan almenns sýningartíma.



Mjög gott aðgengi er að safninu, sem er á baklóð Njálsgötu 33. Hægt er að aka í hjólastól frá gangstéttinni og alla leið inn í safnsalinn.

Safnið er fyrir alla, frá 12 ára aldri og upp úr.
Símar 551 2596 og 868 2726.
Netfang: kinaklubbur@simnet.is




Í safninu eru fornmunir, allt að 1500 ára gamlir, úr bronsi, látúni, keramik, postulíni, silki, fílabeini og viði.



Unnur Guðjónsdóttir í kínverskri lokrekkju frá 18. öld.



www.kinaklubbur.weebly.com

Skógasafn er stærsta og fjölsóttasta safnið á landsbyggðinni

SKÓGASAFN
Skógar Museum




Þar er að finna byggðasafn, húsasafn og samgöngu- og tækniminjasafn með fjölbreyttar sýningar á um 2.500 m².

Minjagripaverslun og veitingastaðurinn Skógakaffi eru í Samgöngusafninu.

Góður afsláttur fyrir hvers kyns hópa, sendið okkur fyrirspurnir á booking@skogasafn.is og fáið tilboð.

Opið:
Vetur: 11:00-17:00
Sumar: 09:00-18:00



Nánari upplýsingar má finna á:
www.skogasafn.is
www.facebook.com/SkogarMuseum
netfang: booking@skogasafn.is

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

# Starfsmaður í upplýsingatækniteymi

Lánasjóður íslenskra námsmanna óskar eftir að ráða starfsmann í upplýsingatækniteymi hjá LÍN.
Um er að ræða framtíðarstarf. Verkefnin eru fjölbreytt og getur nýr starfsmaður haft áhrif á þróun starfs síns.

Umsóknarfrestur
**15. ágúst 2019**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/14182**

**Starfssvið:**
- Úrlausn verkbeiðna hjá upplýsingatæknideild.
- Úrvinnsla á gögnum í SQL ofl.
- Þátttaka í rekstri þróunar- og prófunarumhverfis.
- Prófanir á nýjum lausnum og samskipti við ytri forritara.

**Menntun, hæfni og reynsla:**
- Verkfræði, tölvunarfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af SQL fyrirspurnarmáli er skilyrði.
- Reynsla af verkefnastjórnun og innleiðingu nýrra upplýsingatæknikerfa er kostur.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð samskiptafærni, samstarfsvilji og álagsþol.

LÍN LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Lánasjóður íslenskra námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður sem hefur það að markmiði að tryggja námsmönnum í lánshæfu námi jöfn tækifæri til náms án tillits til efnahags.

Hjá LÍN starfa rúmlega 30 starfsmenn. Gildi þeirra eru fagmennska, samstarf og framsækni.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_




# Verkstjóri á bílaverkstæði

**Toyota Kauptúni leitar að vinnusömum, metnaðarfullum og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstarf sem verkstjóri á stóra og öfluga bílaverkstæðinu okkar.**

## Starfssvið
- Skipulagsmál og stjórnun verkstæðisins
- Innleiðing og umsjón með ferlum verkstæðisins
- Gæðamál og staðlar
- Öryggis- og umhverfismál tengd verkstæðinu
- Samskipti við viðskiptavini
- Starfsmannamál deildarinnar
- Umsjón með tækjabúnaði verkstæðisins og samskipti við birgja

## Hæfniskröfur
- Stjórnunarhæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum og heiðarleiki
- Skipulagshæfni og skilvirkni í störfum
- Stundvísi, ósérhlífni, sveigjanleiki og fyrirmynd
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi
- Góð tækniþekking

**Hægt er að sækja um á vef félagsins www.toyota.is/storf. Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir fanny@toyota.is. Umsóknarfrestur er til og með 27. júlí 2019.**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

www.toyotakauptuni.is info@toyota.is

bsi. ISO 14001 Environmental Management

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2019

# Google markaðssetning

**Vegna aukins fjölda verkefna leitar The Engine að tveimur sérfræðingum í markaðssetningu á netinu, með áherslu á Google.**

**Starfssvið \ hæfniskröfur**

Víðtækur skilningur á stafrænni markaðssetningu og leiðum í kostuðum leitarniðurstöðum.
Mikil þekking á Google umhverfinu (Analytics, Adwords, Tag Manager, Optimize o.fl.).
Víðtæk reynsla af skipulagningu, uppsetningu og utanumhaldi á herferðum á leitarvélum s.s. Google, Bing, Yahoo o.fl. Þekking á aðferðafræði A/B-prófana ásamt færni í uppsetningu og framkvæmd. Færni í gagnagreiningu ásamt getu til að varpa niðurstöðum yfir í framkvæmanlegar aðgerðir.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið umsoknir@pipar-tbwa.is fyrir 5. ágúst 2019.**

**Menntun \ reynsla**

Við sækjumst eftir fólki með starfsreynslu í netmarkaðssetningu. Háskólamenntun sem nýtist í starfi er mjög æskileg ásamt ríkum vilja til að setja sig stöðugt inn í og tileinka sér nýjungar á sviði netmarkaðssetningar. Í því felst jafnframt að enskukunnátta þarf að vera mjög góð. Æskilegt er að geta sýnt fram á árangur af fyrri störfum.

the engine

VR FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2019 | VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2018 | JAFNLAUNAVOTTUN VR

**The Engine er hluti af Pipar\TBWA.**

Pipar\TBWA

# Bakari óskast í fullt starf

BÆJARBAKARÍ

Við leitum eftir bakara eða vönum starfsmanni. Um 100% stöðugildi er að ræða með vinnutíma frá kl. 05:00 - 13:00 virka daga og þriðja hver helgi. Helstu verkefni: Bakstur, laga deig og annað sem lýtur að brauði og kökugerð ásamt frágangi. Hæfniskröfur: Iðnmenntuð/menntaður bakari. Einnig kemur til greina að ráða umsækjandi sem býr yfir reynslu af störfum í bakaríi.

Áhugasamir senda umsókn eða ferilskrá á **bakari@bakari.is** eða hafið samband í síma **868-1676 Siggi**. Hikið ekki við að hafa samband til að fá frekari upplýsingar.

# Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

## Saksóknarfulltrúar

Brennur þú fyrir lögfræðilegum áskorunum, krefjandi verkefnum og skemmtilegum vinnustað. **Við leitum að** tveimur framúrskarandi lögfræðingum í störf saksóknarfulltrúa hjá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Saksóknarfulltrúar sem ákærendur eru lögreglustjóra til aðstoðar við framkvæmd ákæruvalds. Hlutverk þeirra er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmætum viðurlögum.

**Sjá nánar um hlutverk ákærenda:**
https://www.rikissaksoknari.is/um-akaeruvaldid/um-akaeruvaldid/

**Hæfnikröfur**
**Skilyrði:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði frá viðurkenndri menntastofnun
- Hreint sakavottorð og jákvæð bakgrunnsskoðun lögreglu
- Málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi

**Kostir:**
- Viðbótarnám sem nýtist í starfi
- Góð þekking á lögreglukerfinu LÖKE
- Reynsla af saksóknarstörfum
- Víðtæk reynsla af lögmannsstörfum eða störfum innan stjórnsýslunnar
- Þekking á störfum lögreglu og rannsóknum mála

**Mikilvægir eiginleikar:**
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Nauðsynlegt að geta unnið undir miklu álagi
- Frumkvæði, réttsýni og ábyrgðarkennd
- Nákvæm, fagleg og traust vinnubrögð
- Jákvæðni og stundvísi

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Stéttarfélag lögfræðinga hafa gert. Starfið er dagvinna með bakvöktum.

Sækja skal um stöðuna með rafrænum hætti á vef Starfatorgs, www.starfatorg.is þar sem nánari upplýsingar er að finna. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að vanda umsóknir sínar. Kynningarbréf og ferilskrá fylgi umsókn.

Starfshlutfall er 100%. **Umsóknarfrestur er til og með 29.07.2019**




Austurbrú, í samstarfi við Fljótsdalshrepp, auglýsir eftir verkefnisstjóra í verkefnið - Fögur framtíð í Fljótsdal en í því felst að fylgja m.a. eftir ákvörðunum samfélagsnefndar (verkefnastjórnar) og samfélagsþinga til ársloka 2022 til eflingar byggðar og mannlífs í Fljótsdalshreppi.

**Hæfniskröfur**
- Almenn menntun sem nýtist í verkefninu. Háskólamenntun er æskileg.
- Haldbær starfsreynsla og reynsla af verkefnastjórnun.
- Góð almenn rit- og tölvufærni.
- Samstarfs- og samskiptafærni eru mikilvægir eiginleikar.
- Þekking, skilningur og reynsla af byggðamálum mikilvæg.
- Gott frumkvæði, jákvæðni og færni í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Þekking á staðháttum á Austurlandi er kostur.

**Helstu verkefni**
- Hafa frumkvæði að og hvetja til nýrra verkefna í Fljótsdalshreppi.
- Styðja við og stuðla að nýsköpun og þróun í starfandi fyrirtækjum og stofnunum í Fljótsdalshreppi.
- Upplýsingamiðlun og skýrslugerð til íbúa og samstarfsaðila.
- Þátttaka í samfélagsverkefnum í sveitarfélaginu.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og aðsetur verkefnastjóra verður í Austurbrú á Egilsstöðum með reglulegri viðveru í Fljótsdal. Unnið verður að mestu eftir vinnulagi sem þróað hefur verið undir verkefnaheitinu Brothættar byggðir og upplýsingar um það má finna á heimasíðu Byggðastofnunar (**byggdastofnun.is**).

Nánari upplýsingar veitir **Jóna Árný Þórðardóttir** (**jona@austurbru.is**). Umsóknir, ásamt ferilskrá, skal senda á netfangið **anna@austurbru.is** merkt: Fögur framtíð í Fljótsdal.
**Umsóknarfrestur er til og með 11. ágúst 2019.**

Fljótsdalshreppur AUSTURBRÚ

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

# Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

capacent.is

## Hallormsstaðaskóli óskar eftir starfsmanni í 100% starf.

Tímabundin ráðning fram að áramótum með möguleika á framtíðarstarfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. júlí 2019**

Starfsmaður þarf helst að geta hafið störf 6. ágúst 2019.

Áhugasamir sendi inn kynningarbréf ásamt ferilskrá á netfangið bryndis@hskolinn.is

**Sjá nánar á Job.is**

## Verkefnastjóri fræðslu- og fjölskylduþjónustu Hallgrímskirkju



**Laust er til umsóknar starf verkefnastjóra við Hallgrímskirkju.**

Hlutverk verkefnastjórans er að stýra æskulýðs- og fjölskyldustarfi kirkjunnar s.s. kirkjuskóla og fjölskyldumessum, foreldramorgnum, fermingarstarfi auk samstarfs við skóla og félagasamtök. Einnig heyrir undir starfið sértækt fræðslustarf sbr. aðventunámskeiðið Jólin hans Hallgríms og þróun frekara fræðsluefnis fyrir ungt fólk.
Verkefnastjóri skal hafa háskólamenntun og starfsreynslu sem nýtast í starfi.
Starfshlutfallið er 100% og er ráðið í starfið frá og með 1. september 2019.
**Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst 2019.**

Upplýsingar um starfið veitir Sigríður Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju, sigridur@hallgrimskirkja.is. Vinsamlegast hafið í huga að hreint sakavottorð er skilyrði.

## Starfsmaður í verslun

**Við leitum að öflugum og þjónustulunduðum einstaklingi til starfa í verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Rétt manneskja fær tækifæri til að vaxa í starfi og taka virkan þátt í uppbyggingu og rekstri fyrirtækisins. Opnunartími 08:00-18:00, vinnutími eftir samkomulagi.**
**Um framtíðarstarf er að ræða.**

**Starfssvið**

- Þjónusta viðskiptavini í verslun.
- Ábyrgð á móttöku sendinga.
- Ábyrgð með útstillingum og útliti verslana.

**Hæfniskröfur**

- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking og áhugi á bílum er kostur.
- Reynsla af afgreiðslu á varahlutum eða reynsla í bifvélavirkjun kostur.
- Æskilegt að viðkomandi hafi bílpróf.
- Hreint sakavottorð

**Umsóknir sendist á atvinna@stilling.is**
**Umsóknarfrestur er til 25. júlí.**

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

## Upplýsingatæknideild Vegagerðarinnar
## Starfsmaður í kerfisrekstur

VEGAGERÐIN

FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

Vegagerðin starfar á mörgum starfsstöðvum um allt land sem tengjast víðneti stofnunarinnar. Vegagerðin rekur einnig víðfeðmt net margvíslegra myndavéla, veðurstöðva, mælitækja og skynjara sem notast við eftirlit með vegakerfi landsins. Bak við alla þessu vinnslu er fjöldi upplýsingakerfa. Upplýsingatæknideild Vegagerðarinnar þjónustar þennan rekstur auk þess að þróa og viðhalda mörg þessara kerfa.
Upplýsingatæknideildin er til húsa í höfuðstöðvum Vegagerðarinnar í Reykjavík. Í deildinni starfa tólf starfsmenn. Leitað er að starfsmanni til að efla enn frekar þennan hóp.
Verkefnin eru margvísleg, hefðbundinn kerfisrekstur og ýmis verkefni sem tengjast tæknilegri sérstöðu Vegagerðarinnar. Framundan eru umtalsverðar breytingar á upplýsingatæknimálum Vegagerðarinnar og mörg spennandi verkefni.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Umfangsmikil almenn þekking og reynsla af kerfisrekstri.
- Góð þekking á Windows Server rekstri.
- Góð þekking á sýndarumhverfum (HyperV, VMware).
- Almenn þekking á nethögun.
- Reynsla af rekstri netþjóna hýstum í skýjaþjónustum, sérstaklega Azure.
- Góð innsýn í önnur stýrikerfi, sérstaklega Linux.
- Skilningur á gagnagrunnum (Oracle, MS Sql).
- Skipulögð vinnubrögð, góð ritfærni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.




**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst 2019. Umsóknir berist á netfangið starf@vegagerdin.is.
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.
Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar veitir Marteinn Sverrisson, forstöðumaður upplýsingatæknideildar í síma 522 1201.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Aðstoðarmaður | Háskóli Íslands, rekstur fasteigna | Reykjavík | 201907/1387 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | Akureyri | 201907/1386 |
| Sjúkraliðar í heimahjúkrun | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Kópavogur | 201907/1385 |
| Teymisstjórar í heimahjúkrun | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Kópavogur | 201907/1384 |
| Starfsmaður í ræstingum | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201907/1383 |
| Sjúkraþjálfari heilsug./hreyfistj. | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201907/1382 |
| Aðstoðarfólk í umönnun | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201907/1381 |
| Starfsmenn í aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201907/1380 |
| Sjúkraliðar | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201907/1379 |
| Starfsmenn í eldhús | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201907/1378 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Stykkishólmur | 201907/1377 |
| Hjúkrunarfræðingur á heilsug. | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201907/1376 |
| Starfsmaður í kerfisrekstur | Vegagerðin | Reykjavík | 201907/1375 |
| Sjúkraliði | Landspítali, Landakot, útskriftardeild | Reykjavík | 201907/1374 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, barnadeild | Reykjavík | 201907/1373 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, barnadeild | Reykjavík | 201907/1372 |
| Sjúkraliði | Landspítali, barnadeild | Reykjavík | 201907/1371 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, taugalækningadeild | Reykjavík | 201907/1370 |
| Sjúkraliði | Landspítali, taugalækningadeild | Reykjavík | 201907/1369 |
| Sjúkraliði | Landspítali, hjartarannsóknarstofa | Reykjavík | 201907/1368 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, bráðalækningar | Reykjavík | 201907/1367 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, skilunardeild | Reykjavík | 201907/1366 |
| Hjúkrunarfræðingar | Heilsugæslan Miðbæ | Reykjavík | 201907/1365 |
| Náms- og starfsráðgjafi | Verkmenntaskóli Austurlands | Neskaupstaður | 201907/1364 |
| Framhaldsskólakennari í rafiðngr. | Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi | Vesturland | 201907/1363 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Efstaleiti | Reykjavík | 201907/1362 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Vestfjörðum | Vestfirðir | 201907/1361 |
| Sérfræðingur, inn- og útflutn. | Matvælastofnun | Selfoss | 201907/1360 |
| Aðstoð í mötuneyti | Fjölbrautaskólinn í Mosfellsbæ | Mosfellsbær | 201907/1359 |
| Stundakennari í rafvirkjun | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Sauðárkrókur | 201907/1358 |
| Innheimtufulltrúi | Sýslumaður Norðurlands vestra | Blönduós | 201907/1357 |

HEILSUGÆSLAN

## Teymisstjórar við heimahjúkrun

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) auglýsir laus til umsóknar störf teymisstjóra hjúkrunar við Heimahjúkrun HH.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. ágúst 2019.**

Heimahjúkrun HH veitir einstaklingnum viðeigandi aðstoð við að auka sjálfsbjargargetu sína og auðvelda þeim að dveljast heima við sem eðlilegastar og bestar aðstæður eins lengi og unnt er miðað við heilsufar og félagslegan aðbúnað. Veitt er einstaklingsmiðuð hjúkrun þar sem forvarnir, heilsuvernd, heilsuefling, fagleg þekking og samstarf er haft að leiðarljósi.

Nánari upplýsingar um starfsemi Heimahjúkrunar HH má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is)

### Teymisstjóri

Teymisstjóri í heimahjúkrun ber ábyrgð á hjúkrun ákveðins hóps skjólstæðinga. Starfssvið hans er stýring teymis sem veitir víðtæka hjúkrun í heimahúsum vegna langvinnra sjúkdóma, andlegrar og/eða líkamlegrar skerðingar. Starfshlutfall er 100%.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Stuðningur við einstaklinga, aðstandendur sem og samstarfsfólk
- Skipuleggur og verkstýrir framkvæmd hjúkrunar
- Tryggir góð samskipti og samvinnu við aðrar sjúkrastofnanir og heilbrigðisstéttir með hagsmuni skjólstæðinga að leiðaljósi
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu

#### Hæfnikröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði
- Reynsla af verkefnastjórn er æskileg
- Reynsla af teymisvinnu og faglegur mentaður er æskileg
- Fjölbreytt reynsla í hjúkrun er nauðsynleg
- Samskipta- og skipulagshæfni er nauðsynleg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Gilt ökuleyfi og hreint sakavottorð
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg

#### Nánari upplýsingar veitir

- Sigrún Kristín Barkardóttir, s. 513-6900, sigrun.barkardottir@heilsugaeslan.is

Sjá nánar á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).



## Laus störf hjá Kópavogsbæ

Fjölbreytt og áhugaverð störf eru laus til umsóknar hjá Kópavogsbæ.

Við óskum eftir skólaliða, leikskólakennara, deildarstjóra, þroskaþjálfa og matráð.

Einnig óskum við eftir aðstoðarleikskólastjóra, sérkennara, leiðbeinanda og starfsmanni í sundlaug.

Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf á heimasíðu okkar www.kopavogur.is

Kópavogsbær

kopavogur.is


## ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Finndu þitt starf inn á

Job.is

Glæný og fersk störf í hverri viku.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is


## Við erum alltaf með bókara á skrá



HAGVANGUR

hagvangur.is



# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir
eru okkar besta auglýsing





FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is




# Deildarstjóri sérúrræða í Álfhólsskóla

Í Álfhólsskóla eru um 640 nemendur í 1. til 10. bekk og um 120 starfsmenn. Skólinn byggir á langri hefð fyrir framsækni og árangursríku skólastarfi þar sem áhersla er lögð á þátttöku í þróunarverkefnum. Í Álfhólsskóla er skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins. Í skólanum eru starfrækt sérhæfð námsver fyrir einhverfa nemendur. Einkunnarorð skólans eru: menntun – sjálfstæði - ánægja.

Deildarstjóri sérúrræða er millistjórnandi sem ber ábyrgð á verkstjórn u.þ.b. 30-35 starfsmanna. Deildarstjóri hefur umsjón með skipulagi og faglegu starfi í sérúrræðum nemenda í samráði við kennara og skólastjórnendur. Hann er þátttakandi í stoðteymi skólans, stýrir teymisfundum og tilheyrir stjórnendateymi skólans. Hann fylgist með nýbreytni og þróun í kennslufræðum og er leiðandi aðili í faglegu starfi skólans og innleiðingu stefnu um menntun fyrir alla ásamt öðrum stjórnendum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- BEd, Kennsluréttindi og/eða BA í þroskaþjálfafræðum
- Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af sérkennslu eða starfi við stoðþjónustu grunnskóla
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, samviskusemi og skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur til og með 5. ágúst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Bent er á að samkvæmt lögum verða umsækjendur að gefa heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá

Upplýsingar gefur Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri **sigrunb@kopavogur.is.**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is


# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

## Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur

Allar auglýsingar vegna innkaupaferla eru birtar á

**utbodsvefur.is**

Utbodsvefur.is er sameiginlegur auglýsingavettvangur opinberra útboða þar sem birtar eru auglýsingar og/eða tilkynningar um fyrirhuguð innkaup.

OR Orkuveita Reykjavíkur · Veitur · Gagnaveita Reykjavíkur · ON Orka náttúrunnar

Grunnur að lífsgæðum · Orkuveita Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • www.or.is


Þú finnur draumastarfið á

Job.is


# ÚTBOÐ

## Bríetartún 7, 105 Reykjavík

### Endurgerð skrifstofa 2. og 3. hæð

**ÚTBOÐ NR. 20983**

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Ríkiseigna, óskar eftir tilboðum í endurgerð skrifstofurýma 2. og 3. hæðar á Bríetartúni 7. Hæðirnar eru hvor um 375 m2 eða um samtals 750 m2. Um er ræða breytingar á þessum tveimur hæðum að innan, þ.m.t. allur fullnaðarfrágangur.
Útboðsgögn verða aðgengileg í rafræna útboðskerfinu TendSign mánudaginn 22. júlí 2019.

**Helstu verkþættir:**
**Burðarvirki**
**Lagnir og loftræsting**
**Raflagnir**
**Innanhúsfrágangur**

Tilboðum skal skila inn á TendSign fyrir kl. 13:00, 22. ágúst 2019. Verkið er tvískipt þar sem þriðju hæð skal vera að fullu lokið 20. des. 2019 og annarri hæð skal vera að fullu lokið 20. maí 2020.

Nánari upplýsingar og kröfur til verksins er að finna í TendSign á **www.tendsign.is**
Leiðbeiningar: https://www.rikiskaup.is/is/utbodsthjonusta/leidbeiningar-fyrir-tendsign

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

ÖLFUS

# Útboð

**Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í verkið:**

## Malbikun stígs 2019

**Verklok eru 1.10.2019**

Verkið felur í sér útlagningu jöfnunarlags og malbikun göngustígs við Þorlákshöfn.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Jöfnun og þjöppun á fyllingu | 9750 m² |
| Burðarlag (jöfnunarlag mulningur) | 490 m³ |
| Burðarlag, útjöfnun og þjöppun | 9750 m² |
| Malbikun Y8 | 7800 m² |

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 23. júlí 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá EFLU á Suðurlandi með því að senda tölvupósti á netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, **fyrir kl. 11:00 mánudaginn 12. ágúst** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

***Byggingarfulltrúinn í Ölfusi***

HS ORKA

Reykjanesvirkjun
Jarðvinna fyrir byggingarmannvirki
Útboð nr. F0219004-01

HS Orka hf. óskar eftir tilboðum í jarðvinnu fyrir byggingarmannvirki við Reykjanesvirkjun á Reykjanesi samkvæmt útboðsgögnum númer F0219004-01.

Verkið felur í sér jarðvinnu vegna stækkunar stöðvarhúss og byggingar skiljustöðvar. Þar með talið gröft lausra jarðlaga, losun og gröft fastra jarðlaga, vinnslu uppgrafins efnis í burðarhæfar fyllingar, efnisflutninga innan vinnusvæðis og niðurlögn, þjöppun og prófun burðarfyllingar undir mannvirki.

Helstu kennistærðir eru:

| | |
|---|---|
| Gröftur lausra jarðlaga | 18.000 m³ |
| Losun fastra jarðlaga | 12.500 m³ |
| Vinnsla og niðurlögn burðarfyllinga | 2.500 m³ |

Skila skal fullprófaðri burðarfyllingu stöðvarhússtækkunar þann 29. nóvember 2019. Skila skal fullprófaðri burðarfyllingu skiljustöðvar þann 30. desember 2019. Vinnu skal vera að fullu lokið 15. janúar 2020.

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef HS Orku hf. og skulu bjóðendur senda tölvupóst á netfangið rey4@hsorka.is til þess að fá aðgang að vefnum. Tilboðum skal skila rafrænt á útboðsvefnum fyrir klukkan 14:00 þann 19. ágúst 2019. Tilboð verða opnuð klukkan 14:00 þann sama dag. Ekki verður tekið við tilboðum á annan hátt en í gegnum útboðsvef.

VERKÍS | Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík - 422 8000 - verkis@verkis.is - www.verkis.is

HS ORKA SVARTSENGI 240 GRINDAVÍK 520-9300 HSORKA@HSORKA.IS

# ÚTBOÐ

RARIK óskar eftir tilboðum í:

**RARIK 19025**
**Strenglögn Geldingafell – Hveravellir\Kerlingarfjöll**

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vef RARIK www.rarik.is/utbod-i-gangi frá og með mánudeginum 22. júlí 2019.

Skila þarf tilboðum á skrifstofu RARIK, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 6. ágúst 2019. Tilboðin verða þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda, sem óska að vera viðstaddir.

RARIK

Sími 528 9000 • www.rarik.is


Þú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

# Starfsemi **samskiptaráðgjafa** íþrótta- og æskulýðsstarfs

**Mennta- og menningarmálaráðuneyti auglýsir eftir stofnun eða samtökum til þess að hafa umsjón með starfsemi samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs á grundvelli nýrra laga nr. 45/2019 um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs.** Um er að ræða ígildi eins stöðugildis til fimm ára. Stofnun eða samtök sem veljast til þess að hafa umsjón með starfseminni mun ráða starfsmann með fagþekkingu í starf samskiptaráðgjafa. Markmið með starfseminni er að auka öryggi í íþrótta- og æskulýðsstarfi.

**Hlutverk samskiptaráðgjafa samkvæmt 5. gr. laganna er eftirfarandi:**

1. Koma með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem taka þátt í starfsemi þeirra félaga og samtaka sem falla undir lög þessi, um atvik og misgerðir í þeim tilgangi að auka þekkingu og stuðla að réttum viðbrögðum við þeim.
2. Leiðbeina þeim einstaklingum sem til hans leita vegna atvika eða misgerða sem orðið hafa í skipulögðu starfi félaga og samtaka sem falla undir lög þessi eða í tengslum við það um þau úrræði sem standa til boða, hvernig kvörtun er komið á framfæri við rétt yfirvöld og eftir atvikum um þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á.
3. Aðstoða samtök og félög sem falla undir lög þessi við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra og stuðla að samræmingu á landsvísu, eftir atvikum í samráði við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, æskulýðssamtök og önnur samtök.
4. Veita ráðgjöf til þeirra sem taka þátt í starfsemi félaga og samtaka sem falla undir lög þessi um fyrirbyggjandi aðgerðir.
5. Fylgjast með rannsóknum og þróun á verksviði samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs og koma upplýsingum á framfæri við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, æskulýðssamtök og önnur samtök sem falla undir lög þessi.
6. Taka saman upplýsingar um starf samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðs starfs og þær tilkynningar sem honum hafa borist á liðnu almanaksári.

Umsóknir um umsjón með starfseminni sendist til mennta- og menningarmálaráðuneytis Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið mrn@mrn.is
**fyrir 1. september 2019.**

Nánari upplýsingar veitir Óskar Þór Ármannsson, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti, í síma 5459500.

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið




Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðgjöf og ráðningum.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

ráðum ráðningarstofa



Húsaskjól fasteignasala



**Auðun**
audun@husaskjol.is

Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi, sími: 894 1976 Löggiltur fasteignasali




**Opið hús 20.júlí 14:00-15:00**

**Stærð: 63.6 fm**

## Snæfoksstaðir

**Verð: 27.900.000**

Fallegt heilsárshús á góðum stað í Grímsnes og Grafningshrepp. Húsið er 63,6 fm og stendur á 0,9 ha kjarrivaxinni lóð en auk þess hefur verið plantað töluvert af trjám. Góð aðkoma er að húsinu frá Vaðnesveginum (Þrívörðuhraun). Húsið er á einstaklega rólegum stað í skipulagðri sumarhúsbyggð í landi Snæfoksstaða. Svæðið er lokað almennri umferð með símahliði.

WWW.HUSASKJOL.IS HUSASKJOL@HUSASKJOL.IS WWW.FACEBOOK.COM/HUSASKJOL



STAKFELL FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK



## ÁLFATÚN 18, 200 KÓPAVOGUR

**51.9M**

105,4 fm. falleg og björt fjögura herbergja neðri sérhæð í tvíbýli. Glæsilegur pallur og garður. Húsið stendur við Fossvogsdal þar sem er stutt í eitt vinsælasta útivistasvæði á höfuðborgarsvæðinu.



NÁNARI UPPLÝSINGAR:

**Kjartan Ísak Guðmundsson**
663 4392 - kjartan@stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


ÖLFUS

# Útboð

**Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í verkið:**

## Gatnagerð fyrir 1. áfangi Norðurhraun

**Verklok eru 15.12.2019**

Verkið felur í sér gatnagerð, lagnir og veitur fyrir nýjar götur í „Norðurhrauni".

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Uppúrtekt | 10500 m³ |
| Fyllingar | 12000 m³ |
| Losun á klöpp í skurðum | 650 m |
| Fráveitulagnir | 1300 m |
| Vatnslagnir | 800 m |
| Hitaveitulagnir | 800 m |

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 23. júlí 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Daða Aðalsteinsson hjá Tækniþjónustu SÁ ehf. með því að senda tölvupósti á netfangið dadi@t-sa.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, **fyrir kl. 11:00 mánudaginn 12. ágúst** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

***Byggingarfulltrúinn í Ölfusi***

# ÚTBOÐ

## Tilkynning um fyrirhugað forval/útboð

Ríkiskaup fyrir hönd Utanríkisráðuneytisins og Landhelgisgæslu Íslands vekja athygli á auglýsingu bandarískra yfirvalda um fyrirhugað forval/útboð á hönnun- og framkvæmdum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Um að ræða hönnun og verkframkvæmdir vegna flughlaða og tengdra verkefna. Bandarísk yfirvöld fjármagna og bjóða út þessa hönnun/framkvæmdir og munu eingöngu semja við íslensk og/eða bandarísk fyrirtæki um verkefnið. Þar sem framkvæmd þessi er alfarið fjármögnuð af bandarískum yfirvöldum lýtur hún ekki íslenskum lögum og reglum um opinber innkaup.

Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu þurfa m.a. að uppfylla öryggis- og trúnaðarkröfur og kröfur samanber varnarmálalög, reglugerð 959/2012 varðandi öryggisvottun, reglur sem gilda um aðgang að öryggissvæðum og Keflavíkurflugvöll, samanber t.d. reglugerð nr. 750/2016 og aðrar þær kröfur sem gerðar verða í útboðsgögnum. Aðeins fyrirtæki sem hafa skráð sig í gagnagrunn bandaríska yfirvalda á www.sam.gov geta tekið þátt í útboðsferlinu.

**Nánar er um að ræða:**

**P-19001 - Airfield Upgrades - Apron Expansion**
Um er að ræða hönnun og verkframkvæmdir við stækkun á flughlaði innan öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli.
Kostnaðaráætlun nemur 27,800,000 Bandaríkjadölum.

**P-19002 - Beddown Site Site Preparation**
Um er að ræða hönnun og verkframkvæmdir fyrir færanlegar gistieiningar.
Kostnaðaráætlun nemur 6,080,000 Bandaríkjadölum.

**P-19003 - Airfield Upgrades - Dangerous Cargo Pad**
Um er að ræða hönnun og verkframkvæmdir vegna færslu á flughlaði fyrir hættulegan farm.
Kostnaðaráætlun nemur 15,650,000 Bandaríkjadölum.

Nánari upplýsingar varðandi fyrirhugað útboð og birtingu útboðsgagna verða birtar á ensku á slóðinni www.utbodsvefur.is

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

*Fasteign er fjárfesting til framtíðar*

# Birkiflöt 17 (104,4 fm)

## í landi Húsafells, Borgarbyggð á eignarlóð (1.595 fm)



Húsið eru heilsárshús staðsett á eignarlóð í eldri hluta Húsafellsskógar í rótgróinni og gróðursælli sumarhúsabyggð. Húsið er með viðhaldsfrírri Canexel klæðningu að utan og bárulusinki á þaki. Útihurðir og gluggar eru úr PVC. Húsið eru kynt með hitaveitu. Skiptist í anddyri, stórt alrými, 3 svefnherbergi, baðherbergi og stóra geymslu með lögnum fyrir þvottavél og þurrkara. Gólfefni eru bæði parket og flísar inni í bústaðnum en dúkur á geymslu. Allar innréttingar og hurðir eru sérsmíðaðar. Við bústaðinn er 140 fm verönd með heitum potti. Hurð er út á veröndina úr baðherbergi og alrými og sérinngangur er í geymslu.

Einnig er leyfi fyrir 30m² svefnskála, bílgeymslu eða geymslu fyrir fjórhjól, snjósleða eða annað slíkt. Á svæðinu er stutt upp á jökul, góðar gönguleiðir, sundlaug, golfvöllur, hotel, veitingarstaður, verslun o.fl. **Verð kr. 41 millj**

**Uppl. Fasteignasalan Hákot 431-4045 www.hakot.is**

*Daníel Rúnar Elíasson lgf.*

FASTEIGNASALAN HÁKOT

Kirkjubraut 12 , Akranes - Sími 431-4045

www.hakot.is








Ný 151 fm parhús á einni hæð í byggingu

Gríðarlega vel skipulögð hús í rólegu umhverfi

Gott opið stofu og eldhúsrými með góðri lofthæð

3 svefnherbergi, baðherbergi og sér þvottahús. Góð geymslurými

Húsin afhendist skv. skilalýsingu tilbúin til innréttinga



Nánari upplýsingar veitir:

**Atli S. Sigvarðsson** lögg. fasteignasali

atli@miklaborg.is **sími:** 899 1178

Verð : **63,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**- með þér alla leið -**






**OPIÐ HÚS**

sunnudaginn 21. júlí kl. 16:00 – 16:30



Mjög fallegt og mikið endurnýjað samtals um 108 fm endaraðhús á góðum stað í Mosó.

Nýtt eldhús, gólfhiti, nýtt baðherbergi, nýtt parket, rúður, ofl



Nánari upplýsingar veitir:

**Þórhallur Biering,** lögg. fasteignasali

thorhallurb@miklaborg.is **sími:** 896 8232

Verð : **62,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**- með þér alla leið -**



Þú finnur draumastarfið á

Job.is



# Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



# HÚSASALAN

Síðumúla 33 - 537-9000 - husasalan.is - husasalan@husasalan.is



**Geir Sigurðsson**
s: 655-9000
Lögg. fast.



**Aðalsteinn Steinþórsson**
s: 896-5865
Lögg. fast.



**Benedikt Ólafsson**
s: 661-7788
Lögg. fast.

JÁKVÆÐNI - HREINSKILNI - SAMVISKUSEMI 30 ÁR REYNSLA Í SÖLU FASTEIGNA

## Glitberg 1 Hf.




Nýtt og einstaklega vel hannað einbýlishús í grónu hverfi. Eignin er seld á byggingastigi 4, fokheld og frágengin að utan að undanskildum frágangi á þaki. Heildarstærð hússins er 233,3 fm en þar af er Íbúðin skráð 185,7 fm og innbyggður tvöfaldur bílskúr skráður 47,6 fm.

**Verð tilboð.**

**Geir sími 655-9000**

## Mánatún 1, Rvk.




**Aðeins tvær eignir eftir**

Glæsilegar fullbúnar íbúðir, tvennar svalir, stæði í lokaðri bílageymslu ( 2 stæði fyrir penthouse íbúðina ). Vandaðir verktakar. Stórbrotið útsýni í allar áttir. Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar frá Brúnás, tvennar svalir. Mikið útsýni. Fimmtahæð herb. 114,5 fm. Endaíbúð með útsýni á 5 hæð íbúð merkt: 505. Efstahæð: Þriggja herb. 146,2 fm. 3ja herb. endaíbúð á 8 hæð merkt: 802.

**5 hæð: Verð. 63,4 m. 8 hæð: Verð. 110 m.**

**Benedikt sími: 661 7788**

## Hraunbraut 1, Kóp. OPIÐ HÚS




**Opið hús á þriðjudaginn 23. júlí kl. 17.30 – 18.00.**

**VERIÐ VELKOMIN.**

Fjögurra herbergja 85,1 fm efri hæð í góðu þríbýlishúsi. Íbúðin skiptist í miðrými, tvö herbergi, tvær samliggjandi stofu, baðherbergi, eldhús með borðkrók og geymslu. Útsýni, suðursvalir o.fl. Eignin verður laus við kaupsamning.

**Verð 38,9 m.**

**Geir sími 655-9000**

## Skaftahlíð 5, Rvk. OPIÐ HÚS




**Opið hús á miðvikudaginn 24. júlí kl. 17.30 – 18.00.**

**VERIÐ VELKOMIN.**

Falleg og rúmgóð þriggja herbergja 109,2 fm íbúð. Íbúðin er vel staðsett á jarðhæð með sérinngangi. Óvenju stór og björt íbúð með stórum herbergjum. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð. Frábær staðsetning.

**Verð 45,9 m.**

**Aðalsteinn sími 896-5865**

## Mánamörk 1 Hveragerði.




Var að koma í sölu 191,4 fm. til 491,4 fm. Nýtt og glæsilegt og vandað verslunarhúsnæði með gólfhita. Um er að ræða Jarðhæð á þessum frábæra stað við Mánamörk 1. Húsið er vel staðsett, mikið auglýsingagildi, sést vel frá þjóðveginum og er við hliðina á verslunarmiðstöðinni við Sunnumörk Hveragerði. Hægt er kaupa bil úr heildarstærð húsins. ( 4 bil ).

**Verð Tilboð.**

**Benedikt sími 661-7788**

## Tónahvarf 3, Kóp.




Til sölu ( leigu ) nýtt glæsilegt og vandað verslunar / lagerhúsnæði á þessum frábæra stað. Stærðir frá: Efri hæðinni, stórir gluggar. ( möguleiki er á innkeyrsluhurð ) Neðri hæð, eitt stórt opið rými með góðri aðkomu, mikill lofthæð og efri hæð þar sem möguleiki er að hafa skrifstofu og starfsmannaaðstöðu. Fyrsta hæð 227,2 fm. lagerrými. Önnur hæð: 350,4 fm. Verslunrhúsnæði.

**Verð Tilboð.**

**Benedikt sími 661-7788**

## Smiðjuvegur 4, Kóp.




Til sölu eða leigu, mjög vandað 283 fm verslunar og lagerhúsnæði. Eignin skiptist í verslunarrými, skrifstofu, kaffistofu, baðherbergi og lagerrými. Öflug loftræsting er í eigninni, kerfisloft, innfelld lýsing o.fl. Eignin verður laus fljótlega.

**Verð 64,9 m.**

**Geir sími 655-9000**

## Tónahvarf 6, Kóp.




Þrjú fullbúin 204 fm. atvinnuhúsnæði með milliloft, möguleiki á að stækka millilofti, gengið inn að ofanverðu. Stórbrotið útsýni, svalir með glæsilegt útsýni til norðvestur. Á neðri hæð, þrjú fullbúin 140 fm. og eitt 191 fm. Húsnæðið er með 3,8 metra háa innkeyrsluhurð. Frábær staðsetning, framtíðarhverfi við Vatnsendahvarf.

**Verð frá 40,6 - 59,1 m.**

**Benedikt sími 661-7788**

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



| Þórunn | Hannes | Stefán | Kristján | Sveinn | Hrafn | Bjarni | Þorsteinn | Helga | Vernharð | Lára | Harpa | Gunnar | Arna | Magnús | Halldór | Jón | Ásrún | Eva | Sirrý | Elsa | Albert | Diðrik |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGFRÆÐINGUR | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA |

**OPIÐ HÚS ❯ 22. júlí 17:30 – 18:00**





## Álalind 4-8
201 KÓPAVOGUR

**STÆRÐ: 111-251 fm** | **FJÖLBÝLI** | **HERB: 4-5**

Fullbúnar og vandaðar fjögurra til fimm herbergja íbúðir í nýju lyftuhúsi að Álalind 4-8. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með gólfefnum, innbyggðum kæliskáp og uppþvottavél, innfelld lýsing og önnur ljós fylgja.

*Heyrumst*
**Hrafn ❯ 775 4988** — **56.8 - 109.9 M KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS ❯ 22. júlí 12:00 – 12:30**





## Árskógar 6
109 REYKJAVÍK

**STÆRÐ: 95,7 fm** | **FJÖLBÝLI** | **HERB: 3**

Björt, rúmgóð og mikið endurnýjuð útsýnisíbúð á 12. hæð í vinsælu lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri að Árskógum 6 í Reykjavík. Húsvörður er starfandi í húsinu og fjölbreytt félagsstarf er í boði og ýmis þjónusta.

*Heyrumst*
**Helga ❯ 822 2123** — **51.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**Sýnum samdægurs - bókið skoðun**





## Lyngás 1 EF & GH
210 GARÐABÆR

**STÆRÐ: 82,8-125 fm** | **FJÖLBÝLI** | **HERB: 3-5**

Nýjar og glæsilegar íbúðir með sérinngangi í frábærlega vel staðsettu húsi í Garðabæ. Vel skipulagðar íbúðir með fallegum innréttingum. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.

*Heyrumst*
**Þorsteinn ❯ 696 0226** — **45.9 - 63.9 M KR**
Hdl, löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS ❯ 21. júlí 12:30 – 13:00**





## Óttuhæð 7
210 GARÐABÆR

**STÆRÐ: 300 fm** | **EINBÝLI** | **HERB: 6**

Hús sem hefur fengið gott viðhald. Húsið er einstaklega vandað bæði að utan sem innan og hannaði Thelma Guðmundsdóttir arkitekt gestasnyrtingu og eldhús að hluta til. Eign sem vert er að skoða. Laus við kaupsamning.

*Heyrumst*
**Jón ❯ 777 2288** — **119.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

## 201 SMÁRI

**2 - 4 herbergja íbúðir.**
Verð frá 36,9 millj. kr.

- Bílastæði í upphituðum bílakjallara fylgir flestum íbúðum.
- Fullkláraðar íbúðir með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél.
- Mjög gott skipulag.
- Mynddyrasíma og hita stýrt með snjallsíma.
- Húsin eru klædd að utan og með áltré gluggum.
- Deilibílar í hverfinu.
- Yfir 100 verslanir í göngufæri.
- Hleðslustöðvar fyrir rafbíla.
- Leiksvæði og opnir garðar.
- Skólar og leikskólar í göngufjarlægð.
- Upphitaðar gangstéttir.





## Sunnusmári 16
201 KÓPAVOGUR

*STÆRÐ: 72,1 fm*
*FJÖLDI HERBERGJA: 3*

Íbúð 201: Er 72,1 fm, þriggja herbergja íbúð á 1.hæð. Sérmerkt bílastæði í bílakjallara fylgir eigninni.

**45.900.000 KR**

*Heyrumst*
Gunnar ❯ 699 3702
Löggiltur fasteignasali





## Sunnusmári 20
201 KÓPAVOGUR

*STÆRÐ: 89,2 fm*
*FJÖLDI HERBERGJA: 3*

Íbúð 102: Er 89,2 fm, þriggja herbergja íbúð á 1.hæð. Sérmerkt stæði í bílakjallara fylgir eigninni.

**40.900.000 KR**

*Heyrumst*
Gunnar ❯ 699 3702
Löggiltur fasteignasali

**Sunnudaginn 21. júlí OPIÐ HÚS frá kl.17:00-17:30**





## Sunnusmári 18
201 KÓPAVOGUR

*STÆRÐ: 86,8 fm*
*FJÖLDI HERBERGJA: 3*

Íbúð 308: Er 86,8 fm er 3 herbergja íbúð á 3.hæð. Sérmerkt bílastæði í bílakjallara fylgir íbúðinni.

**50.900.000 KR**

*Heyrumst*
Gunnar ❯ 699 3702
Löggiltur fasteignasali





## Sunnusmári 22
201 KÓPAVOGUR

*STÆRÐ: 55,8 fm*
*FJÖLDI HERBERGJA: 2*

Íbúð 205: Er 55,8 fm er tveggja herbergja íbúð á 2. hæð. Sérmerkt stæði í bílakjallara fylgir eigninni.

**37.900.000 KR**

*Heyrumst*
Gunnar ❯ 699 3702
Löggiltur fasteignasali

Ítarlegar upplýsingar má finna á www.201.is



Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
❯ hannes@fastlind.is



Gunnar Valsson
Lögg. fasteignasali
699 3702
❯ gunnar@fastlind.is



Stefán Jarl Martin
Lögg. leigumiðlari
892 9966
❯ stefan@fastlind.is



Kristján Þórir Hauksson
Lögg. fasteignasali
696 1122
❯ kristjan@fastlind.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

# STÓRLÆKKUN
## Á VERÐI ÍBÚÐA?



**Verð frá 13,6 milljónum.**











### Nýjar glæsilegar íbúðir í lyftublokkum sem verið er að byggja í borg hamingjunnar Þorlákshöfn

Afhending á þessu ári, þrefalt gler, umhverfisvænar byggingar, mikil lofthæð, vandaðar innréttingar og tæki.
1, 2, 3 og 4 herbergja íbúðir í boði.

Innan við 30 mínútna akstur til Reykjavíkur.
Frábær staður fyrir barnafjölskyldur, góð aðstaða fyrir hesta, brimbretti og almenna útivist.

Glæsileg íþróttaaðstaða, sundlaug, leikskóli, grunnskóli og öll almenn þjónusta.

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu okkar
**www.prohus.is, Facebook Pró hús**

**Einkasöluaðili Fasteignasala Suðurlands,**
**Sími : 483 3424 Fax : 483 3874**
**netfang : fastsud@gmail.com**

Pró hús
Light Steel Construction









## Mánatún 9
105 Reykjavík
Glæsileg "penthouse" íbúð

**Stærð: 183,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2014**
**Fasteignamat: 92.150.000**

RE/MAX Senter




**Þrjú stæði í upphitaðri bílageymslu fylgja eigninni**

**Verð: 98.900.000**




Virkilega glæsilega og flotta 183,2 fm. Penthouse íbúð við Mánatún 9, 105 Reykjavík. Vönduð eign á tveimur hæðum með þrennum svölum, mikilli lofthæð og gólfsíðum gluggum. Flott og mikið útsýni yfir borgina og til sjávar.

Þrjú bílastæði í bílageymsluhúsi og tvær geymslur í efri kjallara fylgja íbúðinni.

Allar nánari upplýsingar gefur Guðlaugur J. Guðlaugsson/Gulli í síma 661-6056 eða með tölvupóst á netfangið gulli@remax.is - B.A. lögfræði - Löggiltur fasteignasali.



Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
**661-6056**
gulli@remax.is

## Vesturbrún 37
104 Reykjavík
Vandað og glæsilegt einbýli

**Stærð: 259,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1983**
**Fasteignamat: 94.800.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter




**Góð aðkoma er að húsi ásamt skjólgóðri og afgirtri lóð**

**Verð: 124.900.000**




Virkilega glæsilegt og vel skipulagt 259,2 fm einbýlishús, byggt og hannað af Halldóri Gíslasyni að innan sem utan árið 1983 og er því einstakt að allri gerð með sérsmíðuðum innréttingum og lyftu. Húsið er á tveimur hæðum með fallega, mjög skjólgóða og afgirta lóð sem snýr vel á móti sól.

Um er ræða glæsilegt hús á eftirsóttum stað við Vesturbrún 37, 104 Reykjavík. Friðsæl staðsetning í göngufæri við sundlaug og fjölskylduparadísina í Laugardal.

Skv. skrá fasteignamats ríkisins er íbúðarhluti hússins skráður 225,7 fm og 33,5 fm. bílskúr, eða samtals 259,2 fm ( skv. seljanda er eignin þó eitthvað stærri en uppgefnir fm gefa til kynna )

Bókið skoðun hjá Gulla i síma 661 6056 eða með tölvupóst á netfangið gulli@remax.is



Gunnar Sverrir
Lögg. fasteignasali
**8622001**
gunnar@remax.is



Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
**661-6056**
gulli@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Naustabryggja 20
110 Reykjavík
Bílastæði í lokaðri bílageymslu.

**Stærð: 124,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2002**
**Fasteignamat: 46.850**

RE/MAX Senter








Gunnar Sverrir
Lögg. fasteignasali
**8622001**
gunnar@remax.is

**Opið hús sunnud. 21/7 kl.15:00-15:30**

**Verð: 51.900.000**

Vel skipulögð, björt og rúmgóð 117,3 fm þriggja herbergja íbúð (skráð 4 herbergja) með suður svölum, þvottahúsi innan íbúðar og stæði lokaðri bílageymslu ásamt sér 7,3 fm geymslu í kjallara. Samtals stærð er 124,6 fm. Mjög vel umgengin og falleg íbúð ásamt snyrtilegri sameign.

Bókið skoðun hjá Gulla í síma 661 6056 eða með tölvupósti á netfangið gulli@remax.is..



Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
**661-6056**
gulli@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Vallakór 6A
203 Kópavogur
Sérinngangur -verönd - bílageymsla

**Stærð: 69,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 2018**
**Fasteignamat: 33.450.000**

RE/MAX Senter






**Opið hús sunnud. 21/7 kl.13:00-13:30**

**Verð: 40.900.000**

Glæsileg og nýleg tveggja herbergja íbúð á fyrstu hæð með sérinngang og sér afnotarétt á lóð, hellulagða lóð með timburskjólveggjum ásamt sér bílastæði í lokaðri bílageymslu og sér geymslu í sameign. Um er að ræða íbúð merkta 0106 á jarðhæð hússins ( sérinngangur ). Íbúðin er skráð 69,4 fm að stærð og þar af er geymslan 4,4 fm. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu merkt B43.

Bókið skoðun hjá Gulla í síma 661 6056 eða með tölvupósti á netfangið gulli@remax.is



Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
**661-6056**
gulli@remax.is

## Fljótshlíð Þverártún 9
861 Hvolsvöllur
Fallegt sumarhús í Fljótshlíðinni.

**Stærð: 145,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 4-5**
**Byggingarár: 2008**
**Fasteignamat: 28.050.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter






**kl. 14-16 Sunnudag 21.júlí 2019**

**Verð: 45.900.000**

RE/MAX Senter kynnir: Sumarhús í landi Múlakot 1, Fljótshlíð, 861 Hvolsvöllur.
Glæsilegt og vandað 4-5 herbergja sumarhús í Fljótshlíðinni.
Sumarhús, gestahús, sauna, "jeppaskúr", heitur pottur, og mjög stór verönd. Stutt að sækja þjónustu ofl. á Hvolsvöll, á Hellishóla, og fyrir flugáhugafólk að nýta flugvöllinn í Múlakoti.
Útsýni á Eyjafjallajökul, Stóra Dímon og aðrar perlur í íslenskri náttúru.
Upplýsingar í síma 695-3502 eða á sms@remax.is



Sigrún Matthea
Lögg. fasteignasali
**695-3502**
sms@remax.is

## Þingholtsstræti 23
101 Reykjavík
Hæð með auka íbúð

**Stærð: 125,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 4-6**
**Byggingarár: 1914**
**Fasteignamat: 57.550.000**

RE/MAX Senter








Guðrún Lilja
Sölufulltrúi
**867-1231**
gudrunlilja@remax.is

**Opið hús þrið. 23. júlí kl 17:30-18:00**

**Verð: 67.900.000**

Einstök eign í klassískum miðbæjarstíl, björt og með aukinni lofthæð.

Íbúð er 91,7 fm sem skiptist í forstofu, eldhús með útgengt út á 4,6 fm timburverönd, baðherbergi, tvær samliggjandi stofur og tvö rúmgóð svefnherbergi. Þvottahús og geymsla er á hæð.
Auka íbúð er 31,8 fm með sérinngangi. Skiptist hún í forstofuherbergi og innra rými með eldunaraðstöðu, svefnrými og sér baðherbergi. Góðir útleigumöguleikar.



Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
**661-6056**
gulli@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Æsufell 6
111 Reykjavík
Góð íbúð með suðursvölum

**Stærð: 92,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1971**
**Fasteignamat: 32.300.000**

RE/MAX Senter






**Opið hús frá kl. 17.00 - 17.30 22 Júlí**

**Verð: 32.900.000**

Virkilega góð íbúð með suður svölum á 5 hæð í lyftuhúsi við Æsufelli. Í íbúðinni eru í dag 2 svefnherbergi en mjög auðvelt að bæta því þriðja við þar sem er borðstofa núna. Íbúðin er mjög rúmgóð og fylgir geymsla og frystihólf í séreign á jarðhæð. Húsvörður í húsinu og gott ástand á ytra byrgði. Skipt var um gólfefni á alrými og eldhúsi ásamt eldhúsinnréttingu 2007.Búið er að endurnýja glugga þar sem það þurfti. Búið er að klæða bokkina og endurnýja og stækka lyftu. Verið velkomin bjalla 5C



Kristín Ósk
Lögg. fasteignasali
**8226800**
kor@remax.is

RE/MAX Senter

# Ertu í söluhugleiðingum ?

Vertu í sambandi og ég sel fyrir þig.
Sími **695-3502**



**Sigrún Matthea Sigvaldadóttir**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 695 3502
sms@remax.is

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

# 535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Framkvæmdastjóri
löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399


STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
Sölustjóri. Hdl.
Löggiltur fasteignasali
GSM 895 2049


SARA MARÍA KARLSDÓTTIR
Fjármálastjóri
GSM 697 5524


ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149


MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966


ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663 2508


KJARTAN ÍSAK GUÐMUNDSSON
B.Sc. Viðskiptafræðingur
Nemi til lögg. fast.
GSM 663 4392




## Í SKEIFUNNI VIÐ HLIÐINA Á BÓNUS

Til leigu nýtt frá 800 fm. til 1600 fm. gott verslunar og þjónustuhúsnæði til afhendingar strax.
Góð lofthæð og gluggar. Inngangur sameiginlegur með verslun Bónus. Fjöldi bílastæða.
Góða aðkoma að lager.


NÁNARI UPPLÝSINGAR:
**ÞORLÁKUR Ó. EINARSSON**
820 2399 - thorlakur@stakfell.is



## GEIRSGATA - HEIL HÚSEIGN

Til leigu Geirsgata 11. Húsið er 2.573,7 fm. að stærð. Fjöldi bílastæða er við húsið. Margir nýtingarmöguleikar er á húsinu.
Frábær staðsetning við höfnina í miðbæ Reykjavíkur.


NÁNARI UPPLÝSINGAR:
**ÞORLÁKUR Ó. EINARSSON**
820 2399 - thorlakur@stakfell.is

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*




Safnstaðir í miðbæ Hafnarfjarðar eru sex talsins, sjö með Hafnarborg.

# Sex frábærir safnstaðir í miðbæ Hafnarfjarðar

Byggðasafn Hafnarfjarðar er minja- og ljósmyndasafn bæjarins. Safnið hefur það mikilvæga hlutverk að safna og skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka muni og minjar sem tengjast menningarsögu svæðisins og kynna fyrir gestum og gangandi. Starfsemi Byggðasafnsins nær til sex safnstaða.

## Siggubær að Kirkjuvegi 10

Erlendur Marteinsson sjómaður byggði Siggubæ árið 1902. Dóttir hans, Sigríður Erlendsdóttir, var tíu ára gömul þegar hún flutti í húsið og bjó þar allt til ársins 1978, þegar hún fluttist á elli- og hjúkrunarheimilið Sólvang. Bær hennar er varðveittur sem sýnishorn af heimili verkamanns og sjómanns í Hafnarfirði frá fyrri hluta 20. aldar, þar sem hægt er að upplifa og kynnast því hvernig alþýðufólk í bænum bjó á þeim tíma.

**» Sýnishorn af heimili verkamanns og sjómanns í Hafnarfirði.**

## Beggubúð að Vesturgötu 6

er verslunarminjasafn Byggðasafns Hafnarfjarðar. Húsið, sem byggt var árið 1906, stóð áður við aðalverslunargötu bæjarins. Húsið var síðan flutt á lóð safnsins, gert upp og opnað sem sýningahús árið 2008.



## Strandstígurinn

Á Strandstígnum meðfram höfninni í Hafnarfirði er Byggðasafn Hafnarfjarðar með sýningaraðstöðu fyrir ljósmyndasafn sitt. Þar eru settar upp ljósmyndasýningar er varpa ljósi á dagleg störf og sögu fólksins sem bæinn byggði.

**Á Strandstígnum má finna ljósmyndasýningu sem varpar ljósi á dagleg störf og sögu fólksins sem bæinn byggði.**

## Pakkhúsið að Vesturgötu 6

Í Pakkhúsinu eru að öllu jöfnu þrjár sýningar í gangi í einu, fastasýning um sögu bæjarins, leikfangasýning og þemasýning. Fastasýningin tekur á sögu Hafnarfjarðar og nágrennis í máli og myndum. Sagan er rakin frá landnámi til okkar daga. Þar er meðal annars hægt að fræðast um þýska og enska tímabilið, verslunarsöguna, útgerðarsöguna, íþróttasöguna, hernámið og kvikmyndahúsin. Leikfangasýningin er vinsæl og þá sér í lagi meðal barna. Þar má skoða fjöldann allan af leikföngum sem skipt er út reglulega þannig að alltaf er eitthvað nýtt og ferskt að sjá. Þemasýningin í forsal Pakkhússins þetta sumarið ber nafnið Í skjóli klausturs og er henni ætlað að varpa ljósi á 80 ára sögu Karmelklaustursins í Hafnarfirði og starfsemi þess með mjög myndrænum og áhugaverðum hætti.

## Bungalow að Vesturgötu 32

var byggt sem íbúðarhús fyrir skosku bræðurna Harry og Douglas Bookless árið 1918. Þeir ráku umfangsmikla útgerð frá Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar. Bræðurnir voru áhrifamiklir og langstærstu atvinnurekendurnir í bænum um árabil. Eftir daga Bookless Bros tók annað breskt fyrirtæki, Hellyer Bros Ltd frá Hull, við eignum fyrirtækisins og rak blómlega útgerð um tíma. Húsið var opnað eftir endurbætur árið 2008 og er þar að finna sýningu um tímabil erlendu útgerðanna í Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar. Þar að auki má sjá þar stássstofu þeirra Bookless-bræðra.

**» Húsið var opnað eftir endurbætur árið 2008 og er þar að finna sýningu um tímabil erlendu útgerðanna.**

## Sívertsenshúsið að Vesturgötu 6

er elsta hús Hafnarfjarðar, byggt á árunum 1803-1805 af Bjarna Sívertsen. Hann var mikill athafnamaður í Hafnarfirði á árunum 1794-1830 og rak þá útgerð, verslun og skipasmíðastöð í bænum. Húsið hefur verið gert upp í upprunalega mynd og er þar sýnt hvernig yfirstéttarfjölskylda í Hafnarfirði bjó í byrjun 19. aldar, auk þess sem varpað er ljósi á merkilega sögu Bjarna Sívertsens og fjölskyldu hans.

## Uppskrift að góðum degi!

Auðvelt er að skipuleggja heilan dag með fjölskyldu eða vinum í Hafnarfirði. Tilvalið er að byrja daginn á sundferð í Ásvallalaug eða Suðurbæjarlaug, skella sér á kaffihús eða í bakarí að sundferð lokinni og upplifa svo miðbæinn eða upplandið, hjólandi eða gangandi. Það er hægur leikur að rölta safna á milli í miðbænum, síðan eru álfar og ævintýri í Hellisgerði í aðeins fimm mínútna göngufjarlægð. Einstakt útsýni yfir mynni Hafnarfjarðar er frá Norðurbakkanum, hönnun, sköpun og handverk er alls ráðandi við Flensborgarhöfn í bland við lífið á höfninni, báta og skip af öllum stærðum og gerðum.



Listasafnið gaf nýlega út snjallsímaforrit til að fræða fólk um listaverk í borginni og listamennina sem gerðu þau. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Fjölbreytt skemmtun á Listasafni Reykjavíkur

**Listasafn Reykjavíkur býður upp á margar og fjölbreyttar sýningar. Þar er bæði hægt að sjá verk eftir unga og upprennandi listamenn, listamenn sem eru í fremstu röð í dag og sígild verk gömlu meistaranna.**

Listasafn Reykjavíkur rekur þrjú söfn sem eru opin alla daga vikunnar, Kjarvalsstaði, Ásmundarsafn og Hafnarhúsið, en hvert þeirra býður upp á ólíkar sýningar og áherslur. Listasafnið sér líka um ýmis listaverk víðs vegar um borgina og árið 2019 er tileinkað list í almannarými.

Safnið hefur því lagt áherslu á að vekja athygli á þeim fjölmörgu listaverkum sem eru í borginni, en þau eru rúmlega 200.

„Þetta hefur haft svolítið mikil áhrif á störf okkar í ár. Við erum nýbúin að gefa út snjallsímaforrit þar sem hægt er að fá alls kyns upplýsingar um öll þessi verk og listamennina sem gerðu þau. Það er fyrst og fremst hugsað fyrir borgarbúa, en hentar ferðamönnum líka,“ segir Áslaug Guðrúnardóttir, kynningar- og markaðsstjóri Listasafns Reykjavíkur. „Þar er meðal annars hægt að hlusta á hljóðleiðsagnir og velja sér gönguleiðir til að skoða mörg verk í einu og fræðast um þau í leiðinni. Það er nóg að skoða.

Fígúrurnar sem voru settar upp á Arnarhvol voru líka hluti af þessu átaki í þágu listar í almannarými,“ segir Áslaug. „Í haust verður svo sett saman smá hátíðardagskrá af þessu tilefni.“

## Sýningar samhliða verkum Ásmundar

„Á Ásmundarsafni eru verk Ásmundar alltaf til sýnis, en þau eru svo mörg að við getum skipt um sýningar reglulega. Þar er nú verið að sýna upprunalegar skissur og afsteypur af verkum hans sem eru í borgarlandinu,“ segir Áslaug. „Samhliða honum sýna svo fimm starfandi listamenn sem eiga verk í borgarlandinu, einn í einu. Nú er það Jóhann Eyfells og svo taka Helgi Gíslason og síðan Ölöf Nordal við.“



Áslaug segir að söfn Listasafns Reykjavíkur bjóði upp ólíkar áherslur og mjög fjölbreyttar sýningar.

> **Við erum nýbúin að gefa út snjallsímaforrit þar sem hægt er að fá alls kyns upplýsingar um verkin og listamennina sem gerðu þau. Það er fyrst og fremst hugsað fyrir borgarbúa, en hentar ferðamönnum líka.**
>
> Áslaug Guðrúnardóttir

## „Blockbuster“ sýningar á Kjarvalsstöðum

„Það sem trekkir líklega mest að eru sýningarnar þrjár á Kjarvalsstöðum, en þar er hálfgert blómaþema. Þar er sýning á blómamyndum Kjarvals, sem Eggert Pétursson listmálari setti saman, en það er gaman að hann skyldi setja saman sýningu á verkum eftir annan listamann,“ segir Áslaug. „Svo er sýning á verkum eftir Sölva Helgason sem fæddist



Á Kjarvalsstöðum er vinsælt kaffihús. MYND/SIGTRYGGURARI



Á Kjarvalsstöðum er hálfgert blómaþema um þessar mundir. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Á Listasafni Reykjavíkur er hægt að skoða mikinn fjölda glæsilegra málverka. Í einum salnum eru glæsileg verk eftir Erró. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Á Ásmundarsafni eru verk Ásmundar til sýnis ásamt verkum eftir starfandi listamenn sem eiga verk í borgarlandinu. Þar er nú verið að sýna upprunalegar skissur og afsteypur af verkum í borgarlandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Verk Williams Morris eru vel þekkt í dag því enn er verið að framleiða ýmsa muni sem eru skreyttir með munstrum eftir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Árið 2019 er tileinkað list í almannarými og því hefur safnið lagt áherslu á að vekja athygli á þeim fjölmörgu listaverkum sem eru í borginni. Um alla borg er hægt að skoða falleg listaverk sem gleðja. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

1820 og var alþýðulistamaður, flakkari og utangarðsmaður sem fór sínar eigin leiðir. Það er í raun ótrúlegt hvernig honum tókst að varðveita verk sín, því hann virðist hvergi hafa átt heima, blessaður.

Við hliðina á Sölva er sýning á verkum eftir breskan samtímamann hans, William Morris. Hans verk eru vel þekkt í dag því enn er verið að framleiða til dæmis húsbúnað og fatnað sem er skreyttur með munstrum eftir hann, til dæmis flísar, veggfóður, slæður, regnhlífar og fleira. H&M gaf líka nýlega út línu sem var undir áhrifum hans,“ segir Áslaug. „Morris lærði íslensku og kom hingað árin 1871 og 1873. Hann þýddi Íslendingasögurnar og talið er að þannig hafi J.R.R. Tolkien kynnst þeim.

Þetta eru allt mjög áhugaverðar sýningar og það var einn gestur sem sagði „ég held að þið gerið ykkur ekki grein fyrir hvað Kjarvalsstaðir eru mikill „blockbuster“ núna!“

## Hægt að sjá hljóð og Erró

„Í Hafnarhúsinu er verið að sýna verk eftir Erró sem eru sívinsæl, ekki síst meðal erlendra ferðamanna. Nú er verið að sýna meðal annars Kínversku seríuna, sem kom honum á kortið erlendis,“ segir Áslaug. „Hann málaði fullt af myndum af Maó að ferðast um heiminn, en í raun fór Maó aldrei út fyrir Kína nema í tvær ferðir til Moskvu. Kínverjar hafa sérstaklega gaman af þessari sýningu.

Í aðalsalnum er verk eftir Finnboga Pétursson, sem hefur unnið í myndlist í 40 ár, mikið með hljóðverk. Hann byggði stóra laug og undir henni eru þrír öflugir hátalarar sem gefa frá sér tíðni sem myndar gárur á vatninu, þannig að maður sér hljóðið, ef svo má segja,“ segir Áslaug. „Salurinn er myrkvaður og ljóskastarar lýsa á vatnið þannig að gárurnar endurspeglast á veggjunum. Þetta er rosalega flott og það er gaman að dvelja í þessum sal. Það er líka gaman að velta fyrir sér hvað myndlist getur verið fjölbreytt.

Í D-sal eru svo sýningar listamanna sem hafa ekki áður sýnt í opinberu safni, en það er yfirleitt ungt fólk. Lengi vel hafa starfsmenn valið listamenn til að sýna þarna en í fyrra auglýstum við eftir hugmyndum og það komu 130 umsóknir frá starfandi listafólki sem er á þessum stað í lífinu, sem sýnir hvað það er mikil gróska í listalífinu hér. Við fengum alveg sjokk,“ segir Áslaug og hlær.

Svo er stór sýning á ýmsum verkum úr safninu okkar. Sýningarnar eru þematískar og núna er þemað tilvist mannsins, svo þar eru verk eftir marga ólíka listamenn sem fjalla um mannlegt eðli hver á sinn hátt,“ segir Áslaug.

## Alltaf eitthvað um að vera

„Það er heilmikil dagskrá í hverri viku og á heimasíðunni okkar eru allir viðburðir skráðir,“ segir Áslaug. „Við héldum nýlega námskeið fyrir börn og það er reglulega boðið upp á leiðsagnir á bæði íslensku og ensku, stundum frá listamönnum. Það er alltaf eitthvað um að vera.

Á hverju safni er verslun og fólk getur stutt við myndlist og listastarf með því að versla þar. Við höfum fengið mjög góðar viðtökur við vörum sem tengjast William Morris-sýningunni á Kjarvalsstöðum. Slæðurnar okkar seldust upp á tveimur dögum,“ segir Áslaug. „Svo erum við líka með fullt af skemmtilegu dóti fyrir krakka.

Listasafnið selur þrjár gerðir af árskortum, en það vinsælasta leyfir fólki að taka með sér gest. Það kostar 6.500 krónur og veitir aðgang að öllum leiðsögnum og afslátt í búðunum og á kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum,“ segir Áslaug. „Það er ekki lengur frítt fyrir eldri borgara, en þeir þurfa bara að kaupa árskort á 1.800 krónur einu sinni og svo er það endurnýjað endurgjaldslaust.“

Það er hægt að fá allar nánari upplýsingar á heimasíðunni www.listasafnreykjavikur.is og Listasafn Reykjavíkur er að sjálfsögðu að finna bæði á Facebook og á Instagram.

# Ein stærsta sýning sinnar tegundar í heiminum




Gestir á opnun nýja sýningarýmisins prófa gagnvirknina.

**Nýtt gagnvirkt sýningarrými var nýlega opnað á hvalassýningunni Whales of Iceland við Fiskislóð í Reykjavík. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála- og nýsköpunarráðherra opnaði rýmið formlega.**



Hvalasýningin samanstendur af 23 hvalalíkönum í raunstærð.



Neðansjávarmyndbönd eru sýnd á risastórum skjá.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir opnaði nýtt gagnvirkt sýningarrými á hvalasýningunni.

Whales of Iceland hvalasýningin úti á Granda er ein stærsta sýning sinnar tegundar í heiminum. Þar er hægt að skoða líkön hvala í fullri stærð en sýningin hefur verið mjög vinsæl síðan hún var opnuð árið 2014,“ segir Arinbjörn Hauksson, markaðsstjóri hvalasýningarinnar.

Nýja sýningarrýmið er tileinkað verndun hvala í úthöfunum en þar er meðal annars að finna langreyðarlíkan í fullri stærð. Í salnum eru kynntar allar helstu ógnir sem steðja að hvölum í dag en þær eru loftslagsbreytingar, reknet, árekstur við skip, hávaðamengun og hvalveiðar. Arinbjörn segir að einnig sé farið yfir þær lausnir sem fólki standa til boða hvað varðar verndun hvala í úthöfunum.

„Við erum mjög stolt af þessari nýju sýningu,“ segir Arinbjörn „Hún er sett upp í samstarfi við Alþjóðadýravelferðarsjóðinn IFAW. Þar eru sýnd stutt neðansjávarmyndbönd úr myndinni Sonic Sea á risastórum 8 metra skjá, sem lætur gestum líða eins og þeir séu neðansjávar. Einu sinni á dag er myndin, sem er klukkustundarlöng, sýnd í heild sinni. Myndin fjallar um verndun lífríkis sjávar gegn hljóðmengun.“

Hvalasýningin á Granda samanstendur af 23 hvalalíkönum í raunstærð, af hvölum sem fundist hafa við strendur Íslands í gegnum söguna. Sýningin er ein sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Þar er til dæmis að finna bæði steypireyði og búrhval í fullri stærð og Íslandssléttbak sem nú er í bráðri útrýmingahættu og margt fleira.

„Það var mikil vinna lögð í hönnun á líkönunum. Módelin eru öll handmáluð og er hægt að sjá á þeim persónuleg einkenni sem rekja má til raunverulegs hvals í hafinu,“ segir Arinbjörn og bætir við að líkönin séu mjúk og nokkuð raunveruleg í snertingu sem eykur upplifunargildi sýningarinnar.

Með gagnvirkum upplýsingaskjáum, róandi hvalahljóðum, neðansjávarlýsingu og svörtu og gulu sandgólfi er hvalasýningin, Whales of Iceland eins og draumkenndur ævintýraheimur fyrir alla fjölskylduna.

Whales of Iceland býður, auk sýningarinnar, upp á einstaka aðstöðu fyrir veislur, móttökur og fjölbreytta viðburði á borð við árshátíðir og tónlistarviðburði. „Upplifunin er svolítið eins og kvöldstund í undirdjúpunum. Það hafa ýmsir stórviðburðir átt sér stað hjá okkur eins og Iceland Airwaves, heimsmeistarakeppni barþjóna, kvikmyndahátíðir, árshátíðir, vörukynningar, fundir, stórafmæli og margt fleira,“ segir Arinbjörn.

Hlutverk hvalasýningarinnar er að fræða almenning um hinn viðkvæma en um leið töfrandi heim hvala og höfrunga. Á sýningunni getur jafnt áhugafólk sem og sérfræðingar um lífríki hafsins upplifað sjávarlífið í návígi þegar það skoðar nákvæmar eftirlíkingar af þessum stórkostlegu sjávardýrum.

Arinbjörn segir að starfsfólk hvalasýningarinnar sé drifið áfram af mikilli og djúpri virðingu fyrir hvölunum og lífríki þeirra. „Við trúum því að starf okkar breiði út þessa virðingu fyrir hvölum, bæði hér heima og erlendis,“ segir Arinbjörn að lokum.

# Þetta er flott í garðinn þinn!

## Höfum til sölu garðhús, skýli og heita potta - fljótlegt og auðveld uppsetning

















**1 Skýli með útdraganlegu þaki** — **Kr. 220.000**
Álgrind 3 x 4 metrar með 8 mm holplasti í þaki.
tilvalið á pallinn eða yfir heita pottinn

**2 Gróðurhús utan á vegg** — **Kr. 145.000**
3,70 x 2 m og hæðin við hús 2,3 m.

**3 Gróðurhús** — **Kr. 135.000**
Gróðurhús fyrir íslenskar aðstæður.
3,10 x 2,38 m.

**4 Uppblásinn heitur pottur** — **Kr. 99.000**
Fyrir 6 manns.
Tekur aðeins 6 mínútur að blása upp.
Hitar upp að 42 °C

SMH Gróðurhús Relaxation Zone

Upplýsingar fást hjá
SMH Gróðurhús ehf.
í síma 866-9693

Einnig eru nánari upplýsingar á
Facebook: Gróðurhús SMH ehf

# Götubitahátíð í bænum

Fyrsta götubitahátíðin á Íslandi (Street Food Festival) verður haldin á Miðbakkanum í Reykjavík um helgina. Hátíðin hófst í gær og stendur til klukkan 18.00 á morgun. Seljendur verða úr ýmsum áttum og selja götubita í gámum, matvögnum og tjöldum. Einnig verða básar fyrir „pop up“ verslanir, bar, kaffisölu og matarmarkað ásamt fleiri nýjungum. Boðið verður upp á lifandi tónlist og önnur frábær skemmtiatriði.

Samhliða hátíðinni verður haldin fyrsta keppnin í „Iceland Street Food Awards“ þar sem fjölmargir íslenskir aðilar munu keppa um viðurkenninguna „besti götubitinn 2019“. Sigurvegarinn mun svo í framhaldi af því keppa fyrir Íslands hönd í alþjóðlegri keppni – „European Street Food Awards“ – sem haldin verður í Malmö í lok september.

Frítt er inn á hátíðina og allir velkomnir.



Mikið úrval og góð stemning á Miðbakkanum um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY


Æðislegar parmesan kartöflur með grillmatnum um helgina.

## Æðislegar parmesan kartöflur

Vantar þig uppskrift að spennandi kartöflum fyrir helgina? Þessar eru æðislega góðar og henta með öllum grillmat. Í uppskriftina eru notaðar nýuppteknar kartöflur.

**1 kíló kartöflur**
**2 dl parmesan ostur, rifinn**
**3 dl sýrður rjómi**
**1 stórt hvítlauksrif**
**½ sítróna**
**Graslaukur**
**Ólífuolía**
**Salt og nýmalaður pipar**

Þvoið kartöflurnar og sjóðið þær í saltvatni. Takið upp úr og setjið á bökunarplötu. Hitið ofninn í 220°C. Þrýstið á hverja kartöflu með gaffli þannig að hún kremjist. Dreifið smávegis ólífuolíu á hverja kartöflu og bragðbætið með salti og pipar. Stráið parmesan osti yfir kartöflurnar. Bakið í ofni í um það bil 15 mínútur eða þar til kartöflurnar hafa fengið gullinn blæ. Þegar kartöflurnar eru teknar úr ofninum er smátt skornum graslauk stráð yfir. Borið fram með sýrðum rjóma með hvítlauk, sítrónusafa og graslauk.


Verk á sýningunni.

## Dagdraumar við Tryggvagötu

Jelena Antić myndlistarkona sýnir verk sín í Grafiksalnum við Tryggvagötu en sýningunni lýkur á morgun. Þetta er sjötta einkasýning Jelenu en önnur hér á landi. Verk Jelenu eru abstraktlistaverk með sterkum persónulegum stíl. Yfirskrift sýningarinnar í Grafiksalnum er Daydreaming eða dagdraumar. Jelena segir að dagdraumar líkist hugleiðslu og verkin á sýningunni séu eins konar hugleiðsla. „Ein ástæðan er endurtekin notkun á mynstrum sem minna á dáleiðslu en líka það hvernig ég vinn málverkin. Stundum stari ég á tóman striga klukkutímum, jafnvel dögum saman og þegar innblásturinn kemur fylgi ég honum.“

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*

KJÚKLINGUR Í ANANASSÓSU
SVÍNAKJÖT Í KUNG PAOSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI

*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.

Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is


Opið virka daga
kl. 11:00 - 22:00
Helgar
kl. 16:00 - 22:00


KÍNAHOFIÐ

Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



Golfbíll til sölu, nýlegir rafgeymar. Verð 450 þús. Uppl. í s : 899-4263

### Hópferðabílar



54 sæta M-Benz 0303. Verð 650 þús. Sími 893-4246

### Vörubílar



**VAGNASMIÐJAN AUGLÝSIR:**
Getum nú afgreitt með skömmum fyrirvara okkar grimmsterku skúffur úr Hardox 450 stáli, bæði á 4ra öxla bíla og trailer vagna. Getum einnig afgreitt samskonar palla, með sturtugrind, tjakk og öllu, tilbúna að setja á bæði notaða og nýja 3ja og 4ra öxla bíla á grind. Gerum líka við palla.
**Vagnasmiðjan Eldshöfða 21 R.vík**
**s. 894-6000.**

### Hjólhýsi



Til sölu Kip-4,20 hjólhýsi árg ‘90. Ný innflutt og vel með farið. Fortjald-innbyggt salerni og innbú fylgir, frekari upplýsingar í síma 699-4329



Til sölu hjólhýsi Delta 4400FB árg. ‘07 Svefnpláss fyrir 4 til 5, útvarp, sjónvarp og fortjald. Hlólhýsið er í mjög góðu standi og skoðað 2019. Verð 2, milljónir Uppl. í s: 661-8324

### Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

### Varahlutir

LJÓSBOGINN ehf.
**Altenatorar & Startarar**



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

Pípulagningarmeistari. Getur bætt við sig verkefnum smáum sem stórum. Vanir menn. Sími: 820-9396

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

**Lárkot ehf**
Sandur, mold og jarðvinna.
Mætum og gerum tilboð.
Uppl. í s. 892 2257
Geymið auglýsinguna.

**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR**




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

### Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
- Tjaldvagninn
- Fellihýsið
- Húsbílinn
- Bátinn
- Hjólhýsið
- Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Til sölu

GLUGGA GERÐIN

**Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það**
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

### Til sölu

**Til sölu Bens Sprinter 516**



**Til sölu Bens Sprinter 516 nýskráður Desember 2016, AY H37**
Ekinn 70.000 km, 6 gíra, 160 hp. Vindhlíf (spoler) m/geymsluhólfi. Bíll skráður 5,1 tonn, 1 tonn lyfta, lyftublað 180 cm. Bakkmyndavél, fjarstýring á lyftu, pallettutjakkur, 2 hliðahurðir h/megin breidd 2,60. Kassi l:4,40 h:2,20 B: 2,10. Gjaldmælir og talstöð geta fylgt með.
**Upplýsingar í síma: 823-2314**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

**LOK Á HEITA POTTA**



**Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.**
**Metum ástand og gerum við.**
***www.fjardarbolstrun.is***

**Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com**

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
**ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?**



**HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ**
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is




# Keypt & Selt

## Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

# Heimilið

## Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**

Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN & DANISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**

Levels/Stig: I - 6: Start/Byrja: 22/7, 19/8, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 2020: 13/1, 10/2, 8/3, 6/4. 4/5. 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-4 students/nem. AM & PM/fh & eh. Price/Verð: 49.500,- Most labour unions pay back 75-90 % of course price/Flest stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 8981175/5571155

# Atvinna

## Atvinna óskast

Kona óska eftir vinnu,vann í mörg ár hjá Spíral prentþjónustu. Getur byrjað 1. ágúst. Sími:620-4464

## Atvinna í boði

Óska eftir smið í vinnu eða manni vönum smíða vinnu. Looking for a carpenter or a man used to carpenter work (english speaking) upplýsingar í síma 893-5374 eða nybyggd@simnet.is

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

Hjón með traustar tekjur óska eftir 2 herb. 60 fm + íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. s: 787-1097.

## Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

## Húsnæði í boði



**ÞERNUNES TIL LEIGU**

Glæsileg efri sérhæð til leigu til langs tíma. Leiguverð 290.000. Er laus strax. Uppl. Í síma 896 3038.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is


Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS







FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu
á Facebook og Instagram



„Mér hefur tekist að takast betur á við ljótar athugasemdir sem hefðu sært mig fyrir ári og jafnvel látið mig efast um eigið ágæti,“ segir Dóra Björt Guðjónsdóttir FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Ari Brynjólfsson
arib@frettabladid.is



# „Þessi á ekki séns í úlfagryfjunni“

Árið hefur verið stormasamt hjá meirihlutanum í Reykjavík. **Dóra Björt Guðjónsdóttir**, yngsti forseti borgarstjórnar í sögunni, segir frá áskorununum sem því hafa fylgt.

Við hittum Dóru Björt á kaffihúsi í miðbænum. Hún á ekki bíl og notar því helst almenningssamgöngur þegar hún þarf að ferðast lengri leiðir. Í þetta skiptið var hún að flýta sér og fékk því skutl hjá þingmanni Pírata. „Ég vil kaffið mitt svart. Svart eins og sál mín,“ segir hún og hlær hátt.

Húmorinn er mjög skammt frá yfirborðinu, en það verður að segjast að hann sé nokkuð óhefðbundinn. „Ég er komin af uppreisnarmönnum. Bæði vinstrafólki að vestan og hörðum Sjálfstæðismönnum. Þess vegna vil ég passa að fyrirtæki fái að dafna og einkaframtakið njóti sín, en á sama tíma að passa að allir fái þann stuðning sem þeir þurfa. Rautt og blátt sameinast í fjólublátt.“

Vill hún þó ekki meina að það útskýri að fullu hvers vegna hún sé pínu spes. „Það gæti verið af því að ég er alin upp í Elliðaárdalnum. Það er sveit í borg þannig að ég hafði mikið rými til að vera ein. Fór upp í tré að lesa eða var úti í skógi að dúlla mér.“

Dóra Björt tók við embættinu á þrítugsafmælinu sínu síðasta sumar og varð þar með yngsti borgarfulltrúinn til að gegna embættinu frá upphafi. „Þetta er klárlega erfiðara starf en ég gerði mér grein fyrir en starf sem býður þó upp á fleiri möguleika til að koma hugsjónum mínum til leiðar en ég hafði séð fyrir. Hvílíkt ár,“ segir Dóra Björt.

„Það er skemmtileg tilviljun að við Pawel séum bæði að feta ótroðnar slóðir – ég sem yngsti forseti sögunnar og Pawel sem fyrsti forsetinn af erlendum uppruna.“ Það sem eftir lifir af kjörtímabilinu stýrir hún mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði borgarinnar. Eru það málefni sem eru henni og Pírötum mjög hugleikin.

Hún bjó í sjö ár erlendis, í Noregi og Þýskalandi, en flutti heim til að taka þátt í stjórnmálum. „Ég þoldi ekki að horfa upp á ástandið úr fjarlægð,“ segir Dóra Björt.

„Þegar ég flutti heim fannst sumu fólki í Pírötum ég vera of mjúk. Það var sagt um mig að ég ætti ekki séns í úlfagryfjunni. Ég væri of mjúk fyrir þetta erfiða umhverfi og hefði ekki nægilega mikla hörku,“ segir hún og lítur upp. „Mig langar til að sýna ungum konum að þær geti náð markmiðum sínum þrátt fyrir neikvæðnisraddir. Lykillinn er að trúa á sjálfa sig og gefast ekki upp þótt á móti blási.“

Þrátt fyrir mikinn metnað hefur hún þó lítinn áhuga á að verða borgarstjóri. „Ég treysti mér alveg í það, en ég er ekki týpan til að láta taka myndir af mér reglulega að klippa borða,“ segir Dóra Björt. „Ég vil vinna að verkefnum sem skipta máli. Ég vil halda áfram að auka gagnsæi, bæði innan kerfisins og líka þegar kemur að kjörnum fulltrúum.“

Dóra Björt segir að nú þegar hafi hún náð ýmsu í gegn. Þar á meðal að hafa hleypt minnihlutanum inn í forsætisnefnd og að birta laun kjörinna fulltrúa á vefnum. „Á síðasta fundi borgarstjórnar sem forseti lagði ég fram drög að nýjum hagsmunaskráningarreglum sem eru framsæknar og ganga enn lengra en nýjar reglur Alþingis og munu auka gagnsæi í kringum hagsmuni kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna til muna.“

Hennar markmið er að gera Reykjavík að grænni nútímaborg. „Ég lít á mig sem kyndilbera fólks sem hefur upplifað lífsgæðin við það að búa í þéttri og frjálslyndri borg þar sem þú þarft ekki að eiga bíl og hefur aðgang að nærþjónustu. Takturinn í lífinu breytist, heilsan batnar og það verða til svona núvitundaraugnablik í hversdagsleikanum sem þessi borgarumgjörð getur skapað.“

Dóra Björt hefur vakið nokkra athygli fyrir að lesa alltaf ljóð í lok fundar. Fékk hún innblástur frá forvera sínum, Elsu Yeoman, sem endaði fundi sína sem forseti á að bjóða góða nótt og segja: „Takk fyrir að velja Reykjavík.“ „Þetta var eins og hún væri að vinna fyrir flugfélag. Mér fannst það eitthvað svo krúttlegt og kúl að ég ákvað að búa til mína eigin hefð með því að lesa alltaf ljóð sem fanga stemningu og mál fundarins með einhverju móti. Ég hef því aldrei valið ljóðin fyrir fram heldur á fundinum sjálfum. Það hefur stundum verið skrifað um þetta í fjölmiðlum, sérstaklega vakti það lukku þegar ég las upp ljóðið „Sódóma“ eftir skáldahópinn Sálina hans Jóns míns.“

Hún gekk skrefinu lengra þegar hún fór með leikþátt í pontu. Lék hún atriði úr gamanþáttunum Litla Bretland til að sýna fram á mikilvægi þjónustustefnu Reykjavíkur. „Þjónustustefnan á að koma í veg fyrir svona hugarfar eins og kemur fram í „Computer says no“ leikþættinum úr Little Britain. Ég ákvað að bæta honum framan við ræðuna mína bara rétt fyrir fund og þýddi leikþáttinn á núll einni. Það var hin fínasta ákvörðun.“

Veturinn hefur verið með þeim stormasamari í borgarstjórn, minnihlutinn hefur verið með klærnar á lofti og reglulega falla stór orð, bæði í pontu og í fjölmiðlum. „Mín upplifun er sú að sumir fulltrúar minnihlutans deili ekki þeirri sýn með mér að gagnrýni þurfi að vera málefnaleg.“

Samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup frá því í mars minnkaði traust til borgarstjórnar Reykjavíkur milli ára, lækkaði hlutfall þeirra sem bera mikið traust til hennar um 8 prósentustig og fór úr 24 prósentum í 16 prósent. Er það minna traust en til Alþingis. „Niðurrif er af hinu slæma og þegar það gengur svo langt að það lamar kerfin og kemur í veg fyrir að góð mál komist til framkvæmda þá kemur það fyrst og fremst niður á borgarbúum,“ segir Dóra Björt. „Ef samskiptin eru svo eitruð að borgarstjórn fær á sig neikvætt yfirbragð þá grefur það líka undan trausti almennings á kjörnum fulltrúum og stjórnmálum yfirleitt. Þetta er lýðræðislegt vandamál.“

Meirihlutinn hefur virkað út á við sem mjög samheldinn hópur. „Sem hann er. Við erum sammála um svo margt, hvort sem það er borgarlína, flugvöllurinn eða skipulagsmál. Ég held að við séum róttækasta aflið sem er við stjórn á landinu þegar kemur að loftslagsmálum,“ segir Dóra Björt.

Það sést á henni að hún vill koma næstu orðum rétt frá sér. „Við sjáum um að framkvæma, það sem við erum ekki sammála um fer ekki til framkvæmda. Við höfum alveg rifist og erum augljóslega mjög ósammála um ýmislegt enda gjörólíkir flokkar. En við leysum það bara okkar á milli og meirihlutasamstarfið hefur aldrei verið í hættu.“

Bros Dóru Bjartar dofnar. „Ég ætla bara að vera hreinskilin og segja að þetta getur verið erfitt. Suma daga þrái ég ekkert frekar en að loka mig frá umheiminum. En ef þú mætir ekki í vinnuna og lætur ekki í þér heyra þá vantar þína rödd í herbergið. Kjósendur mínir treysta á að mín rödd heyrist í öllum þessum herbergjum á hverjum degi og það eru þeir sem koma mér á staðinn.

En þessi erfiðu augnablik hafa líka styrkt mig. Mér hefur tekist að takast betur á við ljótar athugasemdir sem hefðu sært mig fyrir ári og jafnvel látið mig efast um eigið ágæti,“ segir hún.

„En auðvitað er þetta vandasamt því þú vilt heldur ekki búa til skjöld og loka alla úti. Því er þetta jafnvægislist. Þú verður bara að muna athugasemdir hverra skipta máli. Þarna úti er fullt af fólki sem vill ekkert frekar en að þér mistakist og nýtur þess þegar þér verður á. En það er fullt af fólki sem hefur sömu hugsjón og þú og treystir á þig. Það er þetta fólk sem skiptir mig öllu máli. Það er þetta fólk sem ég hleyp aðeins hraðar fyrir á hverjum einasta degi.“

# ÁLFTAGERÐISBRÆÐUR

*kveðja stóra sviðið*



HLJÓMSVEIT OG STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN STEFÁNS R. GÍSLASONAR

MIÐGARÐUR SKAGAFIRÐI

24. OKTÓBER - UPPSELT

25. OKTÓBER - UPPSELT

ELDBORG HÖRPU

26. OKTÓBER - ÖRFÁ SÆTI LAUS

27. OKTÓBER - LAUS SÆTI

UNDANFARNA ÁRATUGI HAFA BRÆÐURNIR FRÁ ÁLFTAGERÐI GLATT LAND OG ÞJÓÐ MEÐ SÍNUM EINSTAKA ÞOKKA OG STÓRKOSTLEGUM SÖNG. ÞAÐ VERÐUR ENGINN SVIKINN AF ÞESSUM STÓRGLÆSILEGU TÓNLEIKUM ÞAR SEM BRÆÐURNIR KVEÐJA STÓRA SVIÐIÐ. EKKI MISSA AF ÞESSUM EINSTAKA VIÐBURÐI.

MIÐASALA Á TIX.IS

# Bikaróði Brassinn

Dani Alves lyfti sínum fertugasta titli um síðustu helgi þegar Brasilía vann Copa America. Hann er þar með fyrsti knattspyrnumaðurinn sem hefur unnið 40 titla á ferlinum.



Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

Ég ólst upp í fátækt. Hér er ég núna. Það er súrrealískt en hér stend ég," er lausleg þýðing á bæn sem Brasilíumaðurinn Dani Alves fer með fyrir hvern einasta leik. Brasilíski bakvörðurinn, sem er sigursælasti leikmaður allra tíma eftir að Brasilía vann Copa America, er fæddur 6. maí 1983 í Juazeiro. Þar bjó hann á bóndabæ og þurftu þrír bræður hans að aðstoða pabba sinn fyrir skóla. Sá sem væri duglegastur fengi að hjóla í skólann. Hinir þurftu að ganga. Alves hefur sagt að hann hafi unnið mikið til að fá að fara á hjólinu því skólinn væri langt frá fótboltavellinum og hann hefði þurft að hlaupa eftir skóla til að ná æfingum.

Bræður hans hafa látið hafa eftir sér að hann hafi æft sig að gefa eiginhandaráritanir því hann vissi að hann myndi slá í gegn sem fótboltamaður. Hann var vissulega efnilegur en hver hefur ekki heyrt um efnilegan Brassa. Hann byrjaði á kantinum og var fljótur en skoraði ekki mikið. Hann var því færður í bakvörðinn og er af flestum talinn einn besti bakvörður síðari tíma.

Þrátt fyrir kröpp kjör segir Alves að gleðin hafi verið við völd á heimilinu. Fjölskyldan hafi tekið sér frí á sunnudögum til að horfa á fótbolta í svarthvítu sjónvarpi með stálull vafða utan um loftnetið til að ná útsendingunni betur. Að sögn Alves var pabbi hans einnig liðtækur fótboltamaður en fékk ekki tækifæri til að sýna sig og sanna. Hann hafi ákveðið að synir hans myndu ekki missa af tækifærinu og einn daginn var komið að því að skutla drengnum á eldgömlum bíl til að sýna hvað Alves yngri gæti.

Það tókst og 13 ára var drengurinn farinn að heiman til að búa á heimavist ásamt 100 öðrum drengjum. Heimavistin minnti Alves á fangelsi að sögn hans sjálfs, en hann hafi þó fengið nýja skó og nýjan búning í kveðjugjöf frá pabba sínum. Þessu var stolið daginn eftir en Alves notaði það sem hvatningu og notar enn. Það var æft allan daginn en lítið var um næringu á milli og var Alves oft svangur. Hann saknaði fjölskyldu sinnar, var búinn að missa nýja búninginn sinn en ákvað að hann myndi ekki gefast upp. Hann var ekki bestur á heimavistinni en trúlega með mesta viljann. Hann ætlaði að gera föður sinn stoltan og ef hann yrði sendur heim þá gæti hann sagt stoltur að hann hefði allavega reynt.

Alves tókst ætlunarverkið og þótti nokkuð góður hægri bakvörður. Esporte Clube Bahia tók sénsinn á guttanum og árið 2001 vann liðið Campeonato Brasileiro Série A bikarinn. Alves lagði upp mark og fiskaði víti í 3:0 sigri. Eftir það var erfitt að halda honum utan byrjunarliðsins. Hann var kominn á bragðið að lyfta bikurum en í upptalningu á bikurunum 40 sem hann hefur unnið eru ekki taldir bikararnir sem hann lyfti með Bahia. Séu þeir taldir með eru bikararnir 43.

### Laug til um Sevilla

Spænska liðið Sevilla tók eftir Alves og fékk hann að láni til að byrja með. Hann var 18 ára og hefur sagt að það sé eina lygin sem hann hafi nokkru sinni sagt þegar hann sagðist vita hvar Sevilla væri. „Auðvitað þekki ég Sevilla. Ég elska Spán og borgina," sagði hann við umboðsmann sem kynnti honum áhuga félagsins.

Fyrsta árið hans hjá Sevilla var erfitt. Hann var yfirleitt utan liðsins og talaði ekki tungumálið. Hann vissi að HM 2003 væri handan við hornið fyrir yngra landslið Brasilíu og vildi komast í liðið. Hann hugsaði til föður síns og ákvað að læra tungumálið, eignast nokkra vini og eiga góðar minningar. Það gekk ágætlega en hann var engu að síður í liði sem varðist aftarlega á vellinum. Þjálfarinn bannaði honum að fara yfir miðlínu og nú þurfti guttinn að venjast varnarlífinu. „Ég spilaði nokkra leiki og horfði á línuna. Ég var hræddur við að fara yfir hana. Síðan í einum leik þá ákvað ég að láta bara vaða. Ég fór yfir línuna og sótti og sótti og sótti. Á portúgölsku kallast það „agora". Það virkaði sem betur fer og þjálfarinn kom til mín og sagði að nú mætti ég sækja. Á örkotsstundu breyttist félagið úr fallliði í að vinna Evrópudeildina tvisvar," rifjaði hann upp.

Brasilía vann HM ungmenna árið 2003 og Alves var valinn þriðji besti leikmaður keppninnar. Þeir unnu Spán í úrslitaleik þar sem Andrés Iniesta stjórnaði miðjunni. Alves var eini leikmaður Brasilíu sem lék utan heimalandsins. Með honum í liði var meðal annars miðjumaðurinn í Manchester City, Fernandinho, sem skoraði einmitt sigurmarkið í úrslitaleiknum. Sevilla keypti Alves í kjölfarið.

Alves var nokkuð fljótur að láta til sín taka og stórlið fóru að taka eftir honum. Í júní 2006 var Alves orðaður við Liverpool fyrir átta milljónir punda. Það þótti Rafa Benitez of mikið og því var hann ekki keyptur. Alves vildi fara til Liverpool en leið vel í Sevilla og skrifaði í kjölfarið undir nýjan samning. Félagið var nýbúið að niðurlægja Middlesbrough 4:0 í úrslitaleik Evrópudeildarinnar þar sem Alves var einn af mönnum leiksins. Ári síðar spilaði hann 47 leiki og skoraði fimm mörk þar sem Sevilla endurtók leikinn og vann Evrópudeildina. Chelsea bankaði á dyrnar og vildi kaupa hann. Þrátt fyrir mikil læti og fjölmiðlastríð milli Alves og þáverandi forseta Sevilla, José María del Nido, varð Alves um kyrrt. En aðeins eitt ár. Barcelona kom og sótti drenginn sem var orðinn að manni. Hann varð einn dýrasti varnarmaður í sögunni og þriðji dýrasti leikmaður Barcelona frá upphafi.

„Ég þurfti ekki að ljúga að þessu sinni. Ég vissi hvar Barcelona var," lét hann hafa eftir sér. Hjá Barcelona vann hann deildina sex sinnum, bikarinn fjórum sinnum, Meistaradeildina þrisvar og var Alves hluti af liði sem er talið vera eitt það besta í sögunni.

Hann var í Barcelona í átta ár og skellti sér til Juventus í eitt ár áður en hann fór til PSG í brasilísku byltinguna. Henni er nú lokið. Alves er frjáls ferða sinna og óvíst með framhaldið. Eitt er víst að hann er ekkert endilega hættur að lyfta bikurum enda orðinn því vanastur allra leikmanna.

## Dani Alves

**Fæddur:** 6. maí 1983
**Hæð:** 172 cm
**Félög:** Bahia, Sevilla, Barcelona, Juventus, PSG.
**Landsleikir:** 115
**Mörk:** 8

## Bikararnir

| | |
|---|---|
| **Sevilla** | **5** |
| Evrópudeildarbikar | 2 |
| UEFA Super Cup | 1 |
| Bikartitlar | 1 |
| Supercopa | 1 |
| **Barcelona** | **23** |
| La Liga | 6 |
| Bikartitlar | 4 |
| Supercopa | 4 |
| Meistaradeild | 3 |
| HM félagsliða | 3 |
| UEFA Super Cup | 3 |
| **Juventus** | **2** |
| Seria A | 1 |
| Coppa Italia | 1 |
| **PSG** | **6** |
| Ligue 1 | 2 |
| Bikartitlar | 2 |
| Deildabikar | 1 |
| Coupe de France | 1 |
| **Brasilía** | **4** |
| Copa America | 2 |
| Confederiation Cup | 2 |



Með stórfjölskyldu sinni eftir úrslitaleikinn í Copa America. Foreldrar hans eru við hlið hans.

## Grét með pabba sínum

„Pabbi er ekki mikill tilfinningamaður. Hann var yfirleitt heima í Brasilíu og ég vissi aldrei hvort ég hafði gert hann stoltan eða ekki. En 2015 kom hann til Berlínar að horfa á úrslitaleikinn í Meistaradeildinni. Eftir verðlaunaafhendinguna hélt Barcelona partí fyrir fjölskyldur leikmanna og aðra sem höfðu lagt sitt af mörkum til að láta þennan draum rætast. Þá sagði pabbi þegar ég rétti honum bikarinn: Sonur minn er orðinn að manni. Hann hágrét. Ég líka. Þetta var ein af mínum stóru stundum, ekki bara á ferlinum heldur í lífinu," sagði Alves.



## Messi á óreimuðum skóm

„Ég fékk að verða vitni að sannri snilli þegar ég æfði með Lionel Messi. Eitt sinn á æfingu var Messi í stuði. Æfingin var hörð, það voru engin vettlingatök en Messi fór fram hjá varnarmönnum eins og að drekka vatn og skoraði nánast að vild. Hann kom á mig og sólaði mig. Og svo aftur. Í þriðja sinn leit ég á skóna hans. Þeir voru óreimaðir. Hann kom á mig, fíflaði mig upp úr skónum og geystist fram hjá mér. Hann leið þarna um völlinn og sólaði marga af bestu varnarmönnum heims og skoraði fram hjá einum besta markverði heims með skóna óreimaða. Eins og þetta væri einhver sunnudagsbolti. Ég mun trúlega aldrei spila með hans líka aftur," sagði Alves eitt sinn.

## Sigursælustu leikmenn allra tíma

| | | |
|---|---|---|
| **1. Dani Alves** | Brasilía | 43 bikarar |
| **2. Hossam Hassan** | Egyptaland | 41 bikar |
| **3. Andrés Iniesta** | Spánn | 37 bikarar |
| **3. Maxwell** | Brasilía | 37 bikarar |
| **3. Ibrahim Hassan** | Egyptaland | 37 bikarar |
| **4. Oleksandr Shoovkovskly** | Úkraína | 36 bikarar |
| **4. Wael Gomaa** | Egyptaland | 36 bikarar |
| **5. Essam El-Hadary** | Egyptaland | 35 bikarar |
| **5. Vitor Bala** | Portúgal | 35 bikarar |
| **5. Ryan Giggs** | Wales | 35 bikarar |


NIVEA SUN
VERNDAÐU HÚÐINA
ELSKAÐU STRÖNDINA
100% Í SAMRÆMI VIÐ LÖG HAWAII UM KÓRALRIF
LAUST VIÐ
OCTINOXATE & OXYBENZONE
COMPLIANT WITH HAWAII REEF BILL
FREE OF
OCTINOXATE
OXYBENZONE
NIVEA SUN
protect &
moisture



Fyrsta ljósmyndin af „jarðarupprás“ á tunglinu. Geimfararnir smelltu af áður en tunglferjan lenti á yfirborði tunglsins þann 20. júlí 1969. MYND/NASA

# Hálf öld liðin frá fyrstu tunglgöngunni

**Fyrir fimmtíu árum steig Neil Armstrong á tunglið og mælti þessi ódauðlegu orð: „Þetta er eitt lítið skref fyrir mann, eitt risastökk fyrir mannkynið.“ Íslenskar fjölskyldur hlustuðu á Hjálmar Sveinsson og Pál Theódórsson lýsa tungllendingunni í Ríkisútvarpinu.**

**TÍMAMÓT** Í dag er hálf öld liðin frá því að Neil Armstrong steig eitt lítið skref á tunglið. Hátt í 530 milljónir manna um allan heim sátu við imbakassann og fylgdust með í beinni þegar mannkynið tók risastökk inn í framtíðina. Íslenskar fjölskyldur hjúfruðu sig saman og hlustuðu á Ríkisútvarpið. Það var björt sumarnótt.

Hjálmar Sveinsson verkfræðingur og Páll Theódórsson eðlisfræðingur lýstu og þýddu beina útsendingu frá því þegar ferjan Örninn með Armstrong og Aldrin innanborðs nálgaðist tunglið og lenti á Friðarhafinu.

Tunglferðin var draumur Kennedys Bandaríkjaforseta. Árið 1962 hélt hann ræðu frammi fyrir áhorfendum á Rice-leikvangnum í Texas þar sem hann mælti þau orð sem mörkuðu upphaf tunglferðanna: „Við veljum að fara til tunglsins á þessum áratug. Ekki vegna þess að það sé auðvelt, heldur vegna þess að það er erfitt.“

Kennedy fékk aldrei að sjá mann ganga á tunglinu. Nixon fékk þann heiður að hringja út í geim og ræða við Neil og Buzz símleiðis.

„Vegna verka ykkar eru himnarnir nú hluti af heimi manna,“ sagði hann og þakkaði þeim fyrir afrekið. Michael Collins fékk þó ekki símtal frá forsetanum en hann er þriðji maðurinn sem gleymist oft. Hann var um borð í geimferjunni Kólumbíu þegar Neil og Buzz lentu Erninum. Hann var maðurinn sem hvarf bak við tunglið og missti talstöðvarsamband við félaga sína og umheiminn allan í 48 mínútur rétt áður en Neil og Buzz áttu að lenda á tunglinu. Hann ritaði niður hugsanir sínar í minnisbók sína sem hann tók með sér út í geim: „Nú er ég sannarlega einsamall og algjörlega fjarri öllu þekktu lífi,“ skrifaði hann þegar samband rofnaði.

„Síðastliðna sex mánuði hef ég verið hræddur við að þurfa hugsanlega að skilja þá eftir á tunglinu og snúa aftur til jarðar aleinn. Eftir nokkrar mínútur kemst ég að því hvort svo verður.“

„Örninn er lentur,“ var það fyrsta sem heyrðist þegar talstöðvarsambandið náðist á ný.

Starfsmenn geimvísindastöðvarinnar í Houston lásu fréttir á hverjum morgni fyrir geimfarana á leið til tunglsins. Flestar fyrirsagnir snerust um þremenningana um borð í geimfarinu Apollo 11. Ef marka má eftirrit af öllum fjarskiptasamskiptum geimfaranna fannst þeim skemmtilegast að heyra íþróttafréttir. Fréttalesturinn fékk viðurnefnið The Bruce & Fred Show eftir starfsmönnunum sem lásu upp fréttirnar.

Það er eitthvað rómantískt við tungllendinguna. Ákveðin fortíðarþrá í ljósi mánaskinsins. Geimfarafjölskyldurnar voru hinar fullkomnu birtingarmyndir Ameríska draumsins með hvítum rimlagirðingum og allt.



Geimfararnir skildu eftir sig óafmáanleg spor á yfirborði tunglsins. MYND/NASA

Tungllendingin sameinaði allt mannkynið og var stórsigur fyrir Bandaríkjamenn sem áður höfðu beðið lægri hlut í geimkapphlaupinu við Rússa. Vísindamenn horfðu út á við á himinhvolfið en litu í þetta sinn til baka og sáu litlu bláu plánetuna.

En stríð braust út milli Hondúras og El Salvador á landi og í lofti sama dag og Bandaríkjamenn lögðu af stað til tunglsins. Víetnamstríðið var í algleymingi og Judy Garland var nýdáin eftir að hún tók of stóran skammt af svefnlyfjum. Meirihluti hjónabanda geimfaranna leystist upp á árunum sem liðu og geimfarar þjáðust af þunglyndi og alkóhólisma eftir að hafa skotist út í geim og til baka. Er hægt að snúa aftur til borgaralegs lífs eftir að hafa staðið á tunglinu?

Almenningur missti áhugann á tungllendingum og maðurinn hefur ekki farið aftur síðan 1972. Þegar leið á síðustu tunglferðina vildu sjónvarpsstöðvar frekar sýna íþróttaviðburði á besta dagskrártímanum.

En NASA stefnir á að senda fyrstu konuna til tunglsins árið 2024 og byggja þar geimstöð. Það er ódýrara og auðveldara að skjóta flaug frá tunglinu ef mannkynið vill hefja mannaðan leiðangur til Mars. Ég vona að af því verði áður en almenningur missir áhugann enn á ný.

ingunnlara@frettabladid.is

**„Nú er ég sannarlega einsamall og algjörlega fjarri öllu þekktu lífi.**

Michael Collins geimfari um borð í geimferjunni Kólumbíu þegar hann missti talstöðvarsamband við félaga sína og umheiminn allan í 48 mínútur.



**Ljósmynd sem Neil Armstrong tók af Buzz Aldrin.**

**Vegna verka ykkar eru himnarnir nú hluti af heimi manna.**

Richard Nixon Bandaríkjaforseti, 20. júlí 1969, þegar hann hringdi frá Hvíta húsinu til mánans og talaði við Neil Armstrong og Buzz Aldrin geimfara



**Nixon hringdi í geimfarana.** NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




Elsku besta eiginkona mín,
mamma, tengdamamma og amma,

**Guðlaug Erla Pétursdóttir**
**(Lauga á Símstöðinni)**
Fagurhólstúni 3, Grundarfirði,

lést á Landspítalanum 18. júlí. Útför hennar verður gerð frá Grundarfjarðarkirkju fimmtudaginn 25. júlí klukkan 13.00. Innilegt þakklæti til starfsfólks 11G á Landspítala fyrir umönnun, samfylgd og stuðning. Þau sem vilja minnast Laugu eru hvött til að sýna náttúruvernd í verki.

**Ólafur Guðmundsson**
**Brynhildur Ólafsdóttir** **Róbert Marshall**
**Þórhildur Ólafsdóttir** **Sveinn H. Guðmarsson**
**Þorgerður, Lára, Ólafur, Sigurþór og Eyvindur**



Ástkær sonur minn,
bróðir og barnabarn,

**Magnús Bragi Magnússon**

lést 12. júlí.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
26. júlí kl. 13.00.

**Erla Lóa Jónsdóttir**
**systkini og fjölskyldur þeirra**
**amma og afi**



Elskuleg systir okkar,

**Soffía Finnbogadóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ þann 25. júní sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ingunn Finnbogadóttir**
**Aðalheiður Finnbogadóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir, amma,

**Guðbjörg Vignisdóttir**
Lautarsmára 1, Kópavogi,
áður til heimilis á Akureyri
og Kópaskeri,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði mánudaginn 15. júlí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 26. júlí, kl. 15.00. Þeir sem vilja minnast Guðbjargar vinsamlegast láti Alzheimersamtökin njóta þess.

**Kristján Ármannsson**
**Sigrún Kristjánsdóttir** **Valdimar Hafsteinsson**
**Eva Kristjánsdóttir** **Anna Pála Kristjánsdóttir**
**Hafsteinn, Kristján, Guðbjörg, Árni og Kristján Freyr**





*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Klettaskóli, Suðurhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is




Yndislegi eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Aðalsteinn Finnur Örnólfsson**
vélfræðingur,
Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Gullsmára 7,

lést fimmtudaginn 27. júní sl.
Útför hans fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 23. júlí kl. 13.00.

**Elín Eiríksdóttir**
**Eiríkur S. Aðalsteinsson** **Ingibjörg Jónmundsdóttir**
**Aðalsteinn V. Aðalsteinsson** **Birna Kristbjörnsdóttir**
**Ragnar Aðalsteinsson** **Ingibjörg Jónsdóttir**
**Margrét Aðalsteinsdóttir** **Steinar Magnússon**
**Þorbjörg Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona, móðir,
amma og langamma,

**Stefanía Ragnheiður Pálsdóttir**
fjöllistakona,
Hrauntungu 6, Kópavogi,

lést sunnudaginn 14. júlí sl. á Hrafnistu Hafnarfirði. Útförin fer fram fimmtudaginn 25. júlí kl. 15.00 frá Digraneskirkju, Kópavogi. Innilegar þakkir til starfsfólks Hrafnistu Hafnarfirði á Bylgjuhrauni fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

**Sverrir Arnar Lúthersson**
**Jón Arnar Sverrisson** **Erla Sigurðardóttir**
**Sigurður Valur Sverrisson**
**Ragnar Sverrisson** **Oddný Guðnadóttir**
**Auður Freyja Sverrisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Leif Østerby Christensen**
rakari,

lést á Ljósheimum 16. júlí.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju
þriðjudaginn 23. júlí kl. 11.00.

**Svandís Jónsdóttir**
**Hermann Østerby** **Carolyn Østerby**
**Ævar Østerby** **Guðbjörg Friðriksdóttir**
**Sesselja Østerby** **Freyr Bragason**
**Haraldur Ingi Magnússon** **Guðfinna Rósantsdóttir**
**Helga Björg Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra,

**Hrafnhildur Tove Kjarval**
Tranum, Danmörku,

lést þriðjudaginn 8. júlí.
Útförin hefur farið fram.

**Robin Løkken**
**Unna Løkken** **Michael Sindberg Andersen**
**Tor Kjarval Løkken** **Anette Løkken Sørensen**
**Åsa Kjarval Løkken**
**Gerður Helgadóttir**
**Kolbrún S. Kjarval**
**Ingimundur S. Kjarval** **Temma Bell**
**María S. Kjarval** **Niels Erik Hald**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Róbert Jóhannes Sigurjónsson**
Austurvegi 5, Grindavík,

lést 27. júní síðastliðinn
á Landspítalanum. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigurbjörg K. Róbertsdóttir** **Aðalgeir Jóhannsson**
**Magnea G. Róbertsdóttir** **Elías J. Ingimarsson**
**Ingibjört Róbertsdóttir** **Atli Hermannsson**
**Sigríður Róbertsdóttir**
**Viktoría Róbertsdóttir** **Hreinn Halldórsson**
**Vilborg S. Róbertsdóttir** **Pétur Rafn Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 362

Þeim fannst gott að vera komin í sumarfrí en vissu ekki alveg hvað þau ættu af sér að gera. „Eigum við að spila?“ spurði Lísaloppa. Já, þau hin voru til í að spila en hvaða spil ættu þau að spila. „Einhverjar hugmyndir?“ spurði Kata. „Mér detta mörg spil í hug,“ sagði Lísaloppa.

„Til dæmis: HæGosi, Kani, Kleppari, Langavitleysa, Lauma, Manni, ÓlsenÓlsen, Póker, Rommí, SvartiPétur, Veiðimaður, Vist og Þjófur.“

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L | U | S | Y | Ó | N | O | J | Æ | I | K | J | H | S | Ó | Þ | Ð |
| T | U | Ý | H | Þ | I | Ú | P | N | R | S | O | Æ | H | P | A | Ð |
| E | P | T | Ó | J | P | V | A | J | S | U | Í | G | B | Y | I | Y |
| Æ | Á | X | Ó | Ó | H | K | B | E | R | V | Þ | O | H | O | H | A |
| I | L | V | T | F | Ú | D | J | U | H | N | T | S | T | V | H | R |
| G | P | A | Ó | U | Ö | T | Ð | Ð | N | A | Ð | I | L | É | E | J |
| Ý | K | Á | N | R | Y | A | Ö | E | L | A | U | M | A | K | H | R |
| H | K | Í | N | G | M | Á | S | N | I | X | K | Í | Ó | Ý | U | A |
| R | J | Ú | É | I | A | L | X | Y | R | Á | H | P | S | T | X | T |
| Ö | M | Í | Ð | K | Ó | V | D | P | U | K | Ð | B | É | M | Y | Ó |
| T | É | I | U | N | L | M | I | L | Í | Ö | N | P | N | Þ | Ý | V |
| M | E | D | E | É | R | E | S | T | Ð | X | I | B | S | A | R | U |
| V | F | S | L | I | O | A | P | P | L | T | É | K | G | É | K | Æ |
| K | L | V | Ð | J | M | T | É | P | R | E | X | M | A | N | N | I |
| Ó | Ý | I | Í | S | M | Y | X | A | A | S | Y | O | R | Ð | K | É |
| É | Ú | S | Í | É | Í | M | V | S | D | R | L | S | Ö | J | K | Æ |
| F | Y | T | B | F | Ý | S | Y | Ó | A | H | I | Þ | A | Ð | Æ | R |

Konráð glennti upp augun í forundran. „Heyrðu vinan,“ sagði Kata pirruð. „Þetta er nú of mikið af því góða vinan, þetta er 13 spil?“ Já, nú var úr vöndu að ráða, þetta voru svo margir möguleikar.

**Getur þú fundið þessi 13 spil í stafateningnum?**



## Lestrarhestur vikunnar: Trausti Magnússon

**Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar?** Mér finnst spennusögur, ævintýrasögur og fyndnar sögur skemmtilegastar.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Ég las Barist í Barcelona eftir Gunnar Helgason. Hún er um fótbolta.

**Hvaða bók ætlarðu að lesa næst?** Ég ætla að lesa Fjörfræðibók Sveppa eftir Sverri Þór Sverrisson.

**Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún?** Það yrði bók um lífið og hvað maður gerir í lífinu, t.d. um krakka og fótbolta þar sem krakkar lenda í alls konar ævintýrum og hafa gaman saman. Ég myndi líka hafa með neikvæða hluti svona eins og gerist líka hjá venjulegu fólki. Ég skrifa stundum sögur sjálfur.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Það voru margar bækur í Skemmtilegu smábarnabókaseríunni.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Ég fer frekar oft.



Hinn tíu ára Trausti Magnússon var ánægður með bókina Elstur í bekknum eftir Bergrúnu Írisi.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Það er fótbolti, svo læri ég á trompet, en er að hugsa um að hvíla hann og fara í körfubolta í staðinn. Ég var einu sinni í frjálsum, en þær tóku mjög mikinn tíma. Kannski fer ég aftur í frjálsar seinna.

**Í hvaða skóla ertu?** Langholtsskóla.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi og takið þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



„Það er fullt af hlutum sem maður getur ekki leyft sér en maður fær bara eitthvað annað í staðinn,“ segir Guðbjörg Jóna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fannst alltaf gaman að hreyfa mig

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir er ein sprettharðasta stúlka Íslands. Hún varð Evrópumeistari í 100 metra hlaupi undir 18 ára fyrir ári, fékk gull í sömu vegalengd á Smáþjóðaleikum fyrr á þessu ári, varð Íslandsmeistari í 200 m hlaupi um síðustu helgi og er að keppa í úrslitum á Evrópumóti í Borås í Svíþjóð í dag. En hún svaraði nokkrum spurningum fyrir krakkasíðuna áður en hún fór.

> ÉG PRÓFAÐI EIGINLEGA ALLAR BOLTAÍÞRÓTTIR OG SVO SNERI ÉG MÉR AÐ FRJÁLSUM ÍÞRÓTTUM ÞEGAR ÉG VAR SVONA TÍU ÁRA.

**Hvernig verður fólk svona frískt og duglegt að hlaupa eins og þú?** Bara með því að borða vel, sofa nóg og æfa mikið.

**Hefurðu alltaf verið hlaupastelpa?** Já, ég var það strax sem krakki. Mér fannst alltaf gaman að hreyfa mig og þegar manni þykir eitthvað gaman þá heldur maður því áfram.

**Varstu mikið í útileikjum þegar þú varst barn?** Já, ég var frekar oft að leika úti. Svo fór ég á æfingar.

**Hvers konar æfingar?** Ég prófaði eiginlega allar boltaíþróttir og svo sneri ég mér að frjálsum íþróttum þegar ég var svona tíu ára.

**Með hvaða félagi?** Með Fylki. Ég prófaði líka handbolta með Fylki en nú er ég í ÍR.

**Ertu bara í spretthlaupum, eða hefurðu reynt langhlaup líka?** Ég er bara í spretthlaupum.

**Þarftu ekki að vera voða ströng við þig?** Jú, það er fullt af hlutum sem maður getur ekki leyft sér en maður fær bara eitthvað annað í staðinn.

**Áttu eldri systkini sem þú hefur sem fyrirmyndir eða eru foreldrar þínir hlaupafólk?** Ég á einn eldri bróður og hann er ekkert í íþróttum og svo á ég yngri systkini og sting þau léttilega af!

**Hvað farið þið mörg á Evrópumótið í Svíþjóð?** Við erum fjögur sem keppum í Borås.

**Áttu góða vini í þeim hópi?** Já, þetta er eiginlega bara eins og fjölskylda mín.

**Hvaða greinum ætlar þú að keppa í?** Ég verð bara í 200 metra hlaupum.

**Hefurðu oft farið áður til útlanda að keppa?** Já, frekar oft.

**Svo ertu jólastelpa, fædd 24. desember. Vekur það athygli þegar fólk skoðar passann þinn á flugvöllum?** Sumir hafa orð á því en aðrir spá ekkert í það.


COMBO-TILBOÐ
PANINI OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
TORTILLA OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
PIZZA OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
PYLSA OG GOS*
549 KR
FULLT VERÐ: 748 KR
2 PYLSUR OG GOS*
649 KR
FULLT VERÐ: 1.097 KR
CROISSANT MEÐ ÁLEGGI OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
KLEINU-HRINGUR OG KÓKÓMJÓLK
399 KR
FULLT VERÐ: 628 KR
SNÚÐUR OG KÓKÓMJÓLK
399 KR
FULLT VERÐ: 628 KR
BEYGLA OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
KAFFI OG KLEINA
299 KR
FULLT VERÐ: 548 KR
SÓMA LANGLOKA OG GOS*
799 KR
FULLT VERÐ: 1.198 KR
SÓMA SAMLOKA OG GOS*
699 KR
FULLT VERÐ: 998 KR
netgíró
Kvikk
ON THE GO
*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| Staður | Hiti | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 17 °C | 1 ↘ |
| Ísafjörður | 8 °C | 6 ↙ |
| Akureyri | 12 °C | 2 ↘ |
| Egilsstaðir | 9 °C | 5 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 14 °C | 3 ↗ |
| Hveravellir | 10 °C | 7 ↙ |

Norðaustan 5-13 m/s. Súld eða rigning með köflum norðan- og austanlands, en skýjað með köflum og þurrt að mestu sunnan- og vestanlands. Heldur hægari vindur. Áfram súld eða dálítil rigning fyrir austan, en skúrir í öðrum landshlutum, einkum síðdegis, en að mestu þurrt norðvestanlands. Hiti 12 til 20 stig, en 8 til 13 stig norðan- og austan til.

| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík  | 15 °C 3 ↘ | 15 °C 2 ↘ | 16 °C 2 ↙ | 16 °C 1 ↙ | 16 °C 1 ↑ |
| Ísafjörður  | 10 °C 4 ← | 12 °C 3 ↖ | 10 °C 5 ← | 9 °C 3 ↙ | 9 °C 1 ↙ |
| Akureyri  | 13 °C 1 ↖ | 10 °C 2 ↙ | 10 °C 2 ↙ | 11 °C 1 ↙ | 12 °C 1 ↙ |
| Egilsstaðir  | 11 °C 3 ↓ | 8 °C 2 ↙ | 12 °C 1 ↓ | 13 °C 1 ↙ | 12 °C 1 ↘ |
| Kirkjubæjarklaustur  | 12 °C 5 ↖ | 13 °C 2 ↑ | 12 °C 5 ← | 12 °C 3 → | 16 °C 2 ↑ |
| Hveravellir  | 12 °C 5 ↙ | 12 °C 4 ↓ | 12 °C 2 ↖ | 11 °C 5 ↓ | 12 °C 3 ↑ |







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**GÓÐVIÐRISDAGUR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| M | A | T | V | Æ | L | I | ■ | S | ■ | H | ■ | Ú | ■ | Á | L | F | H | Ó | L |
| O | ■ | Ó | ■ | Ð | ■ | L | ■ | K | R | Ó | A | T | A | R | ■ | A | ■ | V | ■ |
| K | Ó | N | G | A | B | L | Á | I | ■ | F | ■ | I | ■ | G | U | L | L | I | Ð |
| K | ■ | L | ■ | S | ■ | I | ■ | P | Á | F | U | G | L | A | ■ | A | ■ | T | ■ |
| A | L | I | N | L | Ö | N | G | U | ■ | Í | ■ | R | ■ | N | E | F | N | I | R |
| S | ■ | S | ■ | Ö | ■ | D | ■ | L | Y | F | T | I | N | G | ■ | E | ■ | N | ■ |
| Í | S | T | U | N | G | U | N | A | ■ | L | ■ | L | ■ | A | M | L | I | N | U |
| U | ■ | A | ■ | G | ■ | N | ■ | G | R | A | L | L | A | R | A | ■ | L | ■ | ■ |
| M | Ö | R | K | U | N | U | M | ■ | Ú | ■ | Ý | ■ | N | ■ | N | Á | L | A | R |
| ■ | L | ■ | Ö | ■ | Á | M | U | N | N | A | R | ■ | D | Y | N | ■ | H | ■ | Ó |
| Í | D | Ý | F | U | M | ■ | N | ■ | A | ■ | Í | ■ | L | ■ | V | E | R | S | T |
| ■ | U | ■ | N | ■ | S | ■ | N | Á | M | S | K | E | I | Ð | A | ■ | I | ■ | U |
| E | N | D | U | R | L | I | T | ■ | Á | ■ | I | ■ | T | ■ | L | O | F | I | Ð |
| ■ | G | ■ | N | ■ | E | ■ | A | F | L | Ö | N | G | U | M | ■ | ■ | I | ■ | U |
| V | A | R | A | L | Y | K | L | A | ■ | X | ■ | A | M | A | S | Ó | N | U | M |
| ■ | R | ■ | R | ■ | F | ■ | ■ | R | A | U | S | T | ■ | S | ■ | Þ | ■ | M | ■ |
| H | Á | M | E | R | I | N | N | I | ■ | L | ■ | A | ■ | K | ■ | A | ■ | B | ■ |
| ■ | Ð | ■ | F | ■ | ■ | A | ■ | N | ■ | G | E | S | T | A | Þ | R | A | U | T |
| M | I | N | N | I | N | G | A | N | N | A | ■ | K | ■ | R | ■ | F | ■ | N | ■ |
| ■ | Ð | ■ | I | ■ | ■ | I | ■ | I | ■ | T | ■ | Ó | L | A | G | A | Ð | A | N |

**LAUSNARORÐ:** EEf bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist flagarabragur úr fjallasal. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 26. júlí á krossgata@ frettabladid.is merkt „20. júlí“.




FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Kastaníumaðurinn** eftir **Søren Sveistrup** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hanna S. Antoníusdóttir, 105 Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**
**1** Stálnæturskáldið stefja kann/stökupart á augabragði (12)
**10** Blökk er höm á himnavargi (8)
**11** Leyfið mér að segja yður frá Gósenlandi (11)
**12** Hér er vísað til kýla guðsvolaðs guðsmanns (10)
**13** Ósviknar duga best þá geta þarf heimilda í lögum (11)
**14** Tekst þeim sem forsjálli er að sýna meiri tillitssemi? (10)
**15** Þjóta uppfyrir plássið þegar leikurinn er búinn (11)
**16** Í fyrsta lagi soldið súr þótt fögur sé, þessi franska Rívíera (10)
**17** Addi lagar veiði fuglapolls (10)
**23** Ómissandi dulargervi djúpsjávarkönnuðar (11)
**28** Dróst þú saman draum þinn um að þessir textar yrðu aldrei settir á blað? (10)
**29** Þessi festist vel, enda allt bundið við hana (11)
**31** Tel leiðindi ómenningar einkenna dónalega menn (8)
**32** Vinna þeir hæfustu alltaf í umhverfiskosningunum? (13)
**34** Tilnefna Ægi í flokk hinna betur siglandi fleyja (8)
**36** Vísan um arfinn er vísa um mann með litningafrávik (9)
**38** Hvika ekki frá knýjandi langan sinni eftir hinu guðdómlega (9)
**39** Blésum út með bolum (4)
**40** Lofar þessa jarðvist fyrir sprækar sprundir (9)
**43** Sá er enga hefur skoðunina er engu betri en sá ógildi (9)
**44** Yrkir um iðagræna velli (9)

**LÓÐRÉTT**
**1** Rannsaka vettvang til að komast að hinu sanna (9)
**2** Tafarleysið kenni ég við þorparann (9)
**3** Smá bið fyrir frjálsar og frakkar (9)
**4** Ekkert starf – en nýtt upphaf (9)
**5** Gaur að utan er mættur í hús (9)
**6** Um heljartök vinnu minnar vegna búsmalans (8)
**7** Er kast nytjafugla áhyggjuefni? (10)
**8** Höfundar forlagsbóka eru færðir útlendingum að gjöf (8)
**9** Sá hafnaboltamanninum bregða fyrir í ljósinu (10)
**10** Hér sé ég sætan svæfil og ætan (9)
**18** Er þetta ofurstirnið Lady Gaga eða Pollux? (12)
**19** Harðstjórinn Þorvaldur er stundum kallaður þetta (12)
**20** Ég barði þvottinn – helduðu að það lokki til mín konur? (7)
**21** Sakna sumra venja frá tíma varnarliðsmanna (7)
**22** Fegrar þú sannleikann? (8)
**24** Með örlitlum breytingum gerum við prúðbúin hjón enn glæsilegri (9)
**25** Tel rakann ekkert hafa með uppistöðubandið að gera (7)
**26** Hér sé ég marga magra vesalinga (5)
**27** Fáum við sögur um Feneyinga í ræðu þinni? (5)
**30** Strengjabragur tengir síma og griplu (8)
**33** Bækur um Sigurlínu Rúllugardínu þurfa engar skýringarmyndir (7)
**35** Leikum á þau með lögum af þeim (6)
**36** Frá er minn flokkur og farið allt þrek (5)
**37** Hóa skal í herra hátt (5)
**41** Ókátur er ég með æði þetta (3)
**42** Internetið rak kjaftastofu, skammstafaða að vísu (3)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 9 | | 5 | 1 | 2 | | | 6 | 7 |
| | | 7 | | 5 | | 2 | | |
| 2 | | 8 | | | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | | 9 | | | | | | 5 |
| | 1 | | | | | 9 | 8 | |
| 4 | | | | 3 | 8 | | | |
| | 9 | | 7 | | | | | |
| | 8 | 1 | | | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | | 2 | | |
| 4 | | 6 | 8 | | | | | 9 |
| | 3 | 7 | | | | | 6 | |
| | | 8 | | | 1 | 6 | | |
| 3 | | 9 | | | 4 | | 7 | |
| 7 | 2 | | | 6 | | | | 5 |
| | 8 | | | | 2 | | | 4 |
| 9 | 7 | 4 | | | 8 | | | |
| | | | | | 9 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 6 | | |
| | 4 | | | | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 7 | | 9 |
| | 5 | | 3 | | | | | |
| | | | 8 | | 2 | | | |
| | | | | 6 | 1 | | | |
| | 6 | | | 2 | | 3 | 5 | 7 |
| | | 4 | | | | | | |
| 3 | 9 | | | | | | | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 1 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 7 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 6 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 1 | 8 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 9 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 7 |
| 7 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 4 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
